






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

15. ágúst 2009 — 192. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**VIÐTAL** 26



Vonar að Ísland fari ekki inn í ESB

**KVIKMYNDIR** 30

Stelpurnar okkar fá glimrandi viðtökur

**LÍFIÐ** 24



Fimmtán ára afmæli GSM-símans á Íslandi

**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**







**ORT Í SANDINN** Rauðasandur í Vestur-Barðastrandarsýslu dregur nafn sitt af rauðgulum skeljasandi meðfram allri ströndinni. Lítið fór fyrir roðanum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið um svæðið, en fegurðin er ósvikin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Samstaða um Icesave strandar á Framsókn

**Fundað var langt fram eftir kvöldi til að ná þverpólítískri sátt um Icesave-frumvarpið. Fulltrúar stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Borgarahreyfingar hafa náð sameiginlegri niðurstöðu um samninginn í grófum dráttum.**

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Borgarahreyfingar munu hafa náð sameiginlegri niðurstöðu í grófum dráttum um frumvarp um ríkisábyrgð á innistæðum Icesave-reikninga Landsbankans.

Samkvæmt heimildum blaðsins var seint í gærkvöldi reynt til hins ítrasta að fá fulltrúa Framsóknar til að samþykkja fyrirvarana svo hægt yrði að ganga frá lokaútgáfu frumvarpstextans.

Líkur bentu til að fulltrúar Framsóknar myndu samþykkja fyrirvarana áður en málið yrði afgreitt úr nefnd. Er þó talið að ekki náist samkomulag um þá fyrr en í dag vegna þess að ekki hafði verið boðað til þingflokksfunda. Á nefndarsviði Alþingis voru þingmenn að funda í öllum herbergjum, þvert á flokkslínur, langt fram eftir kvöldi.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði þó í gærkvöldi að of snemmt væri að segja til um hvort sátt hefði náðst.

Framsókn boðaði til þingflokksfundar um miðjan dag í gær og mun meginefni fundarins hafa verið áhyggjur þingflokksmeðlima af því að flokkurinn myndi einangrast í afstöðu sinni til Icesave-samningsins. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, nýtur ekki stuðnings alls flokksins í sinni eindregnu afstöðu gegn samningnum.

Þegar blaðið fór í prentun lágu ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um eðli fyrirvaranna sem rata áttu í lokaútgáfu frumvarpstextans. Þó er víst að lending náðist um það hversu hátt hlutfall af landsframleiðslu ætti að greiða í Icesave á ári.

Leki um fyrirvarana á netið í gær var ræddur á fundi fjárlaganefndar. Fulltrúar allra flokka báru þann leka af sér. - vsp, kg, kóp

Íslenskt Wipeout á leiðinni:

## Fljúga 120 til Argentínu

**FÓLK** Stöð 2 hefur náð samningum við rétthafa sjónvarpsþáttanna vinsælu Wipeout um gerð íslenskrar útgáfu þáttanna. Þættirnir verða teknir upp í Argentínu í október og verður flogið með 120 þátttakendur þangað. Sýningar hefjast eftir áramót. - jbg / sjá síðu 62










## SPURNING DAGSINS



*Jói, eru svona hreindýr ekki rándýr?*

„Hreindýr eru ekki rándýr, en Garðar – hann var fokdýr."

Hausinn af hreindýrinu Garðari prýðir vegg í nýju bakaríi sjónvarpskokksins Jóa Fel við Litlatún.

Skólasetning í nýjum grunnskóla tefst vegna olíu:

# Drekasvæði í Öskjuhlíð

**MENNTUN** Olíumengun í jarðvegi mun tefja setningu nýs grunnskóla Hjallastefnunnar í Öskjuhlíð, segir Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Mengunin kom nokkuð á óvart þegar hún fannst, en hún er talin hafa komið frá hersetuliði Breta í seinni heimstyrjöldinni. Unnið var að því með mengunarvörnum borgarinnar og heilbrigðisyfirvöldum að skipta um jarðveg á svæðinu.

„Starfsmenn borgarinnar hlógu mikið að þessu, og kölluðu svæðið Drekasvæðið um tíma," segir Margrét Pála. Vonir standa til þess að olía finnist undir hafsbotninum á svokölluðu Drekasvæði, langt norðaustur af landinu.

„Það er bara skemmtilegt að moka burtu gömlum herminjum og setja í staðinn barnaskóla," segir Margrét Pála. Setja átti skólann hinn 24. ágúst, en skólasetningu seinkar til 4. september. Samið hefur verið við íþróttafélagið Val um afnot af aðstöðu fyrir nemendur þá daga sem beðið er eftir því að skólabyggingin verði tilbúin.

Skólabyggingin, sem er um 650 fermetrar, hefur þegar verið sett saman og innréttuð á Selfossi, og verður hún flutt á grunninn í sjö hlutum um næstu helgi, segir Margrét Pála. **- bj**



**STEYPT** Sökklar undir skólabygginguna voru steyptir í gær, en byggingin sjálf er tilbúin og verður flutt á grunninn um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VALGERÐUR VALGEIRSDÓTTIR** Vonast til að sem flestir taki að sér kettling í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ættleiðingardagur Dýrahjálpar:

# Tíðin allt önnur hjá köttum

**FÓLK** „Við erum með yfir fjörutíu ketti, allt frá kettlingum til stálpaðra katta sem eru að leita að framtíðarheimili," segir Valgerður Valgeirsdóttir hjá Dýrahjálp Íslands en í dag verður ættleiðingardagur tileinkaður köttum í Garðheimum.

Síðastliðið vor stóð Dýrahjálp Íslands fyrir ættleiðingardögum gæludýra og var þar um alls kyns dýr að ræða. Nú er dagurinn hins vegar helgaður köttum.

„Við finnum að tíðin er allt önnur í dag en var. Nú verða þarna til að mynda kettlingar sem ekki hefur gengið að útvega heimili, en það er sjaldgæft að erfitt sé að koma ungviðinu út," segir Ásbjörg Una Björnsdóttir hjá Dýrahjálp Íslands. **- jma / sjá Allt í miðju blaðsins**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Lögregla stöðvaði ræktun

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði í gær ræktun á 65 kannabisplöntum í heimahúsi í miðborginni. Í tilkynningu frá lögreglunni kemur fram að karlmaður á þrítugsaldri hafi verið handtekinn og hann verði yfirheyrður vegna málsins.

## HESTAÍÞRÓTTIR

### Biðst afsökunar á agabroti

Þórður Þorgeirsson, sem rekinn var úr íslenska landsliðinu í hestaíþróttum í vikunni, hefur sent frá sér opinbera afsökunarbeiðni. Þórður var rekinn úr íslenska landsliðinu vegna agabrota.

# Svíður að stjórnvöld styðji ekki lögreglu

**Lögreglumenn láta óánægju í ljós með úrsögn úr óeirðahópi. Kreistum ekki pott úr pelaflösku segir lögreglustjóri. Óvíst hvorum megin línunnar lögreglumenn standa komi til nýrrar búsáhaldabyltingar segir Landssamband lögreglumanna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Kostirnir í stöðunni eru fáir, og enginn góður. Við teljum að við höfum valið þann besta, því að öðrum kosti hefðum við þurft að mæta niðurskurðarkröfu með beinum uppsögnum," segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Lögreglumenn eru ósáttir við breytingar á vaktakerfi og nýtt skipulag lögreglu á höfuðborgarsvæðinu. Í opnu bréfi Bylgju Hrannar Baldursdóttur lögreglukonu til lögreglustjóra, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær, gagnrýnir hún þessar breytingar.

Í skriflegu svari lögreglustjóra segir að hann geri sér vel grein fyrir því að margir séu óánægðir, en eftir vandlega yfirlegu sé það skoðun sín að fleiri kostir séu en gallar við breytt skipulag.

„Staðan innan lögreglunnar er ekki góð nú þegar við stöndum í miklum niðurskurði," segir Stefán í samtali við Fréttablaðið. „Við getum ekki með nokkru móti kreist pott úr pelaflösku."

Fjöldi lögreglumanna hefur sagt sig úr svokölluðum mannfjöldastjórnunarhópi, óeirðasveit lögreglu. Verkefni tengd hópnum voru valkvæð fyrir lögreglumenn, og vilja þeir meðal annars mótmæla ástandinu með því að hætta þátttöku, segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna (LL).

Stefán hafði í gær ekki fengið upplýsingar um óeirðasveitina, en sagði að kæmi í ljós að lögreglan gæti ekki sinnt verkefnum sínum yrði að meta stöðuna.



**ÁLAG** Mikið mæddi á lögreglumönnum í búsáhaldabyltingunni. Nú hefur talsverður fjöldi lögreglumanna hætt þátttöku í óeirðasveit lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögreglumenn eru stétt fagmanna sem leggur metnað í sína vinnu, og mönnum svíður að stjórnvöld styðji ekki við lögregluna, segir Snorri.

Í ályktun sem samþykkt var á fundi stjórnar LL og formanna svæðisdeilda landssambandsins á fimmtudag segir að sú staða hafi lengi verið að fækkað hafi í lögreglunni vegna ónógra fjárveitinga. Boðaður niðurskurður í lögreglunni í ár og á næsta ári muni augljóslega koma niður á þjónustustigi lögreglu um allt land, nái hann fram að ganga.

Snorri segir lögreglumenn vel meðvitaða um reiðina í samfélaginu, betur en marga aðra þar sem þeir hafi tekið við reiði fólksins í búsáhaldabyltingunni. Þeir standi í nákvæmlega sömu sporum og almenningur, með skuldir og fjárhagsvanda eins og aðrir.

„Lögreglumenn velta því nú alvarlega fyrir sér [...] hvorum megin línunnar þeir muni standa komi til annarrar „búsáhaldabyltingar" í haust eða vetur," segir í ályktun stjórnar LL.

Með þessu eru lögreglumenn ekki að hóta að hlýða ekki fyrirmælum, enda geta lögreglumenn ekki neitað að sinna þessum verkefnum, segir Snorri. En menn velti því fyrir sér hvers vegna þeir ættu að taka við slíkum svívirðingum aftur, myndist svipað ástand á ný.

Ekki náðist í Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra í gær.

**brjann@frettabladid.is**



**ARCTIC SEA** Ekkert spurðist til þess í sautján daga. NORDICPHOTOS/AFP

Týnda skipið Arctic Sea:

# Sást við Grænhöfðaeyjar

**FRAKKLAND, AP Rússneska flutningaskipið Arctic Sea fannst á siglingu við Grænhöfðaeyjar í gær. Ekkert hafði til þess spurst síðan það sigldi um Ermarsund hinn 28. júlí síðastliðinn.**

**Strandgæslan á Grænhöfðaeyjum staðfesti í gær að þarna væri sama skipið á ferð.**

**Skipið var á leiðinni frá Finnlandi með timburfarm til Alsír þegar það hvarf. Grunur vaknaði um að sjóræningjar hefðu tekið það traustataki, en sú skýring þótti mörgum ótrúverðug. - gb**

Orkuveita Reykjavíkur:

# Gengur til viðræðna við Magma Energy

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) ákvað í gær að ganga til viðræðna við Magma Energy um kaup þess á hlut OR í HS Orku. Þetta kemur fram í tilkynningu frá OR.

Þar kemur fram að eignarhlutinn hafi verið í opinberu söluferli frá því í vor. Magma Energy eignaðist nýverið ellefu prósenta hlut í HS Orku.

Samhliða viðræðum við Magma mun Orkuveitan leitast við að ná samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ um sölu á hlut bæjarins í HS Orku. **- kg**


## ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

**auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum 2009 vegna ársins 2010.**

Þjóðhátíðarsjóður minnir á að frestur til að senda umsóknir um styrki 2009 vegna ársins 2010 **er til og með 31. ágúst n.k.**

Nánari upplýsingar eru veittar í símum 569 9628 og 569 9781 eða á netfanginu: thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is.

Að öðru leyti er vísað í ítarlegri auglýsingar sem birtust í stærstu dagblöðunum 27. og 28. júní sl., og finna má einnig á vefslóðinni http://www.sedlabanki.is/?PageID=28.

**Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs**


Tveir bandarískir bræður heiðra minningu hermanna og setja heimsmet:

# Yfir Atlantshafið á opnum báti

**ÚTIVIST** Bandarísku bræðurnir Ralph og Robert Brown komu til hafnar í Reykjavík í gærdag. Þeir eru á leið sinni yfir Atlantshafið á litlum og opnum báti, og ætla að freista þess að komast í Heimsmetabók Guinness fyrir afrek sitt.

Aðalmarkmið ferðarinnar er þó að safna peningum fyrir særða hermenn frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada. Ralph var í bandaríska hernum fyrir tæpum þrjátíu árum og var í herdeild sem átti að senda til að freista þess að frelsa bandaríska gísla í Íran. Önnur herdeild var á endanum send og þrír hermenn létu lífið. Þá lofaði Ralph því að heiðra minningu hinna föllnu hermanna.

Bræðurnir hófu ferð sína í Tampa í Flórída hinn 27. júní. Þaðan fóru þeir upp með austurströnd Bandaríkjanna og til Kanada. Þeir komu svo til Nuuk í Grænlandi hinn 30. júlí og fóru svo frá Tasilaq hinn 5. ágúst. Í gær komu þeir svo sem fyrr segir til Reykjavíkur og fara þaðan til Víkur. Frá Vík liggur leið þeirra svo til Færeyja, Englands, Frakklands og ferðinni lýkur svo í Frankfurt í Þýskalandi. **- þeb**




**Í REYKJAVÍKURHÖFN** Bræðurnir við komuna til Reykjavíkur í gær. Þeir sigla frá Íslandi til Færeyja á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# útsala

## gerðu góð kaup

**ÚTSALA -30% ÚTSALA -50% ÚTSALA -70%**

## ÚTSALA Á VIÐARVÖRN OG MÁLNINGU

**LANG MEST SELDA pallaolía á Íslandi er komin aftur Jotun Treolje 3 ltr.**

**1.999**




**5.995**

**ÚTIMÁLNING Á HÚSIÐ 10 ltr.**




**40% AFSLÁTTUR Gori 44+ gegnsæ viðarvörn**




**GÓLFFLÍSAR, BÍLSKÚRSFLÍSAR, VEGGFLÍSAR**



**10-70% AFSLÁTTUR Allar flísar**

**30% AFSLÁTTUR Öll ljós**





**15-50% AFSLÁTTUR Af öllum hreinlætis-tækjum**

## Aðeins brot af úrvalinu

**einnig ótrúlegt verð á**
vinnufatnaði, útivistarfatnaði, gasgrillum, heimilistækjum, smáraftækjum, parketi, verkfæratöskum, áltröppum, málningu, sumarvörum og mörgu fleiru!

**15-25% AFSLÁTTUR verkfæri og garðverkfæri**




**Við berjum niður verðið!**

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 14.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,89 | 126,49 |
| Sterlingspund | 208,17 | 209,19 |
| Evra | 179,63 | 180,63 |
| Dönsk króna | 24,125 | 24,267 |
| Norsk króna | 20,819 | 20,941 |
| Sænsk króna | 17,645 | 17,749 |
| Japanskt jen | 1,3241 | 1,3319 |
| SDR | 196,30 | 197,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,4663

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þekktur brasilískur glæpamaður afplánar dóm hér á landi:

# Handtekinn með falskt vegabréf

**LÖGREGLUMÁL** Brasilíski lýtalæknirinn Hosmany Ramos, sem handtekinn var á Keflavíkurflugvelli með falskt vegabréf hinn 9. ágúst, afplánar nú þrjátíu daga fangelsisdóm hér á landi fyrir þær sakir. Ramos er eftirlýstur í Brasilíu, en hann fékk heimfararleyfi úr fangelsi yfir jólahátíðina síðustu og hefur ekki snúið aftur. Þegar Ramos var handtekinn var hann að koma frá Ósló og ætlaði því næst til Kanada.


HOSMANY RAMOS

Hosmany er einn þekktasti glæpamaður Brasilíu og hefur meðal annars verið dæmdur fyrir morð, mannrán, flugvélaþjófnað og bifreiðasmygl. Fyrir brot sín hefur hann hlotið yfir fimmtíu ára fangelsisdóm. Að sögn lögreglu á Suðurnesjum var maðurinn handtekinn á sunnudag þegar hann var að koma frá Ósló og var á leið til Kanada.

Fréttastofa Vísis.is hefur eftir Smára Sigurðssyni hjá Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra að manninum verði að öllum líkindum vísað úr landi eftir afplánunina og líkur séu á því að hann verði sendur til Brasilíu. Hosmany Ramos er fæddur árið 1947. Hann var einn virtasti læknirinn á sínu sviði í Rio de Janeiro á áttunda áratugnum og var áberandi í skemmtanalífinu. Honum hefur tvisvar sinnum tekist að sleppa úr fangelsi frá því hann var dæmdur árið 1981. - kg


**LEIFSSTÖÐ** Ramos var handtekinn í Leifsstöð 9. ágúst síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjármálaráðuneytið:

# Fjármögnun banka tryggð

**EFNAHAGSMÁL Fjármögnun Íslandsbanka og Nýja Kaupþings af hálfu ríkisstjórnar Íslands hefur verið tryggð, eftir því sem kemur fram í tilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.**

**Í tilkynningunni segir að fjármögnunin hafi verið samþykkt á hluthafafundum í gær. Hún sé í samræmi við fyrirætlanir sem greint hafi verið frá hinn 20. júlí síðastliðinn og uppgjörssamninga ríkistjórnarinnar við skilanefndir Glitnis og Kaupþings, sem nú er lögð lokahönd á.**

**Eigið fé Íslandsbanka verði 65 milljarðar króna og Nýja Kaupþings 72 milljarðar króna.** - kg


**HAMID KARZAI** Forseti Afganistans er líklegur til að halda áfram í embætti sínu.

Forsetakosningar í Afganistan:

# Hamid Karzai með yfirburði

**KABÚL, AP Hamid Karzai, forseti Afganistans, hefur yfirburði á aðra frambjóðendur í komandi forsetakosningum í landinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem var gerð í síðasta mánuði. Ætluðu 44 prósent aðspurðra að kjósa Karzai í kosningunum sem fara fram á fimmtudaginn. Það eru þrettán prósentustigum fleiri en í síðustu könnun sem var framkvæmd í maí. Helsti andstæðingur Karzais í kosningunum, Abdullah Abdullah, fékk stuðning 26 prósenta aðspurðra í könnuninni. Í þeirri síðustu studdu hann aðeins sjö prósent og því hefur fylgi hans aukist til muna. Fari svo að efsti frambjóðandinn í kosningunum nái ekki fimmtíu prósentum atkvæða verður kosið á ný á milli þeirra tveggja efstu.** - fb

**EYJAFJÖRÐUR**

### Bleytutíð hefur áhrif

Erfitt hefur verið að eiga við heyskap í Eyjafirði vegna mikillar úrkomu síðustu vikur. Flestir hafa þegar slegið fyrsta sláttinn, en seinni sláttur hefur tafist vegna veðursins. Þó munu sumir líklega ná þremur sláttum, að því er fram kemur á vikudagur.is.

# Reyndu til þrautar að sættast við Þráin

**Þráinn Bertelsson mun segja sig úr þingflokki Borgarahreyfingarinnar eftir tölvupóst. Í póstinum lýsir Margrét Tryggvadóttir áhyggjum af andlegu ástandi Þráins. Baldvin Jónsson er nýr formaður stjórnar Borgarahreyfingarinnar.**

**STJÓRNMÁL** Þráinn Bertelsson hyggst segja sig úr þingflokki Borgarahreyfingarinnar eftir helgina. Ástæðuna segir hann vera „rógburð“ sem Margrét Tryggvadóttir sendi stjórnarmönnum í Borgarahreyfingunni. Upphaflega var tölvupósturinn ætlaður Katrínu Snæhólm Baldursdóttur varaþingmanni. Í póstinum lýsir Margrét yfir áhyggjum af andlegu ástandi Þráins. Segir hún að mögulega sé Þráinn þunglyndur og hún hafi rætt við sálfræðing sem telji einkennin benda til Alzheimer-sjúkdómsins.

„Ég fékk bréf frá Katrínu í gegnum hóppóstlista og ýtti bara á „reply“. Uppgötvaði ég strax hvað ég hafði gert og bað fólk að virða trúnað,“ segir Margrét Tryggvadóttir um mistökin.

Margt hefur gengið á í hreyfingunni og skaðað hana að mati Margrétar. Ofan á afsögn Þráins hætti Herbert Sveinbjörnsson, formaður hreyfingarinnar, í. Að auki hafa nokkrir stjórnarmenn yfirgefið hana. Í gærkvöldi var tilkynnt að Baldvin Jónsson tæki við formennsku fram að aðalfundi sem verður haldinn 12. til 13. september.

„Það hefur verið mikil valdabarátta innan stjórnarinnar,“ segir Margrét. „En við þrjú ætlum að halda áfram. Vinnuframlag Þráins hefur ekki vegið 25 prósent þó að vissulega myndi ég vilja að við værum fjögur,“ segir Margrét en Þráinn hefur ekki mætt á þingflokksfund hjá hreyfingunni síðan kosið var um þingsályktunartillögu um ESB.

Katrín Snæhólm Baldursdóttir, sem átti að fá tölvupóstinn, segir að þetta hafi ekkert með sig að gera, annað en að hún átti að vera viðtakandi tölvupóstsins. „Ég hef ekki tekið þátt í neinum umræðum um Þráin nema að við unnum saman í kosningabaráttunni og það var frábær samvinna,.“

Birgitta Jónsdóttir, þingkona Borgarahreyfingarinnar, segir að þingflokkurinn hafi reynt til þrautar að sættast við Þráin. „Við áttum góðan fund með sáttanefnd þar sem hún bað félaga í stjórninni um að vera ekki að skvetta olíu á eldinn,“ segir Birgitta. Telur hún hinn eiginlega róg í þessu máli vera að stjórnarmenn hafi lekið bréfaskriftunum.

„Eins og fólk sér á bréfasamskiptum Þráins og Margrétar má segja að umhyggja hennar sé aðdáunarverð,“ segir Birgitta. Margrét sendi Þráni afsökunarbréf en hann svaraði henni á ósmekklegan hátt, að mati Birgittu, sem segist engar áhyggjur hafa af hreyfingunni.

vidir@frettabladid.is


**ÞRÁINN BERTELSSON**


**KATRÍN SNÆHÓLM BALDURSDÓTTIR**


**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**


**BIRGITTA JÓNSDÓTTIR**

## ÞEIRRA EIGIN ORÐ

**Þráinn Bertelsson í tölvupósti til stjórnarmanna Borgarahreyfingarinnar í gær:** „Ég mun eftir helgi segja mig úr þingflokki Borgarahreyfingarinnar með formlegri yfirlýsingu á Alþingi“.

**Í sama tölvupósti Þráins:** „Að vísu er þessi tilraun ekki mjög sannfærandi, en það er ekki vegna þess að bréfritara hafi vantað illviljann heldur aðeins andlegt atgervi – til að mynda kann Margrét ekki einusinni að stafsetja rétt nafnið á þeim skelfilega sjúkdómi sem hún vill bera út að herji á mig“.

**Margrét til Þráins í gær:** „Ég er ekki vön að standa í deilum við nokkurn mann og hef aldrei fyrr upplifað það að einhver félagi minn eða vinur hafi ekki viljað ræða málin við mig.“

**Þráinn til Margrétar í gær:** „Ennfremur áskil ég mér allan rétt til að lögsækja þig fyrir róginn fyrir dómstólum.“

**Herbert Sveinbjörnsson á heimasíðu sinni í gær:** „Það er erfitt að horfa á barnið sitt verða að athlægi og gera sig að fífli, horfa á það breytast í það sem maður fyrirlítur.“


**FLUGBRAUTIN VÍGÐ** Arngrímur Jóhannsson flugstjóri og Kristján Möller samgönguráðherra vígðu lengdu flugbrautina í gær.

Lengri flugbraut vígð í gær:

# Akureyrarflugvöllur lengdur

**SAMGÖNGUMÁL** Lengd flugbraut á flugvellinum á Akureyri var formlega tekin í notkun í gær. Kristján Möller samgönguráðherra vígði brautina ásamt Arngrími Jóhannssyni flugstjóra.

Jafnframt því að flugbrautin var lengd hefur ýmis aðflugsbúnaður verið endurbættur og endurnýjaður. Framkvæmdirnar hófust vorið 2008.

Flugbrautin var lengd um 460 metra og er nú 2.400 metrar á lengd. Þá var eldri hluti hennar styrktur og réttur af. Endaöryggissvæði voru einnig stækkuð, úr sextíu metrum í 150 metra við hvorn enda. Flugvöllurinn er því betur í stakk búinn að þjóna millilandaflugi en áður. - þeb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Braust inn á veitingastað

Brotist var inn á veitingastað í Vestmannaeyjum aðfaranótt föstudags. Maður var handtekinn í nágrenni staðarins skömmu eftir innbrotið, grunaður um verknaðinn. Áfengi sem stolið var á staðnum fannst einnig.

### Innbrot hjá Póstinum

Innbrot var framið í dreifingarstöð Íslandspósts við Stórhöfða í Reykjavík aðfaranótt föstudags. Rótað var í skápum og skúffum en ekki er vitað hvort þjófurinn hafði eitthvað á brott með sér. Hann komst undan.




## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**HÆGUR UM HELGINA**
Ágætt veður verður um mest allt land um helgina. Horfur á hægviðri og úrkomulitlu veðri en á hinn bóginn má búast við súldarflákum nyrðra, einkum við ströndina og síðdegisskúrum suðvestan til og fyrir austan. Öllu ákafari eru skúrirnar sem greina má á mánudag á vestanverðu landinu. Hitinn er á bilinu 10-16 stig.



**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt. Síðdegisskúrir.

**MÁNUDAGUR**
Hæg breytileg átt. Síðdegisskúrir vestan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 13° |
| Stokkhólmur | 21° |
| Gautaborg | 21° |
| London | 24° |
| París | 32° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Berlín | 29° |
| Alicante | 29° |
| Mallorca | 30° |
| Basel | 29° |
| Eindhoven | 27° |
| Las Palmas | 27° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


13.–31.
ágúst
SKÓLA
DAGAR
Hægt er að láta prenta út bókalista
á þjónustuborði á 2. hæð
KOMDU Í SKÓLAFERÐALAG Í SMÁRALIND
Mikið úrval og margvísleg tilboð á ritföngum, skólafötum, fartölvum, skólatöskum og öðrum litríkum nauðsynjum á Skóladögum í Smáralind.
TAKTU ÞÁTT Í SKÓLALEIKNUM
Þú færð þátttökuseðil í einni af verslunum Smáralindar, fyllir hann út, heftir við hann kassakvittun og skilar í sérmerktan kassa.
Veglegir vinningar eru í boði:
• 2x árskort hjá World Class
• 2x ipod Nano
• 2x 30.000 kr. gjafakort frá Smáralind
• 2x Nokia 5320 GSM með 2.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði
• 2x 25.000 kr. gjafabréf frá Eymundsson
• 2x Urður galli frá 66° Norður
• 2x 15.000 kr. gjafabréf frá NTC
• 2x 15.000 kr. gjafabréf frá Blend
• 2x 10 miða fríkort frá Smárabíói
• 4x 18.000 kr. gjafakörfur með Oxy og Hawaiian Tropic snyrtivörum
Dregnir verða út vinningar daglega frá 17.-21. ágúst.
Fylgstu með á Bylgjunni, FM 957 eða á smaralind.is.
Þátttökuseðlar í verslunum Smáralindar.
OPIÐ Í DAG 11-18
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

KJÖRKASSINN



*Munt þú fylgjast með leikjum kvennalandsliðsins á EM í Finnlandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 54,7% |
| Nei | 45,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ætlar þú að fylgjast með enska boltanum fyrstu sýningarhelgina?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Styrkur Seðlabankans til starfsmannafélags lögreglu eðlilegur segir lögreglustjóri:

# Lögreglan fékk 300 þúsund

**LÖGREGLUMÁL** Bankastjórn Seðlabanka Íslands styrkti í janúar starfsmannafélag lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um 300 þúsund krónur. Með þessu vildu bankastjórar þakka lögreglumönnum sem tókust á við mótmælendur í anddyri bankans í mótmælum fyrr í vetur.

„Ég lít ekki svo á að þarna hafi menn verið að styrkja lögregluna, heldur viljað koma á framfæri persónulegu þakklæti til manna sem stóðu þarna í eldlínunni,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins.

Reglur gilda um móttöku lögreglumanna á gjöfum, en þetta fellur ekki undir þær, að mati Stefáns, þar sem gjöfin hafi verið til starfsmannafélagsins, ekki embættisins eða lögreglumannanna sjálfra.



**MÓTMÆLI** Lögreglumenn stóðu í ströngu í anddyri Seðlabankans í búsáhaldabyltingunni í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Mér finnst það hið eðlilegasta mál ef menn eru ánægðir með lögregluna, og ekkert óeðlilegt við það ef menn vilja fylgja því eftir,“ segir Stefán. Ýmis fyrirtæki hafa styrkt starfsmannafélagið í gegnum tíðina, til dæmis með matar- eða sælgætisgjöfum fyrir fjölskyldudaga, segir Stefán.

Ingimundur Friðriksson, einn þáverandi seðlabankastjóra, hafði milligöngu um gjöfina, en ákvörðun um hana var tekin af bankastjórn Seðlabankans, samkvæmt upplýsingum frá bankanum. Aðrir styrkir bankans hafi aðallega verið til mannúðar- og líknarfélaga, auk samtaka á listasviði. - bj

Vandræði í Austurríki:

# Drengjum náð út úr póstkassa

**AUSTURRÍKI, AP Tvisvar í þessari viku hafa ungir drengir lokað sig inni í póstkassa í Austurríki.**

**Á fimmtudagskvöld kallaði starfsfólk póstsins í þorpinu Schwarzach í Vorarlberg-héraði á slökkviliðsmenn til að bjarga átta ára dreng út úr póstkassa, en þangað hafði honum einhvern veginn tekist að álpast. Lykillinn að kassanum fannst ekki hjá póstinum.**

**Sams konar atvik átti sér stað á mánudag í bænum Feldkirch, sem er skammt frá Schwarzach, þegar fjögurra ára snáða tókst að loka sig inni í póstkassa.**

- gb




Samfylkingin

# Sumarferð Samfylkingarinnar

Bláskógabyggð, laugardaginn 29. ágúst

Öll fjölskyldan er velkomin í skemmtiferð Samfylkingarinnar í Bláskógabyggð. Lagt af stað frá BSÍ kl. 10:00. Fyrsti áfangastaðurinn er „í túninu heima“ í Kvosinni í Mosfellsdal. Þaðan liggur leiðin á Þingvelli, Laugarvatn og í Aratungu. Ýmislegt skemmtilegt verður í boði: Hestasýning í Friðheimum, sundferð, heimsókn á Torfastaði og í Miklaholt. Deginum lýkur svo að vanda með glæsilegri grillveislu að hætti jafnaðarmanna.

**Skemmtun fyrir alla fjölskylduna!**

Miðar eru seldir á skristofu Samfylkingarinnar, Hallveigarstíg 1, Reykjavík til 22. ágúst.
Tekið á móti pöntunum í síma 414 2200 og í netfanginu: sumarferd@samfylking.is

**Allir með!**



# Golfmót Samfylkingarinnar

Vífilstaðavelli fimmtudaginn 27. ágúst

Leikið verður eftir Texas scramble fyrirkomulagi.
Skráning fyrir 26. ágúst á www.golf.is og í síma 414 2200

**Nánari upplýsingar um sumarferðina og golfmótið er að finna á heimasíðu Samfylkingarinnar: www.samfylking.is**


# Merkingar eðlilegar á litlum markaði

**Forstjóri SS segir umræðu um forverðmerkingar á villigötum. Samkeppni með kjötvörur sé virk og aðeins með öðrum hætti en á annarri dagvöru. Annað segja samkeppnisyfirvöld, sem vilja breytingar á merkingunum án tafar.**

**NEYTENDAMÁL** Það er óraunhæft að leggja af forverðmerkingar á kjötvöru, segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS). „Það er gríðarleg samkeppni á milli verslana eins og sjá má í auglýsingum alla daga.“

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um undanfarna daga telja Neytendastofa, Alþýðusambandið og talsmaður neytenda það ekki standast samkeppnislög að forverðmerkja vöru. Samkeppniseftirlitið rekur stjórnsýslumál til að fá úr því skorið hvort svo sé. Málin snúa að smásöluverslunum og hópi kjötframleiðenda og birgja. Þeir sem sinna samkeppnismálum eru almennt þeirrar skoðunar að leggja skuli niður forverðmerkingar og það aðeins tæknilegt atriði standi í veginum.

Kjötmarkaðurinn á Íslandi er hins vegar of lítill til að gera grundvallarbreytingar á dreifingu vörunnar og það hefði aukinn kostnað í för með sér fyrir neytendur, segir Steinþór. „Umræða um forverðmerkingar á matvöru er á villigötum. Þó að leiðbeinandi verð sé gefið upp útilokar það ekki verðsamkeppni. Verslunin getur, ef hún vill, boðið afslátt af þessari vöru eins og hverri annarri.“



STEINÞÓR SKÚLASON

Margir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að forverðmerkingar viðgangist vegna þess að framleiðendur ráði ekki yfir tækni til að vigta og pakka vöru eftir nákvæmri þyngd. Steinþór segir þetta að nokkru leyti rétt. „Það er hægt að breyta þessu en hér eru litlir framleiðendur sem ráða ekki við að kaupa dýrasta vélbúnað sem gerir þetta mögulegt. Verði okkur gert að breyta þessu af samkeppnisyfirvöldum óttast ég að framleiðendum fækki, með neikvæðum áhrifum á samkeppni.“

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, bendir á að hver og einn kaupmaður gæti sagt framleiðendum vöru að hann hygðist selja á ákveðnu verði; sem síðan yrði verðmerkt í samræmi við það. „Það hlýtur að vera hægt að fá verðið uppgefið frá smásalanum þó að pakkningar, tækin og fjárfestingin séu hjá framleiðandanum.“

Steinþór segir þetta fullkomlega óraunhæft. „Við getum ekki boðið verslunum að verðmerkja fyrir hverja og eina. Þá yrðum við að halda margfaldan lager, einn fyrir hvern smásala með sér verðmerkingu. Þetta er ekki framkvæmanlegt.“ svavar@frettabladid.is



**VÖRUÚRVAL** Framleiðandi kjötvöru segir verslunina hafa það í hendi sér að bjóða afslætti af forverðmerktri vöru. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL .

## FORSENDUR FORVERÐMERKINGA

Vandamálið, sem leyst er með forverðmerkingum, er að stykkin (ostur, álegg, lærisneiðar) eru ekki jafn þung. Ef horfið verður frá verðmerkingu með þessum hætti kemur þrennt til greina að mati Steinþórs Skúlasonar, forstjóra SS.

- Verslunin vigtar sjálf og verðmerkir. Slíkt hefði í för með sér mikinn kostnað og er í raun óraunhæft.
- Verslunin hillumerkir verð á tiltekinni vöru, til dæmis þúsund krónur kílóið. Þar sem varan er ekki öll af sömu þyngd verður neytandinn að reikna í huganum hvað varan kostar: þyngd sinnum verð. Í þessu felst mikið óhagræði.
- Að flokka vöruna undir mörg vörunúmer í þyngdarflokkum, sem yrði mjög flókið fyrir neytendur og myndi gera verðsamanburð erfiðan. Einnig myndi kostnaður aukast við framleiðslu, sem skilar sér í hærra verði.
- Stærstu framleiðendurnir gætu framleitt í breytilegri þyngd sem myndi gera minni framleiðendum erfitt eða ómögulegt að keppa á markaði.

Borghildur Guðmundsdóttir var dæmd til að fara með syni sína til Bandaríkjanna:

# Heldur til Bandaríkjanna í dag

**DÓMSMÁL** Borghildur Guðmundsdóttir, sem hefur verið gert að fara til Bandaríkjanna með syni sína tvo, heldur af stað með þá til Bandaríkjanna í dag. Hún mun eiga fund strax á mánudaginn með lögfræðingi sem hún hefur fengið þar í landi.

Borghildur var gift bandarískum hermanni sem vill höfða forræðismál á hendur henni í Bandaríkjunum. Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði að hún hefði ekki mátt fara með börnin til Íslands án leyfis fyrrverandi manns síns, þar sem lögskilnaður hafði ekki gengið í gegn. Hún skyldi því fara utan innan sex vikna, sem eru liðnar á morgun. Hæstiréttur staðfesti svo þann úrskurð.



BORGHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Þar sem hún hefur hvorki dvalar- né atvinnuleyfi í Bandaríkjunum mun hún aðeins geta dvalist þar í þrjá mánuði. Líklegt er hins vegar að forræðismál muni taka lengri tíma en það, og þá er viðbúið að hún þurfi að skilja syni sína eftir hjá föður þeirra, sem þeir hafa ekki hitt í hálft annað ár. Hún segir yngri drenginn, sem er á fimmta ári, hvorki muna eftir föður sínum né tala ensku lengur. - þeb



Ódýrt
í skólann
BOLIR
MARGAR TEG.
1.999.-
NÝTT
KORTA
TÍMABIL
ÚLPUR
MARGAR TEG.
4.999.-
Mikið úrval af skólavörum
TRÉLITIR
190.-
ÁHERSLU
PENNI
97.-
LEGO
MAPPA
48.-
Gildir til 17. ágúst eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað er talið að margir hafi mætt á samstöðufund InDefence-hópsins á Austurvelli?*

**2** *Hvað heitir ný brú í Ísafjarðardjúpi?*

**3** *Hvaða hljómsveit ætlar að spila á þaki Ölstofunnar á Menningarnótt?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Samtök verslunar og þjónustu gagnrýna stjórnvöld fyrir aðgerðaleysi:

# Þolinmæði atvinnulífsins á þrotum

**ATVINNA** „Atvinnulífið bíður enn – en þolinmæði þess er algerlega á þrotum,“ segir í fréttatilkynningu frá Samtökum verslunar og þjónustu (SVÞ) sem send var í gær.

Eitt ár er liðið frá bankahruninu og hafa landsmenn beðið eftir aðgerðum af hendi stjórnvalda sem geti skapað forsendur fyrir endurreisn atvinnulífsins, segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ. Öll orka stjórnmálamanna í sumar hefur hins vegar farið í umfjöllun um Icesave, að mati Andrésar, sem þó segist ekki vilja gera lítið úr því stóra máli.

„Stjórnmálamenn verða hins vegar að geta hugsað um fleira en eitt í einu. Það skortir á að svo hafi verið,“ segir Andrés. Engar líkur eru á vaxtalækkun, þar sem gengi krónunnar hefur ekki styrkst eins og vænst var, að mati Andrésar.

„Eins og staðan er í dag eru engar líkur á að gengi krónunnar styrkist og erum við föst í hjólfari sem engin leið er að komast upp úr nema stjórnvöld grípi til aðgerða,“ segir Andrés. Telur hann tíma aðgerða runninn upp.

„Ætla stjórnvöld að grípa til aðgerða sem stuðlað geta að styrkingu krónunnar og þar með lækkun vaxta? Þetta er sú lykilspurning sem allir bíða eftir svari við.



**ANDRÉS MAGNÚSSON** Hann telur afkomu heimila og fyrirtækja snúast um styrkingu krónunnar og lækkunar vaxta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afkoma heimila og fyrirtækja snýst nú um þessa tvo þætti,“ segir Andrés. **- vsp**

Neyðarlínan 112:

# Fengu 270 þúsund símtöl

**ÖRYGGISMÁL Neyðarverðir hjá Neyðarlínunni afgreiddu 192.149 erindi á árinu 2008 en þau voru tæplega 189 þúsund árið 2007. Langoftast var óskað eftir aðstoð lögreglu en erindi vegna sjúkraflutninga voru 30.596 og 5.304 óskuðu eftir aðstoð slökkviliðs. Hringingum vegna náttúru og veðurs fjölgaði verulega og má að miklu leyti rekja það til jarðskjálftans á Suðurlandi í lok maí. Hins vegar fækkaði útköllum vegna leitar og björgunar mjög milli ára.**

**Heildarfjöldi mála hjá 112 á árinu 2008 var 270.843 og bárust því nær áttatíu þúsund erindi sem ekki teljast til neyðartilvika. - shá**



**EINUM BJARGAÐ** Flugmaður heldur á íbúa úr þorpinu Meilan þar sem mikil flóð hafa orðið vegna fellibyljarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flóð og aurskriður í Taívan:

# Fimm hundruð hafa látið lífið

**TAÍVAN, AP** Um fimm hundruð manns hafa farist í flóðum og aurskriðum eftir að fellibylurinn Morakot gekk yfir Taívan í síðustu viku. Heimili um sjö þúsund manns hafa eyðilagst auk þess sem landbúnaður í Taívan hefur farið illa út úr hamförunum fjárhagslega. Ma Ying-jeou, forseti landsins, segir þetta mesta skaðann sem þjóðin hefur orðið fyrir í fimmtíu ár.

Á fundi um þjóðaröryggismál óskaði hann eftir því að björgunarstarf gengi hraðar fyrir sig. Rúmlega tuttugu þúsund hermenn munu aðstoða almenning við endurreisnarstarfið. **- fb**

## BOLUNGARVÍK

### Brimbrjótur í Bolungarvík

Framkvæmdir eru nú í gangi við brimbrjótinn í Bolungarvíkurhöfn. Verkið felst í rúmlega þrjú þúsund fermetra þekjusteypu og lögnum og mun athafnasvæði við höfnina því stækka talsvert. Búist er við því að verkinu ljúki um miðjan október.

# Hillary ætlar að láta til sín taka í Afríku

**Hillary Clinton segir ellefu daga Afríkuferð sína hafa verið yfirþyrmandi, en hún sé enn ákveðnari en áður í að láta til sín taka þar í framtíðinni. Hún segist hafa fært Afríkuríkjum boðskap frá Obama um „strangan kærleiksaga“.**

**GRÆNHÖFÐAEYJAR, AP** „Þetta hefur verið yfirþyrmandi,“ segir Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um ellefu daga Afríkuferð sína. Ferðalaginu lauk hún á Grænhöfðaeyjum í gær, eftir að hafa lagt leið sína til Kenía, Suður-Afríku, Angóla, Austur-Kongó, Nígeríu og Líberíu.

„Mér þykir yndislegt að koma til Afríku,“ sagði hún á Grænhöfðaeyjum í gær, og bætti því við að eftir ferðina væri hún enn ákveðnari í að láta til sín taka þar í framtíðinni.

Hún segist hafa fært Afríkuríkjum boðskap frá stjórn Baracks Obama forseta um „strangan kærleiksaga“.

Með Afríkuferðinni hefur Clinton aftur stigið inn í sviðsljósið sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna, en hún hafði mánuðum saman látið lítið á sér bera og jafnvel fallið í skuggann af bæði Barack Obama forseta og Joe Biden varaforseta, sem hafa látið til sín taka í utanríkismálum á ferðum sínum erlendis.

Á ferð sinni um Afríkuríki hefur Clinton lagt sérstaka áherslu á stöðu kvenna, matvælaöryggi og þróunarmál. Í Austur-Kongó hitti hún að máli konur sem hafa mátt þola hópnauðganir og aðrar misþyrmingar, og skýrði þeim frá því að Bandaríkin muni veita fé til að berjast gegn slíku.

„Það er nánast ómögulegt að lýsa þjáningum þeirra,“ sagði hún eftir að hafa rætt við konurnar.

Repúblikanar í Bandaríkjunum brugðust hins vegar ókvæða við þegar hún í Nígeríu líkti nýlegum kosningum, sem óvissa ríkir um vegna ásakana um víðtækt kosningasvindl, við forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 2000, þegar George W. Bush vann sigur á Al Gore með umdeildum hætti.

„Lýðræðið hjá okkur er enn í þróun,“ sagði hún. „Í forsetakosningunum hjá okkur árið 2000 réðust úrslitin í einu ríki þar sem bróðir eins forsetaframbjóðandans var ríkisstjóri. Þannig að við höfum líka okkar eigin vandamál að glíma við.“

Einna mesta athygli bandarískra fjölmiðla vöktu þó hörð viðbrögð hennar við spurningu nemanda nokkurs í Kongó, en nemandinn spurði hana um afstöðu „herra Clintons“ til þess að Kínverjar veiti Kongó lán: „Viltu að ég segi þér hvað manninum mínum finnst?“ spurði hún á móti, forviða: „Maðurinn minn er ekki utanríkisráðherra, heldur ég.“

**gudsteinn@frettabladid.is**



**MEÐAL KVENNA Í AUSTUR-KONGÓ** Þvert á ráðleggingar aðstoðarmanna sinna hélt Hillary Clinton til hinnar stríðshrjáðu borgar Goma í austanverðu landinu, þar sem hún hitti fórnarlömb nauðgara. NORDICPHOTOS/AFP

> Við erum ekkert að sykurhúða vandamálin. Við forðumst þau ekki.
>
> **HILLARY CLINTON**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA

Lagt til að meðallaun lækki:

# Vilja lækka kostnað ríkisins

**RÍKISFJÁRMÁL** Lækka á laun ríkisstarfsmanna, sem hafa hærri laun en 400 þúsund krónur á mánuði, um þrjú til tíu prósent. Einnig á að taka fyrir dagpeninga ríkisstarfsmanna á ferðum innanlands. Þetta eru tvær af þeim tillögum sem Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra lagði fram á ríkisstjórnarfundi í gær. Með þessum aðgerðum verður reynt að lækka kostnað við rekstur ríkisins.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Aðrar tillögur voru meðal annars að öllum akstursamningum verði sagt upp og settar verði viðmiðunarreglur um greiðslur fyrir störf í nefndum, stjórnum og ráðum. Stefnt verður að lækkun risnukostnaðar um fimmtán prósent frá því í fyrra. **- vsp**

Stéttarfélag í almannaþjónustu:

# SFR samþykkti kjarasamning

**KJARAMÁL Kjarasamningur SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu og ríkisins var samþykktur í gær.**

**Greidd voru atkvæði um samninginn og lauk atkvæðagreiðslunni á hádegi í gær. Tæplega 6.400 manns voru á kjörskrá en átján prósent greiddu atkvæði. Greiddu 54 prósent atkvæði með samningnum en 39 prósent á móti. Tæp sjö prósent skiluðu auðu.**

**Kjarasamningurinn var undirritaður 3. júlí síðastliðinn og hefur síðan þá verið kynntur félagsmönnum á fundum. - þeb**


Alicante

Flugsæti
Verð frá 39.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
fyrir flug fram og til baka,
með flugvallarsköttum 26. ágúst og 10. sept.
* Verð án Vildarpunkta: 49.900 kr.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í ferðaklúbbinn á VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 46956 08/09

Vildarklúbbur

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

vita
VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is



SONY ERICSSON W380i

# Viltu flottan GSM fyrir 15.000 krónur með 15.000 króna inneign?

Síminn fagnar 15 ára afmæli GSM á Íslandi með frábæru tilboði.

## FRÁBÆRT AFMÆLISTILBOÐ

Tilboðið gildir aðeins í dag, 15. ágúst.

SONY ERICSSON W380i

**15.000 kr.**

**TILBOÐ**
gildir meðan birgðir endast.

Inneign
15.000 kr.
1.000 kr. á mánuði í 15 mánuði.

Símalán útborgun
**3.000 kr.**
Aðeins 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði

## Hringitónar fyrir 0 kr.

Sendu SMS í númerið 1900 og fáðu 15 ára gamalt lag sem hringitón.



**Kóði**
1994A Jet Black Joe - Higher and Higher
1994B Sigga Beinteins - Nætur
1994C In Bloom - Pictures
1994D Vinir vors og blóma - Frjáls

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is



**LENÍN OG STALÍN Í MOSKVU** Lifandi eftirmynd Stalíns fær sér franskar meðan annar sem líkist Lenín situr á stól. Þessir félagar vinna sér inn aur með því að stilla sér upp í miðborg Moskvu til myndatöku með ferðamönnum. NORDICPHOTOS/AFP

Aukafjárveiting vegna fjölda:

## 48 milljónir til framhaldsskóla

**MENNTAMÁL** Framhaldsskólarnir fá 48 milljóna aukafjárveitingu til þess að hægt verði að veita öllum nemendum yngri en átján ára skólavist í framhaldsskólum. Þetta var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Óvenjulega mikil aðsókn er í framhaldsskóla þetta haustið. Rúmlega hundrað nemendur undir átján ára aldri hafa ekki fengið inngöngu í framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið hefur nú leitað til nokkurra framhaldsskóla og Námsflokka Reykjavíkur um að veita þessum unglingum skólavist. **- þeb**

# Ríkisútgjöld aukast á sama tíma og tekjurnar minnka

**Ríkisútgjöld jukust og tekjur drógust saman á fyrri hluta árs. Indriði H. Þorláksson segir þetta í takt við það sem menn sáu fram á. Þingmaður segir ríkisstjórnina ekki hafa komið með raunhæfar lausnir um hvernig taka eigi á ríkisfjármálunum. Tekjur vegna fjármagnstekjuskatts jukust um níu prósent milli ára.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Ríkisútgjöld jukust um 31 prósent á tímabilinu janúar til júní á þessu ári miðað við árið í fyrra. Nema gjöldin 259 milljörðum og hækka um 61 milljarð. Tekjur ríkissjóðs drógust á sama tíma saman um tæp tíu prósent.

Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu 219 milljarðar króna en þær voru 205 milljarðar þegar uppi var staðið. Þetta kemur fram í tilkynningu fjármálaráðuneytisins í fyrradag.



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON**



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON**

Indriði H. Þorláksson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að þó þetta sé ekki í samræmi við fjárlög sé þetta í takt við það sem menn sáu fram á. „Þarna eru ekki farnar að hafa áhrif þær tekjuaukandi aðgerðir sem farið var í á miðju ári eins og hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi, bensíni og olíu og skattar á háar tekjur og fjármagnstekjur,“ segir Indriði.

Athygli vekur að tekjur vegna fjármagnstekjuskatts aukast um níu prósent. Er það eðlilegt? „Já, þetta er ekkert undarlegt því fjármagnstekjur eru lagðar á brúttó vaxtatekjur að meðtöldum verðbótum. Þegar verðbólga er mikil þá hækkar skattstofninn,“ segir Indriði.

Heildarskatttekjur námu um 178 milljörðum króna og drógust saman um fjórtán prósent frá því árið 2008. Töluvert minni tekjur voru af sköttum á vörum og þjónustu, en þær tekjur drógust saman um tuttugu prósent. Innheimta tekjuskatts einstaklinga dróst saman um sex prósent, en tekjuskattur fyrirtækja og lögaðila um 37 prósent. Tekjur vegna eignaskatts dragast saman um fjörutíu prósent.

Aukning er á tekjum vegna áfengis- og tóbaksgjalds um ellefu prósent en skattar á áfengi hækkuðu um 12,5 prósent um síðustu áramót. Hækkaði áfengi aftur um fimmtán prósent 1. júní, og telst því ekki inn í þessar tölur.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir þessar tölur endurspegla hversu alvarlegt ástandið í ríkisfjármálunum sé. Ríkisstjórnin tekur of létt á ríkisfjármálunum og hún hefur ekki komið fram með raunhæfar lausnir um hvernig taka eigi á málunum, að mati Tryggva.

En hver er leiðin, á að hækka skatta frekar? „Það er tvíbent því aukin skattheimta dregur úr fjárfestingum og eyðslu sem þýðir að það dregst saman hvað heimilin eyða miklu,“ segir Tryggvi.




**ÁFENGI** Skattar á áfengi hækkuðu um 12,5 prósent um áramótin og aftur um fimmtán prósent 1. júní. Tekjur jukust vegna skattsins um ellefu prósent frá janúar til júní. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tekjur vegna virðisaukaskatts drógust saman um 22 prósent. „Það þarf að endurheimta skattgrunnana, ekki pína þá niður endalaust, því það sem það gerir er að draga máttinn úr atvinnulífinu. Þá verður meira atvinnuleysi sem aftur dregur úr neyslu,“ segir Tryggvi og játar því að þetta sé eins konar vítahringur.

vidir@frettabladid.is



Sundlaugin á Þingeyri:

## Lokað vegna orkuskorts

**ORKUMÁL** Sundlauginni á Þingeyri verður lokað í þrjá daga í næstu viku. Í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ kemur fram að það sé af óviðráðanlegum orsökum.

Þær óviðráðanlegu orsakir eru orkuskortur, þar sem Orkustofnun tekur svokallaða Vesturlínu út einu sinni á ári vegna viðhalds. Þetta kemur fram á fréttavefnum bb.is, þar sem rætt er við Jóhann Bæring Gunnarsson, umsjónarmann eigna hjá Ísafjarðarbæ.

Engar aðrar sundlaugar í rekstri Ísafjarðar verða lokaðar, en laugin á Þingeyri verður lokuð frá 18. til 21. ágúst. **- þeb**

Lax er farinn að veiðast langt upp í Jökuldal sem kemur leigutaka á óvart:

# Jökla kemur veiðimönnum á óvart enn á ný

**VEIÐI** Það kom leigutökum við Jöklu skemmtilega á óvart þegar lax veiddist langt upp í Jökuldal úr hliðará Jöklu. Hingað til hefur ríkt óvissa um hvort Jökla væri laxgeng upp dalinn vegna þess að um marga erfiða fossa og flúðir er að fara fyrir fiskinn á leið sinni upp ána.

Hingað til hefur lax safnast saman við svokallaðan Steinboga, rétt neðan við þjóðvegsbrúna á Jöklu. Hins vegar veiddist lax úr hliðaránni Hnefilsdalsá, sem rennur langt þar fyrir ofan, í vikunni.

Það var félagi úr Mokveiðifélaginu svokallaða sem dró laxinn en þeir félagar höfðu veitt vel á neðri svæðum Jöklu dagana á undan.

Á heimasíðu leigutakans, Veiðiþjónustunnar Strengja, segir að þetta séu frábær tíðindi, enda staðfest að göngufiskur kemst upp á gífurlega stórt svæði upp allan Jökuldal. Einnig að hugsanlega sé svo ofarlega í ánni náttúrulegt klak því engum seiðum var sleppt í Hnefilsdalsá í fyrra og laxinn því væntanlega af náttúrulegum uppruna árinnar. **- shá**



**JÖKLA** Eftir virkjun við Kárahnjúka rennur jökulvatnið í Lagarfljót. Hliðarár jökulfljótsins renna um farveginn og mynda perlu fyrir veiðimenn. MYND/ÞRÖSTUR ELLIÐASON



**BEÐIÐ EFTIR SKOÐUN** Íbúar í borginni Mumbai bíða eftir læknisskoðun vegna svínaflensunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skæð svínaflensa á Indlandi:

## Skólar lokaðir og götur tómar

**INDLAND, AP Götur í borginni Pune á Indlandi eru hálftómar og skólar lokaðir í Mumbai af ótta við svínaflensuna sem hefur breiðst hratt út þar í landi að undanförnu. Tuttugu manns hafa dáið úr flensunni í landinu og hátt í 1.300 manns hafa sýkst.**

**Óttinn við veiruna er mikill og virðist fara stigmagnandi þrátt fyrir að engin ástæða sé til þess að mati sérfræðinga. „Allur æsingurinn vegna flensunnar er í engum tengslum við alvarleika hennar,“ sagði Jai Narain, læknir hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Fjöldi fólks hefur farið á sjúkrahús til að láta kanna hvort það beri veiruna og hafa biðraðir verið gríðarlega langar. - fb**

Samflot bæjarstarfsmanna:

## Samþykktu kjarasamninga

**KJARAMÁL** Bæjarstarfsmenn hafa samþykkt kjarasamninga sem gerðir hafa verið við ríkið og Launanefnd sveitarfélaga.

Samningurinn við ríkið var samþykktur með 72 prósentum atkvæða. Rúm tuttugu prósent greiddu atkvæði gegn samningnum. Samningur við launanefnd var samþykktur með rúmum 77 prósentum greiddra atkvæða, en rúm sextán prósent sögðu nei við þeim samningi. Rafræn kosning fór fram um samningana 10. til 13. ágúst. **- þeb**

**VESTFIRÐIR**

### Sameinaður skóli hefur störf

Sameinaður leikskóli, grunnskóli og tónlistarskóli tekur til starfa á Tálknafirði í þessum mánuði. Skólarnir hafa verið sameinaðir og Trausti Þór Sverrisson verið ráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla.

**ÍSAFJÖRÐUR**

### Þýðingamiðstöð stækkar

Utanríkisráðuneytið hefur auglýst eftir þýðanda til starfa við útibú þýðingamiðstöðvar ráðuneytisins á Ísafirði, en þar starfa tveir þýðendur nú þegar. Starfsmenn í miðstöðinni vinna að þýðingum fyrir utanríkisráðuneytið, ásamt um þrjátíu öðrum starfsmönnum sem vinna annars staðar.





**SAFNARINN** Konráð við Allis Chalmers DT7 í Sjafnarnesinu. MYND/ARNBJÖRG KRISTÍN

# Grafið eftir fornri gersemi

Konráð Vilhjálmsson á Akureyri er ásamt afkomendum sínum að safna gömlum vinnuvélum og vílar ekki fyrir sér að grafa þær úr jörðu eins og *Gunnþóra Gunnarsdóttir* varð vitni að.

Vélarnar hafa gildi þótt þær séu ekki gangfærar og með því að varðveita þær þá björgum við sögu verklegra framkvæmda á Íslandi," segir Konráð þar sem hann er staddur að Hofsstöðum í Mývatnssveit. Erindið þangað er að grafa upp gamla jarðýtu, Allis Chalmers HD 10 af árgerð 1941, sem bræðurnir á Hofsstöðum, Ásmundur og Guðmundur Jónssynir dysjuðu úti í móa upp úr 1980. Ýtan var þá orðin ógangfær en hafði þjónað þeim bræðrum um árabil og á henni höfðu þeir komið mörgum vegarendum til hjálpar á snjóþungum vetrum. Nú er eftir að sjá hvernig moldin hefur farið með hana.

Björn, Þór og Arnbjörg Kristín Konráðsbörn eru mætt að Hofsstöðum með föður sínum með stóra gröfu og vagn. Einnig Viggó, vinur hans og ýtustjóri. Greinilegt er að vélaáhuginn gengur í erfðir því ung börn Björns og Þórs fylgja með og spenningurinn er ekki minnstur hjá þeim. Guðmundur Páll Björnsson, fjögurra ára, er með bandspotta í hönd og þegar hann er spurður hvort hann ætli að draga ýtuna upp með honum svarar hann hálfhneykslaður. „Nei, ég ætla að hífa hana."

Eftir kaffidrykkju hjá bændunum er byrjað að grafa. Fyrst með venjulegum stunguskóflum en stórvirkari græja tekur brátt við sem stjórnað er af Birni. Smátt og smátt kemur gersemin í ljós og brosin breikka á viðstöddum. Vélin reynist heilleg.

„Við þrífum allt með háþrýstidælu og lögum það sem hægt er," segir Konráð bjartsýnn. Hann telur um sjötíu vinnuvélar komnar á safnið og segir sífellt bætast við enda hafi Þór sonur hans verið iðinn við að sækja þær hvert á land sem er. „Menn hafa taugar til þessara véla en láta þær þó yfirleitt af hendi þegar þeir átta sig á til hvers er verið að kaupa þær. Ef þær fara í brotajárn þá tapast sextíu til sjötíu ára saga."

En er ekki mikil vinna að grafa upp feril hverrar og einnar? „Jú, í sumum tilfellum. Búnaðarfélög og ræktunarsambönd áttu margar vélanna til að byrja með en síðar lentu þær í einstaklingseigu í misjöfnu ástandi," segir Konráð og telur gömlu vélarnar betur byggðar en þær sem gerðar eru í dag. „Nú er komið tölvukerfi í þær," segir hann „Það koma upp bilanir í því sem venjulegur ýtustjóri ræður ekki við."

Konráð er uppalinn á Ytri-Brekkum í Blönduhlíð í Skagafirði og bjó þar í áratugi. Kveðst reyndar aldrei hafa verið heima. „Konan mín, Valgerður Sigurbergsdóttir, sá um búskapinn en ég vildi græða peninga. Var mest á vinnuvélum í vega- og brúarvinnu. Svo var ég líka refaskytta. Hittinn? Já, ég held ég megi segja það."

Fáir munu fróðari um jarðýtur á Íslandi en Konráð enda hefur hann unnið á þeim í 56 ár og hóf eigin vélaútgerð árið 1958. „Fyrsta ýtan sem ég keypti er á safninu. International, átta tonna. Ég seldi hana frá mér en hún kom upp í hendur mínar seinna," segir Konráð, sem safnar ekki aðeins gömlum vinnuvélum heldur líka sögum og myndum af þeim. Safnið heitir einfaldlega Konnasafn og hefur fengið heimasíðuna www.vinnuvelasafn.is

Það er tímabundið í Sjafnarnesi á Akureyri en stefnt er að því að byggja yfir það á Skútum í Hörgárbyggð.




**GRILLIR Í GRIPINN** Þór Dan, Guðmundur Páll, Viggó og Þór við rannsóknir á vettvangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



**TÆKNIN NÝTT** Stórvirkri vél fimlega beitt við fornleifauppgröftinn.


**NÚ Á AÐ HÍFA** Litlu strákarnir láta ekkert framhjá sér fara.


**ALLIS CHALMERS HD10** Endurheimt úr jörðu og komin upp á vagn. Konráð, Ásmundur, Þór og Viggó ánægðir með fenginn.


**UPPRISAN** Sú gamla lítur aftur dagsins ljós.





**Dagskrá í Lækjargötu**

08.40 – Maraþon og hálfmaraþon
09.30 – 10 km hlaup
11.15 – Upphitun fyrir skemmtiskokk
11.30 – 3 km skemmtiskokk
15.40 – Tímatöku hætt

**Latabæjarhlaupið í Hljómskálagarðinum**

Dagskrá:
Kl. 12.40 – Upphitun undir stjórn Íþróttaálfsins
Kl. 13.00 – Ræst í 2 km hlaup (8 og 9 ára)
Kl. 13.05 – Ræst í 700 m hlaup (5 ára og yngri)
Kl. 13.15 – Ræst í 1,5 km hlaup (6 og 7 ára)
Kl. 13.45 – Að loknu hlaupi verður skemmtidagskrá í suðurenda Hljómskálagarðsins

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður haldið þann 22. ágúst næstkomandi. Líkt og undanfarin ár geta þátttakendur safnað áheitum fyrir góð málefni. Á Íslandi er fjöldi góðgerða- og líknarfélaga sem þurfa á þínum stuðningi að halda.

## Svona safnar þú áheitum:

1. Þú skráir þig í hlaupið, velur vegalengd við hæfi og hvaða málefni þú vilt styrkja.
2. Þú færð vini og vandamenn til að heita á þig.
3. Þú hleypur þann 22. ágúst og upphæðin sem þú safnar rennur sjálfkrafa til þíns góðgerðafélags.

Kynntu þér málið á islandsbanki.is/marathon

Íslandsbanki hefur verið stoltur bakhjarl Reykjavíkurmaraþonsins síðan 1997.

26 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA 22. ÁGÚST 2009

Íslandsbanki

Betri fyrir bakið!

7990 kr. stk.
Skólataska Explore Moda
tvær töskur í einni

5490 kr. stk.
Körfu- og fótboltatöskur

3995 kr. stk.
Converse skólataska/
hliðartaska, 3 litir

# ÓDÝRT FYRIR SKÓLANN

verð frá
499 kr. stk.
Pennaveski

890 kr. stk.
Converse pennaveski

249 kr. stk.
Stílabækur, A4

599 kr. stk.
Ljósritunarpappír
80g/500bls.

499 kr. pk.
Tússliti

349 kr. pk.
Trélitir, 12 stk.

299 kr. pk.
Vaxlitir, 16 stk.

599 kr. pk.
Reiknivél

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni:**

Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau 10-19 sun 11-19

Krónan Lindum
virka daga11-20
helgar 10-20

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan
alla da

# KRÓNAN

Nýtt kortatímabil




n Mosfellsbæ
ga 10-20

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Hvaleyrarbraut
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun. 12-21

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Reyðarfirði
mán-fim 11-18
fös 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau 11-18 sun 11-16

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar eru svartsýnastir þjóða á efnahagshorfur.

## Gengið hefur á þykkan skráp

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Íslenska þjóðin hefur þykkan skráp og hefur að mörgu leyti brugðist við kreppunni og óvissri framtíð af æðruleysi. Þrátt fyrir reiði og jafnvel örvæntingu reynir fólk að sjá ljósið og líta á ýmislegt gott sem breytt samfélag í kjölfar efnahagshrunsins hefur leitt af sér.

Margir hafa fundið sér tækifæri í þessum breytingum. Finna má skemmtileg dæmi um margvíslega starfsemi sem lítill áhugi hefði verið á í góðærinu en hefur náð að blómstra; endursala á notuðum varningi, heimilisiðnaður og aukinn áhugi á íslenskri framleiðslu eru dæmi um þetta. Ýmis önnur sprotastarfsemi er einnig blómleg þannig að vænta má að þeir sérkennilegu tímar sem nú eru uppi muni, þegar upp er staðið, skila ýmsu uppbyggilegu inn í samfélagið til framtíðar.

Húmorinn er líka skammt undan enda getur kaldhæðni og skoplegt samhengi hlutanna verið ágæt útrás fyrir reiði sem ella gæti beinst í neikvæðari farveg.

Undir niðri nagar þó óvissan þjóðina. Það er staðfest í niðurstöðum alþjóðlegrar könnunar um fjármálakreppuna sem gerð var í júní síðastliðnum og birt nú í vikunni. Könnunin nær til almennings í 22 löndum og annast Capacent Gallup framkvæmd hennar hér á landi.

Íslendingar eru áberandi svartsýnastir á efnahagsástandið meðal þeirra þjóða sem könnunin nær til. Auk þess er traust landsmanna á getu ríkisstjórnarinnar til að bregðast við ástandinu þverrandi.

Samkvæmt könnuninni telur 71 prósent Íslendinga að efnahagsástandið eigi enn eftir að versna meðan 46 prósent Þjóðverja, sem voru næstsvartsýnastir á eftir Íslendingum, voru á þessari skoðun. Ísland var annað tveggja landa í könnuninni þar sem svartsýni hafði aukist milli kannana en sú næsta á undan var gerð í mars.

Í könnuninni er einnig spurt um sálfræðileg einkenni sem oft eru tengd við streitu og álag. Í ljós kom að 63 prósent Íslendinga töldu sig hafa upplifað einkenni eins og svefnleysi, streitu, kvíða og depurð sem afleiðingu efnahagsástandsins. Þetta er talsvert yfir meðaltali þjóðanna, sem er 54 prósent. Það er því ljóst að kvíðinn er skammt undan þótt fólk beri sig vel frá degi til dags.

Meðan dregur úr svartsýni á efnahagshorfum í langflestum þeirra landa sem könnunin nær til þá eykst hún á Íslandi. Þetta er auðvitað í fullu samræmi við raunveruleikann því meðan nú eru farnar að berast fréttir frá ýmsum löndum, meðal annars Bandaríkjunum, Þýskalandi og Frakklandi, um að teikn séu á lofti um að landið fari að rísa í efnahagsmálum þá eru engin slík teikn á lofti hér heima.

Hér ríkir mikil óvissa um marga hluti. Loks er þó farið að glitta í afrakstur rannsókna á aðdraganda hrunsins. Það skiptir enda miklu máli fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar til framtíðar að þetta tímabil sé kortlagt og skýrt og ekki síður að þeir sem ábyrgð bera verði látnir axla hana og ekki gert kleift að hlaupast undan skuldum sínum.

Næstu sólarhringar munu vonandi færa þjóðinni aukið tilefni til bjartsýni. Hún hefur vissulega þykkan skráp en þarf nú á áþreifanlegum batamerkjum að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Markaðslausnir í sjávarútvegi



ÞORSTEINN PÁLSSON

Í öllum aðalatriðum eru aðeins tvær leiðir til að stjórna fiskveiðum. Önnur er sú að láta markaðslögmálin gilda um þróun atvinnugreinarinnar. Hin er að láta félagsleg sjónarmið ráða för.

Segja má að hér hafi markaðsreglur með ákveðnum takmörkunum gilt á þessu sviði síðan 1990. Að baki þeirri stefnumörkun bjó að ná þurfti auknum árangri varðandi vernd fiskistofna og þjóðhagslega meiri hagkvæmni í rekstri.

Lykillinn að báðum markmiðum felst í því að ná jafnvægi milli stærðar og sóknargetu fiskiskipastólsins annars vegar og afrakstursgetu fiskistofnanna hins vegar.

Of stór floti þýðir meiri fjárfestingu en þörf er á. Hún kallar aftur á skammtíma sjónarmið útvegsmanna um að auka afla umfram ráðgjöf til að nýta fjárfestinguna. Of litlar veiðiheimildir á hverju skipi auka brottkast. Reynslan sýnir að frjálst framsal veiðiheimilda hefur reynst betur en miðstýring til þess að ná jafnvægi.

Hér hafa skip ákveðna framseljanlega og varanlega hlutdeild í leyfðum heildarafla af hverri tegund. Markaðurinn er þó verulega takmarkaður. Heimildirnar eru bundnar við skip og má því ekki framselja hverjum sem er. Aflamark hvers fiskveiðiárs má aðeins leigja að ákveðnum hluta. Takmörk eru fyrir því hvað hver einstök útgerð getur átt stóra hlutdeild.

Í veiðiheimildunum felast takmörkuð eignarréttindi. Þessi takmörkuðu eignarréttindi í varanlegum veiðiheimildum eru aftur undirstaða veðhæfni skipa og eru þannig forsenda fyrir fjárhagslegu sjálfstæði útgerðarfyrirtækja.

Þetta kerfi hefur leitt til þess að við eigum nú færri en stærri og sterkari sjávarútvegsfyrirtæki en áður. Þau geta flest jafnað innbyrðis sveiflur í veiði og markaðsverði á ákveðnum tegundum. Við stöðug efnahagsskilyrði skila þau arði sem nýtist til fjárfestingar og atvinnusköpunar á öðrum sviðum. Að sama skapi eflast bæjarfélögin. Útvegsmenn sjá sér hag í langtíma nýtingarstefnu. Það minnkar þrýsting á ofveiði.

## Félagsleg markmið

Hin hliðin á þessari þróun er vitaskuld sú að veikari útgerðir hafa látið undan síga. Sömu sögu er að segja um mörg minni byggðarlög. Trú margra er að þessu megi breyta með því að láta félagsleg sjónarmið um atvinnu og byggðamynstur ráða þróun atvinnugreinarinnar.

Engri þjóð hefur á hinn bóginn tekist að ná viðunandi jafnvægi milli stærðar fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskistofnanna með þeim hætti. Það gengur ekki upp að lofa sama fjölda starfa við fiskveiðar og áður var þrátt fyrir aukna tækni og ákveðnari veiðitakmarkanir. Það eru draumórar og ósannsögli.

Reynsla þeirra þjóða sem stuðst hafa við félagslega stjórnun endurspeglar bæði opinbera styrki og ofveiði. Ríkar þjóðir þar sem sjávarútvegur er hrein aukabúgrein hafa leyft sér stjórnun af þessu tagi með því að skattleggja almenning til að brúa bilið. Þar sem sjávarútvegur er undirstöðuatvinnugrein gengur þetta ekki upp. Ríkisstyrkt fyrirtæki leysa heldur ekki vanda byggðaþróunar með því að þau eru ekki samkeppnishæf í launum.

Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að hverfa frá markaðsstjórnun fiskveiða. Hún hefur þegar í smáum mæli hafið félagslega stjórnun með svokölluðum strandveiðum. Fyrsta skrefið til að færa sömu reglu yfir á almennar veiðar er tímasett næsta haust. Þá byrjar offjárfestingin og veiðikapphlaupið fyrir alvöru með þekktum efnahagslegum afleiðingum. Þann brúsa þurfa skattgreiðendur að borga annað hvort í beinum sköttum eða í formi reglubundinna gengisfellinga eins og áður var.

## Ráðherrann og Evrópusambandskerfið

Evrópusambandsríkin hafa flest getað leyft sér félagsleg sjónarmið við fiskveiðistjórnun. Óánægja hefur þó stöðugt farið vaxandi innan sambandsins með framkvæmdina. Hún hefur leitt til óábyrgra veiða og skattborgararnir hafa ekki séð tilgang í taprekstri og rányrkju. Fyrir þá sök ræða menn á þeim vettvangi breytingar og horfa meðal annars til Íslands um þau efni.

Á sama tíma og Evrópusambandið hefur gefið út nýja skýrslu um mistök félagslegrar stjórnunar ákveður ríkisstjórn Íslands hins vegar að taka hana upp. Veiðistjórnun Evrópusambandsins hefur verið helsti Þrándur í Götu aðildar Íslands. En nú er að því stefnt að taka upp alla galla gamla Evrópusambandskerfisins hér við land áður en til hugsanlegrar aðildar kemur.

Það er ósmár tvískinnungurinn í yfirlýsingum sjávarútvegsráðherra þegar hann segist ætla að standa vörð um hagsmuni sjávarútvegsins í samningum við Evrópusambandið en áformar á sama tíma að innleiða úrelt stjórnkerfi þess af fúsum og frjálsum vilja. Það er í góðu samræmi við annað að ráðherrann stýri aðildarviðræðunum á sjávarútvegssviðinu og bregði síðan fæti fyrir samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu eins og umsamið er milli stjórnarflokkanna.

Eftir því sem pólitíkin í landinu liggur núna má vera að á endanum standi þjóðin frammi fyrir tveimur kostum: Að innleiða gamla úrelta fiskveiðistjórnun Evrópusambandsins og hafna aðild eða ganga í sambandið og verja rétt Íslands til veiða og hagkvæmrar stjórnunar á grundvelli takmarkaðra markaðsreglna eins og verið hefur.

Fróðlegt væri að vita á hvora sveifina útvegsmenn leggjast ef kostirnir verða bara þessir tveir eins og margt bendir til. Ljóst ætti að vera að sjávarútveginum er meiri hætta búin af stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum en aðild að Evrópusambandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# JEVA TÖSKUR SELDUST UPP KOMNAR AFTUR



JE 31394



JE 31346



JE 31384



JE 31322

Við bjóðum frábært úrval af skólavörum, þar á meðal hinar vönduðu og endingargóðu Jeva skólatöskur fyrir stelpur og stráka.

**Síðasta sending seldist upp, en við vorum að fá nýja sendingu í takmörkuðu magni, komdu strax og skoðaðu úrvalið.**




***Þú færð frían spilastokk þegar þú kaupir skólavörurnar hjá Eymundsson.***



Brjóst- og mjaðmafestingar eru stilltar þannig að taskan haldist sem næst líkamanum. Öll bönd þurfa að vera breið og stillanleg. Auðvelt þarf að vera að herða og losa.

Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins. Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.

Raðið hlutum þannig í töskuna að þeir renni ekki til og hafið þyngstu hlutina sem næst baki.

Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar handleggjanna.

Taskan má ekki vega meira en 10% af líkamsþyngd barnsins.

Skólataskan á að hvíla við mjóbak og aldrei lengra en 10 cm fyrir neðan mitti.

## Veldu réttu töskuna

Það skiptir miklu máli að barninu þínu líði vel í skólanum, því þannig verður námið skemmtilegra. Val á vandaðri skólatösku er eitthvað sem við leggjum mikla áherslu á. Til að börnin fái ekki illt í bakið höfum við fengið iðjuþjálfara til liðs við okkur. Þær leiðbeina við val á skólatöskum í völdum verslunum okkar í ágúst.

## Hvar hitti ég iðjuþjálfa?

| | | |
|---|---|---|
| 15. ágúst | Smáralind / KR - Norður | Kl. 13-15 |
| 16. ágúst | Smáralind | Kl. 13-15 |
| 18. ágúst | Akureyri | Kl. 16-18 |
| 18. ágúst | Hallarmúli / Mjódd | Kl. 16-18 |
| 19. ágúst | Hafnarfjörður | Kl. 16-18 |
| 20. ágúst | Akureyri | Kl. 16-18 |
| 20. ágúst | Hallarmúli / Smáralind | Kl. 16-18 |
| 21. ágúst | KR - Norður / Hallarmúli | Kl. 16-18 |
| 22. ágúst | Smáralind / KR - Norður | Kl. 13-15 |




eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# Samdi íslenska samninganefndin af sér?

UMRÆÐAN
Gauti B. Eggertsson skrifar um Icesave-samninginn


GAUTI B. EGGERTSSON

Ragnar Hall lögfræðingur hefur haldið því fram að íslenska samninganefndin hafi samið af sér við gerð Icesave-samningsins. Mistökin, að mati Ragnars, liggja í því hvernig úthlutað er úr þrotabúi bankans samkvæmt samningnum. Það er mín skoðun að samningurinn gefi ekki tilefni til svo alvarlegra ásakana.

Rétt er að endurtaka röksemdir Ragnars (þótt að vísu finnist mér rétt að halda því til haga að Jón Steinsson, hagfræðingur, benti mér á sama atriði strax og samningurinn var kynntur, án þess að draga jafn afdráttarlausa ályktun um samningatækni Íslendinga).

**Skiptaregla Ragnars Hall**

Röð kröfuhafa við úthlutun á eignum þrotabús Landsbankans skiptir miklu máli fyrir endanleg útgjöld íslenskra skattgreiðenda.

Segjum sem svo að tiltekinn innstæðueigandi eigi 50.000 evrur og eignir bankans dugi aðeins fyrir 75 prósentum innlána. Þá, samkvæmt þeirri úthlutunarreglu er Ragnar telur eðlilega, fær Tryggingasjóður innstæðueigenda (sem tryggir um 20.000 evrur) að fullu greitt (enda 20.000 evrur minna en 75% af 50.000). Svo yrði afgangurinn fenginn innlánseigandanum (0.75*50.000-20.000=17.500).

Icesave-samningurinn kveður hins vegar á um að þessi 50.000 krafa sé skorin í tvær jafnréttháar kröfur. Þannig fái Tryggingasjóðurinn aðeins 75% af 20.000 (og innstæðueigandinn 20.000 plús 75% af 30.000). Ragnar Hall telur að með þessu hafi Ísland samið af sér. Réttast hefði verið samkvæmt íslenskum lögum, að hans mati, að skipta búinu líkt og upphaflega krafan væri óskipt og því gengju fyrstu krónurnar beint til Tryggingasjóðs innstæðueigenda eins og í fyrra dæminu.

**Vandinn við lagatúlkun Ragnars**

Vandinn við þessa lagatúlkun er að íslensk lög kveða ekki skýrt á um þessa skiptareglu, ólíkt lögum í mörgum erlendum ríkjum. Skiptaregla Ragnars á sér hvorki beina stoð í lögum né fordæmum við skipti á þrotabúum fjármálastofnana á Íslandi. Að því er ég best get séð á reglan sér eingöngu stoð í fordæmum hjá Ábyrgðasjóði launa. Fjölmargir aðrir íslenskir lögfræðingar halda fram öðrum sjónarmiðum en Ragnar, með vísun í íslensk lög og fordæmi. Þykja mér rök þeirra tiltölulega sannfærandi, að því marki sem ég er læs á íslensk lög.

Það eina sem ég hygg að við getum sagt með vissu á þessu stigi málsins er því að íslensk lög kveða ekki skýrt á um hvernig þrotabúum fjármálastofnana yrði skipt. Það er því erfitt að spá fyrir um niðurstöðu íslenskra dómstóla ef reynt hefði á.

**Kjarni málsins**

En þetta er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, að kröfuröðin var auðvitað samningsatriði milli Íslendinga, Hollendinga og Breta. Það var ekki við því að búast að viðsemjendur okkar vildu láta kröfuröð ráðast fyrir héraðsdómi uppi á Íslandi. Auðvitað voru Hollendingar og Bretar ekki tilbúnir að skrifa undir samning, sem þeir vissu ekki hvað þýddi. Það hefðu verið afglöp af þeirra hálfu. En náðu þeir þá fram öllum sínum kröfum en við engu?

**Eru menn búnir að gleyma neyðarlögunum?**

Það er eins og menn gleymi því að þegar Bretar og Hollendingar settust við samningaborðið með okkur Íslendingum var Alþingi Íslendinga nýbúið að setja neyðarlög sem umturnuðu kröfuröð í þrotabú íslensku bankanna, með því að setja innlánseigendur fremst, en láta aðra kröfuhafa mæta afgangi.

Á sama tíma sagði Alþingi að innlánseigendur í íslenskum útibúum fengju innistæður sínar til baka að fullu á meðan innstæðueigendur í erlendum útibúum voru í engu tryggðir af íslenskum stjórnvöldum. Þetta var það sem upphaflega hleypti illu blóði í viðsemjendur okkar. Þessi mismunun var ekki beint til þess fallin að skapa traust hjá viðsemjendum okkar um kröfuröð að íslenskum lögum.

Ragnar Hall virðist telja að íslenska samninganefndin hafi samið af sér vegna þess að samningurinn kveður ekki á um þá kröfuröð innlánseigenda sem hann telur eðlilega samkvæmt íslensku neyðarlögunum sem samþykkt voru á Alþingi korteri fyrir hrun. En má ekki á sama hátt halda því fram að samninganefndin hafi unnið „afrek“ með því að fá Hollendinga og Breta til að fallast yfirhöfuð á neyðarlögin, því þrátt fyrir allt gerðu neyðarlögin kröfur innlánseigenda (og þar með Tryggingasjóð að stórum hluta) að forgangskröfum?

Hvað hefði gerst ef þetta hefði ekki náðst fram, og alþjóðasamfélagið hefði knúið okkur til að aflétta neyðarlögunum? Í fyrsta lagi hefði það valdið því að ríkið fengi miklu minna í sínar hendur úr búi Landsbankans. En það er ekki öll sagan.

**Hvað hefði gerst án neyðarlaganna?**

Ef neyðarlögin stæðust ekki myndi það einnig þýða að nýju bankarnir, þ.e. Nýja Kaupþing, Íslandsbanki og Nýi Landsbankinn, myndu fá miklu minna í sínar hendur úr þrotabúum gömlu bankanna. Þessir nýju bankar eru handhafar krafna íslenskra innlánseigenda á þrotabú gömlu bankanna. Þessar kröfur nýju bankanna eru forgangskröfur samkvæmt neyðarlögunum. Ef ekki hefði til þeirra komið væru þær jafnsettar og kröfur hinna fjölmörgu erlendu banka er veittu íslenskum fjármálafyrirtækjunum fyrirgreiðslu.

Icesave-samningurinn náði því þó fram að við náðum sátt við erlenda lánardrottna, eða a.m.k. erlend stjórnvöld, um að innlánseigendur ættu forgang, en aðrir kröfuhafar væru þar með settir út í kuldann.

Auðvitað gerðu bresk og hollensk stjórnvöld þennan samning ekki af neinum sérstökum náungakærleika. Þau áttu líka augljósra hagsmuna að gæta, nefnilega þeirra að þeirra eigin tryggingasjóðir fengju eitthvað upp í skaðann. Það má segja að Icesave-samningurinn sé að einhverju leyti samkomulag stjórnvalda þessara ríkja til að tryggja hagsmuni eigin skattborgara á kostnað annarra kröfuhafa, aðallega sýnist mér á kostnað þýskra banka. Það eru því væntanlega aðrir kröfuhafar, og íslenskir og erlendir lögmenn þeirra, sem hafa ríka hagsmuni af því að Icesave-samningarnir verði felldir og neyðarlögin afnumin, en ekki endilega íslenskir skattgreiðendur að sama skapi.

**Ósanngjörn kröfuröð?**

Íslensk lög eru óskýr, a.m.k. ef marka má þá fjölmörgu íslensku lögfræðinga sem hafa tjáð sig um málið. En er kröfuröð innlánseigenda samkvæmt Icesave-samningum ekki ósanngjörn í alþjóðlegu samhengi? Er verið að svína á okkur? Svarið sýnist mér vera nei.

Í landi okkar helstu viðsemjanda, Breta, er kröfuröð negld niður með skýrum hætti. Lög þeirra segja að Tryggingasjóður innlánseigenda sé aftastur í röðinni á eftir öðrum kröfum innlánseigenda! (A.m.k. ef marka má ýmis lagaálit á upplýsingasíðu íslenskra stjórnvalda um þetta efni á www.island.is). Sama gildir hjá okkar forna nýlenduveldi, Danmörku. Er við því að búast að viðsemjendur okkar hefðu fellt sig við túlkun Ragnars Halls á neyðarlögunum sem sett voru korteri fyrir hrun, þegar þessi lög voru bersýnilega smíðuð til að lágmarka skaða Íslands burtséð frá hagsmunum breskra og hollenskra innlánseigenda? Hefði ekki verið að bera í bakkafullan lækinn að krefjast þess að þessar þjóðir sættu sig bæði við neyðarlögin, sem tryggði íslenska innlánseigendur að fullu, en erlenda í engu, og svo í ofanálag að neyðarlögin væru túlkuð þannig að nánast allur skaðinn af þessu gjaldþroti lenti á breska og hollenska Tryggingasjóðnum, sem og erlendum innlánseigendum á borð við breskar sveitarstjórnir, spítala, og líknarstofnanir sem trúðu Landsbankanum (og þar með íslenska Fjármáleftirlitinu) fyrir sparifé sínu?

Er ekki allt eins hægt að halda því fram að það hafi verið „afrek“ hjá íslensku samninganefndinni að lög hafi þó verið túlkuð líkt og gert er í samningum, frekar en (i) að viðsemjendur okkar hefðu neitað að viðurkenna neyðarlögin eða (ii) að kröfuröðin hefði verið líkt og í Bretlandi og Danmörku þar sem Tryggingasjóður er síðastur í kröfuröð innlánseigenda?

**Niðurstaða**

Mín niðurstaða felur hvorki í sér þá skoðun að samið hafi verið af sér eða að afrek hafi verið unnið í Icesave-samningum. Þetta var einfaldlega að mörgu leyti fyrirsjáanleg niðurstaða í hörmulegu máli. Málamiðlun. Hefði verið hægt að ná fram betri málamiðlun? Ég treysti mér ekki til þess að dæma um það, enda samningar af þessu tagi flóknir, og samningsstaða okkar var afskaplega veik. Á hinn bóginn sýnist mér að af tveimur herfilegum kostum sé happadrýgst fyrir Alþingi að samþykkja Icesave. Það er eitt lykilatriðið til að endurreisa alþjóðlegt traust á Íslandi. Með því að fella samninginn hefjum við háskaför sem ekki sér fyrir endann á. Það þarf að klára þetta ógæfumál og snúa sér að uppbyggingu Íslands.

*Höfundur er hagfræðingur.*



Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð verð 80.000 tilboð 58.000
meðan byrgðir endast.

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is
Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337
www.rainbow.is


# Réttlát og lýðræðisleg lausn fyrir Borgarahreyfinguna

UMRÆÐAN
Hafsteinn Hafsteinsson skrifar um sáttamiðlun


HAFSTEINN HAFSTEINSSON

Sáttamiðlun (mediation) er lausnamiðuð ráðgjöf sem studst er við þegar fólk lendir í átökum, ágreiningi eða deilum. Markmiðið er að finna varanlegar lausnir á samskiptaörðugleikum fólks.

Í sáttamiðlun er vandinn skoðaður með hverjum málsaðila fyrir sig og svo haldinn sameiginlegur sáttafundur þar sem vandinn er ræddur undir stjórn hlutlauss sáttamiðlara. Hlutverk sáttamanns er að draga fram þekkingu og sköpunargáfu fólks við lausn vandans og hvetja til gagnkvæms skilnings og samvinnu.

Allt sem fer fram í sáttamiðlun er trúnaðarmál og allir taka þátt af fúsum og frjálsum vilja. Í sáttamiðlun gefst tækifæri til að lýsa sinni hlið málsins við öruggar aðstæður. Fólki gefst kostur á að greiða úr misskilningi, greina ólíka hagsmuni og koma fram með gagnkvæmar lausnir. Það er grundvallaratriði í sáttamiðlun að fólk hlusti á hvert annað og sýni hvert öðru virðingu.

Nú liggur mikið við að sú sáttanefnd sem sett var á laggirnar af stjórn Borgarahreyfingarinnar standi sig en henni er þó nokkur vandi á höndum. Orsök deilunnar er fjölþætt en svo virðist vera sem hún hafi byrjað formlega þegar þrír af fjórum þingmönnum hreyfingarinnar ákváðu að greiða atkvæði gegn aðildarviðræðum við Evrópusambandið á Alþingi og voru þá taldir svíkja kosningaloforð um að þjóðin taki lokaákvörðun um mikilvæg mál. Jafnframt þóttu þingmennirnir vinna á móti stefnu flokksins með því að spyrða saman tvö mál: Icesave og ESB. Þá þótti málatilbúnaðurinn jafnvel heyra undir hefðbundin klækjastjórnmál sem ekki er í anda hreyfingarinnar. Aðrir telja afstöðu þingmannanna þriggja mjög skiljanlega í ljósi aðstæðna og að þeir séu í fullum rétti til að fylgja sannfæringu sinni eftir að hafa kynnt sér málin rækilega.

Á heimasíðu Borgarahreyfingarinnar stendur að „hreyfingin samanstandi af hópi fólks úr öllum kimum samfélagsins, sem hafi vaknað upp við að misvitrir auð- og stjórnmálamenn hafi kippt undan því fótunum með glæpsamlegri hegðun og eiginhagsmunagæslu, og að krafan um réttlæti, jafnrétti og lýðræði sameini fólk í hreyfingunni“. Allir þingmenn hreyfingarinnar hafa væntanlega samþykkt þessa yfirlýsingu.

Þegar ólíkir einstaklingar og ókunnugir hver öðrum ætla að hefja samstarf þurfa mjög skýr markmið og vinnureglur að liggja til grundvallar.

Þingmennirnir fjórir starfa í umboði hreyfingarinnar og eru fyrirmyndir hennar. Þeir geta unnið saman sem ein heild að hagsmunum kjósenda eða ákveðið að sinna eiginhagsmunum og afneitað eigin glappaskotum. Mistök þeirra allra eru skiljanleg enda um að ræða flókið samstarf og erfið viðfangsefni að ræða. En alvarlegustu mistökin hafa ekki ennþá litið dagsins ljós. Vegna ágreiningsins gæti hreyfingin liðið undir lok. Það mun gerast ef þingmennirnir hafa ekki kjark og kærleika til að sjá sinn þátt í vandanum, fyrirgefa, biðjast afsökunar og finna sameiginlega lausn á ágreiningnum, en um það snúast kjörorðin jafnrétti, réttlæti og lýðræði. Ágreiningur er eðlilegur hluti daglegs lífs og hvorki neikvæður né jákvæður í sjálfum sér, en viðbrögð okkar við honum geta verið það. Með því að takast á við ágreining á uppbyggilegan hátt skerpum við á því sem skiptir máli, lærum að sýna hugmyndum og þörfum annarra virðingu og sjáum í vandanum nýja möguleika, valkosti og tækifæri.

*Höfundur er sáttamiðlari.*


ego dekor
-40%
Veggsamstæða í hnotu
Br: 243cm
Hæð: 156cm
Verð áður: 145.000,-
Verð nú: 87.000,-
LOTUS stóll
Fáanlegur í brúnu, svörtu og hvítu
Verð áður: 14.500,-
Verð nú: 11.600,-
-20%
-20%
Leðurstóll
Eingöngu í hvítu leðri
Verð áður: 19.800,-
Verð nú: 15.840,-
Skápasamstæða
Hvíttuð eik-svart gler
Verð áður: 238.000,-
VERÐ NÚ: 166.600,-
-30%
-25%
TV skenkur
Br: 180cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 98.000,-
Verð nú: 73.500,-
TV skenkur með ljósi
Br: 200cm
Fáanlegur í natural og hvíttaðri eik
Verð áður: 89.000,-
Verð nú: 53.400,-
-40%
-25%
TV skenkur
Br: 200cm
Fáanlegur í hvítu og svörtu háglans
Verð áður: 106.000,-
Verð nú: 79.500,-
ÚTSALAN ER HAFIN 20-70% AFSLÁTTUR
-30%
PLANET tungusófi
Stærð: 290x160cm
Verð áður: 256.000,-
Verð nú: 179.200,-
CLAY leðursófasett
3ja sæta - Verð áður: 145.000,-
Verð nú: 108.750,-
2,5 sæta - Verð áður: 129.000,-
Verð nú: 96.750,-
-25%
Stóll - Verð áður: 79.000,-
Verð nú: 59.250,-
-20%
YORK tungusófi
Stærð: 280x190cm
Færanleg tunga
Verð áður: 245.000,-
Verð nú: 196.000,-
-20%
GRANDO tungusófi
Stærð: 230x157cm
Færanleg tunga
Verð áður: 168.000,-
Verð nú: 134.400,-
-25%
CLAY leðurhornsófi
Stærð: 216x216cm
Verð áður: 252.000,-
Verð nú: 189.000,-
-30%
AIR tungusófi
2 mynstraðir púðar fylgja
Stærð: 297x155cm
Verð áður: 238.000,-
Verð nú: 166.600,-
Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

# Mannlegt vald

**UMRÆÐAN**
Vigdís Hauksdóttir skrifar um kjör heimila


VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Ekkert í mannlegu valdi getur bætt fólki það sem gerðist í bankahruninu, var haft eftir sællegum og útiteknum félagsmálaráðherra í fréttum RÚV í byrjun mánaðar. Er það nú svo? Hugsi maður nú aðeins til baka, þá stukku menn til í bankahruninu og tryggðu allar innistæður í bönkum og peningamarkaðssjóðirnir fengu 200 milljarða til að bæta fólki tapið.

Hver var að verki þar? Var það vald Guðs á himnum? Eða kannski flokksbróðir félagsmálaráðherra, fyrrverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson?

Það er vont til þess að hugsa að ráðherra trúi þessari vitleysu í sjálfum sér, en í mót kemur, að það er svo auðvelt að skilja sjálfan sig, þótt maður skilji ekkert annað. Og merkilegt má það heita, að ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks skyldi bjarga ákveðnum hluta þjóðarinnar frá

*Það er vont til þess að hugsa að ráðherra trúi þessari vitleysu í sjálfum sér, en í mót kemur, að það er svo auðvelt að skilja sjálfan sig, þótt maður skilji ekkert annað.*

efnahagslegu skipbroti, en ekki öðrum. Hvað með þá sem lögðu sparnað sinn í fasteignir? Eigið fé þeirra hefur brunnið upp og stjórnvöld hafa ekki lyft litla fingri þeim til varnar.

Önnur dæmi af sama meiði mætti taka af töluglögga sællega ráðherranum. Okkur ber niður í umræður á Alþingi 5. desember í fyrra. Ræðumaður er Árni Þór Sigurðsson, þá í stjórnarandstöðu. Árni Þór velti fyrir sér hversu mikið Íslendingar gætu þurft að borga vegna Icesave. Gellur þá í töluglöggum verðandi ráðherra Árna Páli; „Það getur vel verið að það þurfi ekkert að borga. Það er lágmarkstalan.“ Árni Þór svaraði að bragði; „Það er afskaplega ósennilegt, háttvirtur þingmaður.“ Og þarna skeikar ekki nema nokkur hundruð milljörðum, Árna Páli í óhag. Annað dæmi af því hversu næmur Árni Páll er fyrir samtímanum, er það sem eftir honum er haft í helgarblaði Fréttablaðsins í lok maí; „Blessunarlega er það ekki þannig að þorri heimila geti ekki staðið í skilum þótt skuldabyrði hafi aukist. Ef þú horfir á verðtryggðu lánin, þá er næstum enginn að verða fyrir meiri hækkun afborgana en sem nemur fimmtíu þúsund krónum.“ Vafalítið hefur Árni Páll haft svo lítið á milli handa, að hann muni eitthvað um fimmtíu þúsund „kall“. Allt ber hér að sama brunni, skilningsleysi félagsmálaráðherrans er svo yfirþyrmandi að jaðrar við einfeldningshátt, í besta falli.

*Höfundur er lögfræðingur og þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.*

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Mistök að kaupa Dash-8

**UMRÆÐAN**
Jón Jónsson skrifar um flugvélakost Landhelgisgæslunnar.


JÓN JÓNSSON

Ég vil byrja bréf þetta á að samhryggjast starfsfólki Landhelgisgæslunnar og íslensku þjóðinni með hina nýju Dash-8 flugvél sem þau fengu afhenta á dögunum. Það eru nokkur ár síðan gengið var frá kaupum á téðri flugvél, að minnsta kosti virtist þá vera allt í þessu fína í fjármálum ríkisins. En þvílíkt metnaðarleysi og gamaldags afturhaldsstefna að kaupa svona flugvél!

Við hefðum til dæmis getað keypt 8 stykki Fokker-50 frá Japan eða Filippseyjum fyrir 4 milljarðana! Okkur vantaði hins vegar bara eina flugvél, svo að það hefði verið hægt að spara allt að 3 milljarða hefði Fokker-50 leiðin verið farin. Til að gæta allrar sanngirni skal tekið fram að Fokker-50 hefur ekki verið framleidd síðustu 10 ár svo að ég er að tala um notaða F-50.

Fokker-50 er mun öflugri og sterkari flugvél en Dash-8. Dash 8 þarf hins vegar styttri flugbrautir en Fokker-50 en hvaða máli skiptir það fyrir Landhelgisgæsluna? Þeir aðilar sem telja sig hafa sérfræðiþekkingu á þessu máli og ég hef talað við afsaka þessi Dash-8 kaup með því að Dash-8 vélin sé ríkulega búin ýmiss konar tækjum, til dæmis radar, nætursjónaukum o.fl., o.fl. Það má rétt vera en það kemur Dash-8 eða F-50 bara ekkert við. Þessi góðu tæki má setja nánast í hvaða flugvél sem er og hefur ekkert með tegund að gera. Síðan er rétt að geta þess að Dash-8 er allt of lítil flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Þá hefur hún T-stél sem meðal annars skapar hættu lendi vélin í „stall“. Þá eru miklar líkur á að flugmennirnir nái ekki aftur stjórn á Dash-8 við slíkar aðstæður.

En aftur að metnaðarleysinu. Landhelgisgæslan hefur nú yfir að ráða 2 stórum Puma-þyrlum og einni minni Dauphin-þyrlu. Eftir að NATO-herinn hvarf héðan með sín öflugu tól hefur björgunarþjónusta við sjómenn verið meira og minna í uppnámi. Það sem við þurfum hér er tankflugvél sem getur gefið þyrlum eldsneyti á flugi. Við erum NATO-þjóð og hefði ekki til dæmis verið hægt að gera samning við Bandaríkjamenn um leigu eða kaup á tankflugvél og öflugri þyrlum? Það er skömm að því að við setjum sjófarendur í aftasta sæti þegar kemur að öryggismálum. Mér finnst að við ættum að selja þessa Dash-8 flugvél til vanþróaðra landa og kaupa til bráðabirgða notaða Fokker-50 þangað til fjárhagur okkar skánar og setja það sem framtíðarmarkmið að sem fyrst verði keypt eða leigð hingað alvöru tankflugvél og útbúnaður til eldsneytistöku á flugi verði settur á Puma-þyrlurnar eða keyptar þyrlur með slíkum búnaði.

Við höfum ekki her á Íslandi og þurfum þar af leiðandi ekki að setja krónu í hernað, þannig að við ættum alveg að hafa efni á að eiga lágmarks alvöru björgunartæki. Mér þætti vænt um að forstjóri Landhelgisgæslunnar svaraði þessu bréfi á síðum Fréttablaðsins og segði skoðun sína á þessum athugasemdum og segði okkur hver væri hans óskastaða í þessum málum burtséð frá kostnaði.

*Höfundur er fyrrverandi vagnstjóri.*










Afmæli
20&5
ára
Laugavegi 27
Tónlistar atriði frá 13 – 16
Afríkuhópurinn Afrika Lole
Helgi og Steini úr Hjálmum ásamt óvæntum gestum
25 % afsláttur af völdum kaffi og te tegundum
Bjóðum uppá  kaffi, frappó, íste og fleira
TE & KAFFI



**GAMAN SAMAN** Þeim Jóhönnu Kristjónsdóttur og Hugleiki Dagssyni leiddist ekki í hlutverki rökstólapars vikunnar.

# Tortíming tímans meikar sens

Ef þau **Jóhanna Kristjónsdóttir** og **Hugleikur Dagsson** hittast einhvern tímann í fermingarveislu er líklegast að þau muni standa úti á svölum í hrókasamræðum alla veisluna. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* lá á hleri á meðan rökstólapar vikunnar fór á flug.

## Á RÖKSTÓLUM

Samtal þeirra Jóhönnu og Hugleiks hefst á því að hann segist ánægður með að eyða tíma sínum með henni. Það þykir henni ekki fallegt orðalag og lætur hann heyra það. Á Íslandi noti maður nefnilega tímann.

**Hugleikur:** „En eyðilegging er stundum svolítið flott. Sú hugmynd að tíminn bara sundrist á meðan maður er að nota hann.”

**Jóhanna:** „Já, ég get fallist á þessi rök, enda er ég ekki nöldurpúki eða hreinsunarsinni. Mér finnst til dæmis allt í lagi að sletta ef maður kann það. Mér finnst það oft til fyrirmyndar.“

**Hugleikur:** „Ég stend mig oft að því að finna ekki íslenskt orðasamband yfir hlutina. Til dæmis þegar manni finnst eitthvað meika sens. Ég bara finn ekki ekki íslenska orðasambandið yfir það.“

**Jóhanna:** „Já, það meikar alveg sens. Ekki kem ég því fyrir mig hvert íslenska orðasambandið yfir það er.“

**Hugleikur:** „Við erum þá kannski ekki með meika sens í orðaforðanum okkar, Íslendingar. Það útskýrir alveg rosalega margt.“

**Jóhanna:** „Ég var heldur ánægð með þessa hugmynd að fá okkur saman á rökstólana. Mér finnst við vera svo algjörar dellur saman. Í hvaða merki ertu?“

**Hugleikur:** „Ég er vog. Fæddur 5. október, sama dag og Hómer Simpson, skilst mér.“

**Jóhanna:** „Hann hefur kannski haft áhrif á þig? Ég er vatnsberi. Vog og vatnsberi eiga ágætlega saman. Hann er svo sveigjanlegur og ljúfur og hún er svo þrjósk. Vatnsberi umber þetta allt saman.“

**Hugleikur:** „Ég veit ekki hvort ég er þrjóskur. En ég er hins vegar dæmigerð vog að því leyti að ég er ofboðslega mikill afstöðuleysingi. Ég segist ekki vilja taka afstöðu en kannski þori ég það ekki.“

**Jóhanna:** „Mér finnst þú nú taka afstöðu í því sem ég hef lesið eftir þig. Þú gerir það bara á mjög sérstakan hátt.“

### Ýkjusögur á Facebook

**Jóhanna:** „Við erum ekki vinir á Facebook.“

**Hugleikur:** „Nei, en ég fletti þér samt upp á Facebook í gær en ætlaði ekki að sækja um vináttuna fyrr en við værum búin að rabba saman. Ég er annars rétt nýbúinn að hrista af mér þetta áráttuskeið, þar sem maður kíkir á Facebook tíu sinnum á dag. Nú er maður orðinn nógu vanur því til að kíkja bara þrisvar á dag.“

**Jóhanna:** „Það er auðvelt að verða dálítið „hooked“, eins og það heitir á góðri íslensku, á Facebook. Fyrst fannst mér hún svo yfirborðskennd og rugluð að einhvern veginn fannst mér að ég myndi ekki una mér þarna. En ég hef komist upp á lag með að nota hana til skemmtunar. Ég bulla svolítið mikið stundum og segi sögur sem fólk virðist trúa. Á Facebook er ég til dæmis alltaf að baka eða búa til einhvern undarlegan mat.“

**Hugleikur:** „Og ertu svo ekkert að baka?! Ertu bara að þykjast?“

**Jóhanna:** „Nei, nei. En ég hef skemmtun af þessu. Svo hef ég tekið eftir því að það er ákveðin vinsemd á Facebook sem ég hélt að væri ekki. Þar tíðkast ekki þessi óþverri eins og er á blogginu.”

**Hugleikur:** „Nei, það er skrýtið hvað fólk lætur út úr sér þar. Það má líkja því við að labba niður Laugaveginn með grímu og móðga alla sem á vegi manns verða.“

**Jóhanna:** „Já, hefurðu gert það?“

**Hugleikur:** „Ég hef ekki gert það nei, en ég labbaði niður Laugaveginn með svínagrímu fyrir nokkrum árum. Fólk sagði ekki neitt. Það lét sem það sæi mig ekki. Ég varð ósýnilegur.“

**Jóhanna:** „Varstu ekki vonsvikinn að fólk var meðvitað um að taka ekki eftir þér?“

**Hugleikur:** „Nei, ég held að ég myndi bregðast nákvæmlega eins við sjálfur. En ég myndi ekki gera þetta núna. Að setja upp svínagrímu í dag væri ófrumlegasti gjörningur sem ég gæti tekið upp á. Skot á hvað væri það? Svínaflensuna? Stjórnvöld? Svín eru líka mjög ófrumleg dýr.“

### Húmor í takmörkuðu upplagi

*Talandi um svín. Óttist þið svínaflensuna?*

**Hugleikur:** „Ég er reyndar búinn að vera með stíflaðar ennisholur síðan í maí. En ég held að það sé nú ekki svínaflensan.“

**Jóhanna:** „Ef maður ætti að hafa áhyggjur af öllu sem gerist í heiminum myndi maður bugast gjörsamlega. Við getum ekki tekið þetta allt á herðarnar. Og þaðan af síður leggur maður það á sálina.“

**Hugleikur:** „Nei, maður verður að vera bjartsýnismaður. Mér finnst bara ekki vera annað í stöðunni, nokkurn tímann. Ég held að Winston Churchill hafi sagt eitthvað á þessa leið.“

**Jóhanna:** „Winston var góður. Hann hafði líka húmor. Ég er voða hrifin af svoleiðis fólki, sem hefur húmor. Mér finnst það geta bjargað lífi fólks. En hefur þú húmor fyrir sjálfum þér? Þolirðu það að aðrir hlæi að þér, á bak við þig?”

**Hugleikur:** „Nei, ég myndi ekki þola það.“

**Jóhanna:** „Ekki ég heldur. Maður grínast með sjálfan sig og er voða léttur og huggulegur. En ef maður fréttir að einhver annar geri það þegar maður er ekki viðstaddur verður maður virkilega sár. Þetta heitir líklega að hafa takmarkaðan húmor.“

**Hugleikur:** „Einu sinni tók ég próf á Facebook þar sem hægt var að fá að vita hvaða frægi Íslendingur færi mest í taugarnar á manni. Ég fékk sjálfan mig, en tók reyndar prófið þannig að ég vissi að það yrði niðurstaðan. Henni fylgdi texti þar sem meðal annars stóð að ég kynni ekki að teikna og ýmislegt fleira mjög særandi.“

**Jóhanna:** „Sko, þú ert viðkvæm sál.“

**Hugleikur:** „Já, ég varð sár þegar ég las þetta. En ég var ekki sár í meira en hálfan dag. Ég hugsaði nefnilega með mér að nú hlyti ég að vera búinn að meika það, fyrst að einhver þolir mig ekki á Facebook og setur mig í próf.“

### Saman úti á svölum

*Getið þið nefnt þrjú atriði sem þið teljið vera sönn um hvort annað, nú þegar þið eruð búin að ræða saman í hálftíma?*

**Hugleikur:** „Ég skal byrja. Ég held að þú hafir dæst í leikhúsi. Og ég held að ef við værum í sömu fermingarveislunni myndi ég finna þig úti á svölum. Svo held að þú sért meira fyrir ketti heldur en hunda.“

**Jóhanna:** „Það er rétt að ég er hrifin af köttum. Ég hef ekkert á móti hundum en kettir höfða meira til mín. Ástæðan fyrir því að ég væri úti á svölum er að mér leiðist í fermingarveislum. Já, og það er mjög auðvelt að dæsa í leikhúsi. En ég geng bara út af sýningum ef mér leiðist. En þá eru það þessi þrjú atriði um þig. Ég held að þú takir þig miklu alvarlegar en þú vilt vera láta.”

**Hugleikur:** „Það er nokkuð til í því, ég er alla vega alltaf að hugsa um hvernig ég eigi að vera og hugsa um að gera ekki einhverja vitleysu, þó að ég sé alltaf á yfirboðinu að reyna að vera voðalega „ligeglad“.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hvernig hlutir virka á mig fyrr en eftir á. Ég gerði til dæmis bók um eineygða köttinn Kisa sem kom út í desember, rétt eftir að kreppan skall á. Framhaldið kemur út núna á næstu dögum sem tekur á því sem gerðist seinna.“

**Jóhanna:** „Ég fæ mér hana, mér finnst eineygði kötturinn guðdómlegur.“

„Í nýju bókinni skrifa ég um kreppuna eins og maður sem veit ekkert um hana. Enda veit ég ekkert um hana því ég skil ekki fréttir. Ég fæ þessar upplýsingar, skil þær ekki en melti þær og úr verður Kisi.“

**Jóhanna:** „Það er mjög gott að leysa þær þannig. Þú ert heppinn að hafa Kisa. Ég viðurkenni fúslega að mér finnst voðalega erfitt að skilja fréttir. En fréttir eru líka svo óskaplega illa skrifaðar, allir þessir frasar og stofnanamál sem er borið í okkur. Stundum er það svo leiðinlegt að það er næstum því fyndið.“

**Hugleikur:** „Mér finnst þetta svolítið eins og kvikmyndin Pirates of the Caribbean 3. Ég sá númer eitt og náði henni alveg. Númer tvö náði ég ekki alveg. En sú þriðja var alveg óskiljanleg með allt of mörgum persónum. Endaði svo með hringiðu í sjónum sem mörg skip voru að sogast ofan í og sjóræningjar að skylmast á öllum skipunum. Svona finnst mér kreppan vera.“

**Jóhanna:** „Þetta er svolítið góð lýsing á ástandinu. En skýrir hins vegar ekki af hverju þetta fór svona. Hvað varð til þess að skipin eru að sökkva og allir eru að skylmast?“

**Hugleikur:** „Þetta er bara allt svo illa skrifað.“

**Jóhanna:** „Já, alveg óskaplega illa skrifað, alveg ægilega.“

**Jóhanna:** „Þessi skoðun mín felur auðvitað margt í sér, þannig að ég er hér um bil búin að nefna öll þrjú atriðin með henni. Annars hugsa ég að þú sért líka nokkuð vandfýsinn á hverja þú hefur í kringum þig. Þú vilt ekki láta fólk gleypa þig. En ég veit ekki hvort þú látir endilega á því bera.“

**Hugleikur:** „Ég er dálítið meðvirkur. Ég þoli ekki leiðinlegt fólk. En ég vil samt ekki vera leiðinlegur við leiðinlegt fólk.“

**Jóhanna:** „Annars velti ég því fyrir mér, þegar ég gluggaði í bækurnar þínar, hvernig í ósköpunum svona ungur maður eins og þú virðist átta sig á öllu mögulegu. Þessar hugmyndir eru svo fullorðinslegar. Mér sýnist þú hugsa margt sem ég hefði haldið að þú værir of ungur til að gera.“

**Hugleikur:** „Já, takk fyrir það. Ég tek þessu sem hrósi.“

### Í miðju alheimsins

*Eruð þið eitthvað að hugsa um að flýja land, eins og svo margir Íslendingar?*

**Jóhanna:** „Nei, því skyldi ég gera það? En mér finnst hins vegar alveg nauðsynlegt að ferðast og geri mikið af því.“

**Hugleikur:** „Nei, þvert á móti. Stuttu eftir hrun var eins og maður byggi í miðju alheimsins. Maður vill auðvitað bara vera þar. Ég fór reyndar út á hápunkti búsáhaldabyltingarinnar og missti af henni. En kannski fæ ég bara að sjá hana éta börnin sín í staðinn.“

**Jóhanna:** „Mér fannst búsáhaldabyltingin að sumu leyti verulega merkilegt fyrirbrigði. Og mér fannst merkilegt að sjá hvernig fólk brást við þessu öllu saman, af því við höfum alltaf verið svo þæg.“

**Hugleikur:** „Já, ég tel mér trú um að ég hafi einhvern ákveðinn vinkil á þetta eftir að hafa séð þetta úr fjarlægð. Oft sé ég samt ekki

## VISSIR ÞÚ AÐ…

**seinni bók Hugleiks** um eineygða köttinn Kisa og ástandið er væntanleg í verslanir á næstu dögum?

**Jóhanna** hefur skrifað nokkrar skáldsögur, ljóðabækur og ferðabækur? Margar þeirra fjalla á einn eða annan hátt um Mið-Austurlönd.

**Hugleik** dreymdi um að búa við Loch Ness-vatn í Skotlandi þegar hann var yngri? Nú langar til að búa í Japan um hríð enda landið Mekka myndasagna.

**Jóhanna** bjó í nokkur ár í Sýrlandi, Egyptalandi og Jemen þar sem hún lagði stund á arabískunám?

**Hugleikur og Jóhanna** búa bæði í Vesturbæ Reykjavíkur?

**Jóhanna** unir sér vel í sínu húsi, enda fylgir því gömul kona á peysufötum sem bakar pönnukökur í gríð og erg?

**Hugleikur** ætlar að færa sig nær hringiðunni á næstu dögum og flytja á miðpunkt Reykjavíkur?




# Áfangi sem hart var barist fyrir

Á morgun verða fimmtán ár liðin frá því formlega var opnað fyrir GSM-símakerfið á Íslandi. *Kjartan Guðmundsson* leit til baka með **Ólafi Tómassyni**, þáverandi póst- og símamálastjóra, sem hringdi fyrsta GSM-símtalið frá Reykjavík til Akureyrar.



**FYRSTA SÍMTALIÐ** Það var margt um manninn í höfuðstöðvum Símans í Reykjavík þegar Ólafur Tómasson hringdi fyrsta GSM-símtalið hinn 16. ágúst 1994. Halldór Blöndal, þáverandi samgönguráðherra, var hinum megin á línunni. LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/SVEINN ÞORMÓÐSSON

„Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að svona langt væri liðið síðan opnað var fyrir GSM-kerfið. Tíminn er fljótur að líða," segir Ólafur Tómasson, fyrrverandi póst- og símamálastjóri. Ólafur tók GSM-farsímakerfið formlega í notkun á Íslandi fyrir næstum sléttum fimmtán árum, hinn 16. ágúst 1994, með því að hringja fyrsta GSM-símtalið í Halldór Blöndal, þáverandi samgönguráðherra.

Ólafur, sem staddur var í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Reykjavík þennan dag, sló á þráðinn til Halldórs sem var staddur á veitingastaðnum Góða dátanum á Akureyri. „Við ræddum um að nú hefði okkur tekist að ná þessum áfanga sem við höfðum barist fyrir. Þetta var einn af mörgum áföngum sem náð var á þessum árum og Halldór stóð við bakið á mér og stofnuninni við að koma þessu á. Það var virkilega gaman að starfa í þessum geira á þessum tíma. Ég hafði alltaf afar gaman af því að starfa hjá Símanum," segir Ólafur.

**GSM-kerfið ómissandi**

GSM-kerfið kom í kjölfar NMT-450 farsímakerfisins sem hafði verið við lýði um hríð. Ólafur segir NMT-kerfið, sem var nokkurs konar Norðurlandaútgáfa af farsímakerfi, hafa verið mjög gott og náð langt, jafnvel út á haf. „Það var hins vegar greinilegt að það kerfi var of lítið fyrir þá miklu umferð sem var á leiðinni, bæði hér á landi og í Evrópu. GSM-kerfið er upphaflega Evrópukerfi, sem síðan breiddist út um allan heim og þróaðist út í það sem það er í dag. Nú til dags þykir fólki GSM-kerfið hreinlega ómissandi," segir Ólafur.

„Við vissum að þetta var á leiðinni og þess vegna brugðumst við skjótt við og helltum okkur út í þetta. Það voru alls ekki allir ánægðir með að við skyldum bregðast svo fljótt við. Til að mynda var hugsanagangur ýmissa stjórnmálamanna á þá leið að NMT-kerfið væri alveg nægilegt Íslendingum," bætir fyrrverandi póst- og símamálastjórinn við.

**Nýr heimur opnaðist**

Spurður um þær breytingar, menningar- og félagslegar, sem GSM-kerfið innleiddi á Íslandi telur Ólafur að þróunin síðustu fimmtán árin sé einungis framhald á því sem hófst fyrir margt löngu. „Ég miða gjarnan við árið 1961, þegar mögulegt varð að eiga samtöl í gegnum streng héðan til Evrópu og Ameríku. Svo var tekið geysistórt skref árið 1980 þegar fyrst varð hægt að velja sjálfvirkt til útlanda og upp úr því hægt að flytja sjónvarpsmyndir frá samtímaatburðum. Varðandi menningar- og félagslegar breytingar sem urðu í kjölfar uppsetningar GSM-kerfisins þá veit ég varla hvar ég á að byrja. Í stuttu máli þá er kerfið orðið að algjörri undirstöðu fyrir alla menningu, atvinnulíf og viðskipti."

Ólafur segir tækniþróunina hafa verið mjög öra síðustu árin. „Við breyttum öllu símakerfinu í stafrænt í stað hliðræns, og lögðum ljósleiðara í stað gömlu koparlínanna. Með ljósleiðurunum opnaðist nýr heimur í upplýsingaflutningi."

**Sáu nýjungar fram í tímann**

Ólafur hætti störfum sem póst- og símamálastjóri í árslok 1996. „Áður en ég varð póst- og símamálastjóri starfaði ég í þrjátíu ár í tæknideild Símans. Fyrstu árin eftir að ég hætti fylgdist ég nokkuð grannt með öllum nýjungum í símabransanum, en nú hef ég að mestu leyti dregið mig úr út öllu slíku. Hins vegar hef ég afskaplega gaman af því sjá þegar nýjungar eru teknar í notkun, sem menn sáu fram í tímann að myndu koma, eins og til dæmis allir þessir myndsímar, svo ég taki nærtækt dæmi," segir Ólafur Tómasson.



**STJÓRINN** Ólafur segir GSM-kerfið orðið að undirstöðu fyrir alla menningu, atvinnulíf og viðskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**NÚMER EITT** Fyrsti GSM-síminn sem Síminn auglýsti kostaði um 120.000 krónur árið 1994, sem myndi vera um 320.000 krónur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ...Nema kannski að koma nakinn fram

Hinn 30. nóvember 1995, tæpu einu og hálfu ári eftir að opnað var fyrir GSM-kerfið á Íslandi, varð uppi fótur og fit þegar Helgarpósturinn birti auglýsingu frá Verslun Antons Skúlasonar í Austurveri undir fyrirsögninni „Anton klikkar ekki!!!". Efni auglýsingarinnar var nýjustu GSM-símarnir á markaðnum, og undir mynd af spánnýjum síma mátti lesa eftirfarandi texta:

*„Ef þú kemur nakin(n) á mánudaginn færðu gefins síma."*

Mánudaginn 4. desember mættu um tuttugu galvaskir karlmenn á Adamsklæðunum að verslunni á tilsettum tíma, en sumir höfðu vafið handklæði um sig miðja til að hylja það allra heilagasta. Tíu fengu gefins síma eins og lofað hafði verið, en hinir þurftu sárir á braut að hverfa, enda voru GSM-símar töluvert viðameiri fjárfesting á þessum árum en síðar varð.

Talsverð eftirmál urðu af þessu uppátæki verslunarinnar. Neytendastofu bárust kvartanir frá einstaklingum sem hafði verið neitað um síma, og vildu nokkrir að auglýsandinn stæði við orð sín og afhenti téða síma. Í kjölfarið komst Samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að auglýsingin hefði verið villandi og brotið í bága við 21. grein samkeppnislaga, en þar kemur fram að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Mæltist Samkeppnisráð jafnframt til þess að verslunin auglýsti ekki framvegis með þessum hætti.

Hinn 6. desember greindi Morgunblaðið frá því að Rannsóknarlögregla Ríkisins hefði í hyggju að rannsaka hvort brotið hefði verið gegn ákvæðum hegningarlaga þegar viðskiptavinirnir mættu naktir í verslunina. Ekki finnast gögn um að dómur hafi fallið í þessu máli, hvorki gegn Verslun Antons Skúlasonar né hinum tuttugu allsberu ofurhugum.



**MIKIÐ Á SIG LAGT** Um tuttugu fílefldir karlmenn létu sig hafa það að fækka fötum í von um að fá gefins GSM-síma í desember árið 1995. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Lauflléttir persónusímar

„Þegar ég sé þessar gömlu auglýsingar líður mér nánast eins og ég sé að lesa fornaldartexta. Þetta var svo mikil nýjung á sínum tíma," segir Margrét Stefánsdóttir, forstöðumaður á samskiptasviði Símans. GSM-símar voru auglýstir grimmt í fjölmiðlum dagana fyrir og eftir formlega opnun GSM-kerfisins.

Sem dæmi um línur sem þóttu vænlegar til að vekja áhuga væntanlegra kaupenda má nefna *„Laufléttur vasasími og ekki hægt að hlera"*, en þar var vísað í að í gamla NMT-kerfinu var mögulegt að hlera farsímasamtöl í gegnum útvörp og fleira. Til að greina GSM-símana frá hefðbundnum símum í auglýsingum var meðal annars gripið til þess ráðs að smíða nýyrðið *„persónusími"*, sem náði aldrei raunverulegri fótfestu hjá þjóðarsálinni. Fyrstu símarnir, sem í dag myndu líklega flokkast sem risavaxnir, klunnalegir og frumstæðir, voru sagðir *„Vel nothæfir í skyrtuvasa"*, og áskrifendur minntir á að *„Áskrifandinn borgar fyrir að svara."*

GSM-símum fjölgaði hratt á árunum eftir 1994. Margrét segir Ísland skera sig úr frá öðrum þjóðum varðandi GSM-símanotkun. „Fyrsta árið voru 2.120 virk GSM- númer í notkun á landinu. Ári síðar voru númerin orðin 9.375, og í dag eru um 370.000 númer í gangi hjá öllum fjarskiptafyrirtækjum samanlagt. Það eru töluvert fleiri númer en fjöldi landsmanna, og ég trúi ekki öðru en það sé einsdæmi í heiminum. Það er þó mál sem vert væri að kanna," segir Margrét Stefánsdóttir.



**SAFNIÐ** Margrét Stefánsdóttir, forstöðumaður á samskiptasviði Símans, sýnir hér GSM-síma frá hinum ýmsu tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA – Ný ferðaskrifstofa á traustum grunni




## Ferðir með VITA sport á Old Trafford og Anfield

# Enski boltinn haustið 2009

## Ólýsanleg stemmning, leikmenn á heimsmælikvarða

VITA sport, í samvinnu við stuðningsmannaklúbba Manchester United og Liverpool, býður ferðir til Manchester á leiki á Old Trafford og Anfield. Flogið verður beint til Manchester með Icelandair og gist í þrjár nætur á góðum hótelum.

Nánari upplýsingar og bókanir: tonsport@vita.is



Lúðvík, Silja og Guðný hafa áralanga reynslu af skipulagningu á íþrótta- og tónlistarferðum hjá Úrvali-Útsýn. Þau eru nú komin til starfa hjá VITA sport og bjóða viðskiptavinum VITA fjölbreyttar íþróttaferðir fyrir einstaklinga og hópa, æfinga- og keppnisferðir í öllum helstu greinum, göngu- og hjólaferðir og ferðir til virtra knattspyrnuskóla.

GULLIÐ TÆKIFÆRI TIL AÐ KOMAST Á LEIKINN!

Tryggið ykkur sæti í tíma á draumaleikinn. Nánari upplýsingar og farpantanir: **tonsport@vita.is**

**Ferðir á leiki Manchester United á Old Trafford:**

| | |
|---|---|
| Man.Utd - Arsenal | 28. - 31. ágúst |
| Man.Utd - Man.City | 18.- 21. sept. |
| Man.Utd - Sunderland | 2. -5. október |
| Man.Utd - Bolton | 16. - 19. október |
| Man.Utd - Blackburn | 30. okt. - 2. nóv. |
| Man.Utd - Everton | 20. - 23. nóv. |
| Man.Utd - A.Villa | 11. - 14. desember |

**Ferðir á leiki Liverpool á Anfield:**

| | |
|---|---|
| Liverpool - Man.City | 20. - 23. nóv. |
| Liverpool - Arsenal | 11. - 14. desember |

## Verðdæmi

**Manchester** (allar ferðirnar)

**Verð: 81.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði í tvíbýli, miði á leikinn, akstur til og frá flugvelli erlendis.
* Verð án Vildarpunkta: kr. 91.900 kr.

**Liverpool** (báðar ferðirnar)

**Verð: 87.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði í tvíbýli, miði á leikinn, akstur til og frá flugvelli erlendis.
* Verð án Vildarpunkta: kr. 97.500 kr.

## VITA sport býður einnig

**Gönguferðir**

**Hjólaferðir**

**Æfinga- og keppnisferðir fyrir íþróttafélög**

**Knattspyrnuskólar Kristjáns Bernburg og Man.Utd**

**Tónleikar**

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 46948 08.09



Beint flug með Icelandair.
Hægt að greiða með Vildarpunktum.

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | www.VITA.is

vita

VITA er lífið

# Vonum að Ísland fari ekki inn

**Høgni Hoydal** er formaður stærsta stjórnmálaflokks Færeyja, Þjóðveldisflokksins, sem hefur fullveldi Færeyja efst á stefnuskránni. Høgni vill inn í EFTA og taka upp evru, en draumurinn er að þjóðirnar í Norður-Atlantshafi standi saman og semji við Evrópusambandið í sameiningu. *Klemens Ólafur Þrastarson* hitti Høgna að máli í Lögþinginu í Þórshöfn.

Høgni bíður í anddyri glerbyggðrar viðbótar gamla þinghússins. Í horninu liggur stór rauð biblía sem einhver söfnuðurinn er að pranga inn á þingmennina. Þetta gera þeir víst reglulega og þeir kjörnu fulltrúar sem ekki versla við guðsmennina eru klagaðir fyrir söfnuðinum á næstu samkomu. Margir kaupa því af klerkunum, en ekki Høgni.

*Hvernig ganga stjórnmálin?*

„Úff, það er ekkert að gerast," svarar Høgni. Núverandi hægri-miðstjórn sé fullkomlega ósamstæð og vilji fara í sína áttina hver flokkanna þriggja. Hún varð til eftir að síðasta stjórn sprakk, en þá var Høgni utanríkisráðherra. Þetta gerðist sama dag og skrifa átti undir samning við Dani, um að þeir borguðu minna til eyjanna.

„Þeir báru öðru við, en kratarnir vildu bara ekki lækka danska framlagið," segir hann.

### Vill enga peninga frá Dönum

Færeyskum sjálfstjórnarmönnum tókst þó árið 2001 að lækka danska stuðninginn um fjögurhundruð milljónir danskra og afnema verðtrygginguna hans. Høgni telur að þessar 615,5 árlegu milljónir danskra væru annars um 1,4 milljarðar. Næsta skref hafi átt að vera að lækka hann um 117 milljónir, svo hann yrði undir hálfum milljarði. Þá sprakk stjórnin.

„Það verður erfitt fyrir Færeyinga að stíga fullt skref til fullveldis fyrr en við losnum við dönsku peningana. Þetta snýst allt um það," segir Høgni.

*En hefur íslenska hrunið haft einhver áhrif á Færeyinga?*

„Já, í huga manns hefur það mikil áhrif. Fólk horfir til Íslendinga og bendir á þeirra ófarir, segir að svona fari fyrir Færeyingum líka. En við vorum í svipaðri kreppu bara fyrir tuttugu árum. Það var eins, bankarnir höfðu lánað allt of mikið af peningum í fyrirtæki sem höfðu ekki á bakvið sig. Við höfum gengið í gegnum þetta áður og þá vissum við að eina leiðin til að komast út úr kreppunni var að breyta okkar eigin stjórnmálum og okkar eigin ábyrgðartilfinningu. Það gekk vel, þangað til sambandsflokkarnir komust aftur í stjórn. Í fimm ár hefur færeysk pólitík verið meira og minna stefnulaus, eins og skip á rúmsjó, án skipstjóra."

### Evru en ekki ESB

*Þú varst að leggja fram frumvarp um að tekin verði upp evra.*

„Við höfum sagt það lengi. Við viljum ekki ganga í ESB, en við viljum heldur ekki vera með sjálfstæðan gjaldmiðil. Svo nú er þetta frumvarp komið um að taka upp evru, eins og talað hefur verið um á Íslandi. Eins og þið Íslendingar vitið er það ekki létt án þess að ganga inn. ESB segir neineinei, en það eru til þjóðir sem hafa gert þetta; Mónakó og San Marínó og fleiri. Smáþjóðir Evrópu eru að nota evruna, án þess að vera í ESB," segir Høgni.

### Nýtt Norður-Atlantshafsvæði

„Það er von okkar að Ísland fari ekki inn, að sjálfsögðu. Við vonum það ennþá, þó það sé erfitt að sjá það miðað við núverandi stöðu. Það hefur alltaf verið stefna okkar í Þjóðveldisflokknum að Ísland, Færeyjar, Grænland og Noregur standi saman og hafi sameiginlegan samning gagnvart ESB. Við erum á Norður-Atlantshafinu, eigum fjölmargar auðlindir og sameiginleg mál gagnvart Evrópu. Þetta verður ekki létt ef Ísland fer inn í ESB. Þá verðum við enn meiri svona útjaðar Evrópu. Við viljum fullveldi fyrir Færeyinga, því þá er mögulegt fyrir Færeyinga að velja hvert alþjóðasamstarf okkar á að vera. Núna er ekki möguleiki fyrir okkur að ganga inn.



HØGNI HOYDAL Fyrrverandi utanríkisráðherra Færeyinga sér ýmis líkindi með íslensku og færeysku kreppunni síðustu. Hann segir að kreppulánið hafi verið sjálfgefið, og vill leiða þjóð sína til sjálfstæðis frá Dönum, svo hún geti orðið aðili að alþjóðasamtökum og samningum, svo sem EES. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

En ef við fáum evruna og EES-samning, þá er ekki eftir meiru að slægjast fyrir Færeyinga. Ég skil ekki hvað meira við þurfum. Og ef Íslendingar væru með evruna, hvað vildu þeir þá meira? Ég sé það ekki. Nema kannski ef Ísland og Færeyjar færu inn í ESB og yrðu mestu fiskveiðiþjóðirnar þar. Það gæti verið. Ég hef fylgst með evrópskri fiskveiðipólitík í mörg ár og hún er versta fiskveiðipólitík í heimi.

En svo eru framundan frekari veðurbreytingar og nýjar siglingaleiðir opnast, og hugsanlega finnst olía, þannig að ég sé fleiri kosti utan ESB en innan. Norður-Atlantshafið er frábært pláss sem smáþjóðirnar geta rækt í sameiningu. Ég skil að Ísland tali um þetta núna til að fá gjaldmiðilinn og fjárhagslegan stöðugleika, en ég skil það ekki til framtíðar. Af hverju neitar ESB Íslendingum um evruna, ólíkt San Marínó, Andorra og Liechtenstein? Ég held að ESB sé bara að leika „tough politics" gegn Íslandi. Það væri spennandi að sjá hvað ESB gerir ef við tökum upp einhliða evru. Það er ekki svo margt sem það getur gert. Þeir geta að sjálfsögðu hefnt sín gegnum verslunarsamninginn okkar, en ég held þeir geri það ekki."

*Kemur til mála að nota evru í óþökk ESB?*

> Ef landsstjórnin er öll á þingi þá er enginn sem hefur eftirlit með stjórninni.

„Að sjálfsögðu viljum við vera sívíliserað fólk. En við viljum vita: af hverju ekki? Mörg lönd í heiminum nota dollara án þess að hafa samið um það við Bandaríkin."

### Inn í EFTA og EES

*Nú er stundum talað um EFTA og EES sem deyjandi fyrirbæri, en þið viljið fyrst og fremst þangað?*

„Við viljum fara í EFTA til að komast í EES. Við erum í dag bara þriðja ríki gagnvart ESB. [Í gegnum Danmörku] Við höfum samning við ESB um fisk og gamaldags verslunarsamning. Við viljum fjórfrelsið og nokkra sérsamninga að auki. Svo EES væri nóg fyrir okkur. En af því við erum bara með heimastjórn segir Danmörk að við getum ekki gengið í EFTA. Það er Danmörk sem getur gengið í EFTA fyrir okkur. Það á að heita „Konungsríkið Danmörk, í forsvari fyrir Færeyjar". Og ef svo yrði þá kæmumst við samt ekki í EES, því Danmörk er aðili að ESB og getur ekki gert samning við sjálfa sig! Við komumst ekki út úr þessu með Danmörku. Eins og Íslendingar vita snýst fullveldi þjóðar ekki um að sitja einangraður í Atlantshafi heldur um að komast út í heiminn og inn í alþjóðasamfélagið. Því er þetta mikilvægasta málið í sjálfstæðisbaráttunni, að komast í samband við aðrar þjóðir."

### Hoyvíkursamningurinn

Íslendingar og Færeyingar gerðu með sér víðtækan fríverslunarsamning í ágúst 2005. Høgni telur þetta hafa komið illa við Dani.

„Danmörk var á móti Hoyvíkursamningnum og eftir að hann var samþykktur lét danska stjórnin samþykkja ný lög sem heita Utanríkismálaheimildarlög. Við í Þjóðveldi sáum þetta sem lög til að minnka heimildir okkar til að semja alþjóðlega, en núverandi stjórn samþykkti hann. Þessi lög hefðu komið í veg fyrir Hoyvíkursamninginn.

Gömlu heimastjórnarlögin voru ónákvæm, svo við gátum leitað að smugum til að semja við aðra. En nú verður Danmörk að semja fyrir okkur og allir sjá að þessi lög eru bara spennitreyja. Danmörk sá að Hoyvíkursamningurinn var svo mikilvægur að með þessu áframhaldi myndu Færeyingar taka yfir utanríkismálin. Það vildu þeir ekki," segir hann.

### Líkar þjóðir, líkar kreppur

Høgni sér ýmis líkindi með færeyska hruninu á tíunda áratugnum og hremmingum Íslendinga nú.

„Bankarnir byrjuðu á því að gera sig breiða og lána villt og galið. Ráðin voru tekin af okkur og við þurftum að borga fyrir Færeyjabanka, sem var í danskri eign, og hefði átt að borga fyrir sig sjálfur. Við vorum að reyna að bjarga okkar málum en áttum þá líka að borga fyrir danska bankann. Þetta var eins og ef þið hefðuð krafist bóta frá Bretum fyrir Icesave-reikningana!"

Líkindin sér hann einnig í viðbrögðum þjóðanna og vísar til ESB-umsóknar Íslands.

„Í kreppunni hér sögðu margir að við ættum bara að gerast sveitarfélag í Danmörku, hætta heimastjórn og hætta öllu. En svo borguðum við hverja krónu á sex árum. Við vonum að það sama gerist á Íslandi, segir þjóðveldismaðurinn. Skuldir Færeyinga, sem greiddust á sex árum hafi verið vel yfir hundrað prósent af þjóðarframleiðslu.

Spurður um hugsanleg þriðju líkindin; of náið samfélag stjórnmálamanna og viðskiptalífs, þar sem í Færeyjum orsakaðist kreppan meðal annars af lánum stjórnmálamanna til athafnasinnaðra góðkunningja sinna, sem keyptu skip fyrir féð og fóru svo á hausinn, segist Høgni ekki vita nóg um íslenska hrunið til að geta staðhæft að svo sé.

„En ég get sagt að það sem gerðist hér var að pólitíska kerfið small saman við atvinnulífið, sem fór að stýra pólitíkinni. Við í Þjóðveldi höfum reynt að koma þessu í sundur aftur. Þetta kom okkur í klípu oftar en einu sinni og við erum alltaf að reyna að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur. Atvinnulífið á bara að vinna innan ramma, sem stjórnmálamenn setja.

### Ráðherrar ekki á þingi

Meðal þeirra ráða sem gripið var til í Færeyjum var að reglum um samband milli landsstjórnar og þings var breytt, þannig að ef þingmaður verður ráðherra hættir hann á þingi.

„Þetta er rétt eins og samkrull atvinnulífs og stjórnmála; ef landsstjórnin er öll á þingi þá er enginn sem hefur eftirlit með stjórninni. Þetta var til góða. Við erum fá í kerfinu og eftir þessa breytingu höfum við haft mörg mál þar sem eftirlit þingsins neyddi ráðherra til að segja af sér.

Það er ekki nóg að taka þetta upp í þinginu, því enn þarf meirihluta þings til að reka ráðherra, og meirihlutaflokkarnir hafa staðið með sínum mönnum. En við erum með rannsóknarstjóra sem er óheftur af pólitík. Hann getur ákveðið að taka ráðherra fyrir og gera skýrslu um embættisfærslur hans. Hún er svo lögð fyrir þingið. Þingmenn taka ákvörðunina en fjölmiðlar fylgjast með og það yrðu læti, ef ekki væri farið eftir skýrslunni."

## ÆTLUÐU AÐ ÞRÝSTA Á NORÐURLÖNDIN

Strax í október 2008 buðu Færeyingar Íslendingum gjaldeyrislán upp á þrjúhundruð milljónir danskra króna. Styrkveitingin var samþykkt einróma í Lögþinginu, eftir tillögu landsstjórnarinnar. Høgni Hoydal man ekki nákvæmlega hver þingmanna stakk upp á þessu fyrst, en þegar hugmyndin var komin fram hafi verið sjálfgefið að samþykkja hana.

„Flokksformennirnir voru að tala saman niðri á þingi. Við höfum líka lent í vandræðum og þá hafa Íslendingar hjálpað Færeyingum, til dæmis leyft okkur að veiða. Hún er mjög sérstök tilfinningin um þessa lánveitingu, bæði fyrir Færeyja og fyrir pólitíska kerfið. Það var nefnilega hver einasti maður sammála um að veita lánið, og það er ekki algengt hér.

Høgni segir að hugmyndin með láninu hafi verið að þrýsta á aðrar Norðurlandaþjóðir að gera slíkt hið sama. Ef þær létu allar samsvarandi upphæð af hendi þyrfti AGS alls ekki að koma að málum. „Við ætluðum að fara fyrir Norðurlandaráðð og fá þær til að gera það sama. En það gekk ekki. Sérstaklega Svíþjóð og líka Danmörk vildu hafa AGS og Evrópu með í ráðum. Fyrir mér var þetta tækifæri til að láta reyna á norrænt samstarf og sjá hvort Norðurlönd kæmu hvert öðru til hjálpar þegar á reynir."


Pottaplöntu-
útsala
20-
50%
afsláttur
Allar
pottaplöntur
á útsölu
Kaffi Garður
Skútuvogi
Gúllassúpa 190 kr
Skúffukaka og
kaffi 290 kr
Útsalan
heldur áfram
Fíkus ginseng
999
Jukka
1999
Orkidea
ný sending
1499
30-
50%
afsláttur
Styttur, box, myndir,
rammar, könnur, skraut,
skreytingarefni
og margt fleira
EGG
30-
50%
afsláttur
Enn er tími
til að gróðursetja
sumarblóm
og trjáplöntur
50%
afsláttur
ALLAR VÖRUR
30-50%
AFSLÁTTUR
Soldis
Verð eru sýnd
með afslætti!
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

# Íþróttasálfræðin er vanmetin

Síðar í mánuðinum keppir íslenska kvennalandsliðið í lokakeppni EM í knattspyrnu, fyrst íslenskra A-landsliða. Þjálfari liðsins er **Sigurður Ragnar Eyjólfsson** en hann hefur fetað nýjar slóðir í sínum þjálfunaraðferðum. *Eiríkur Stefán Ásgeirsson* ræddi við hann um landsliðið og þau þjálfarafræði sem hann hefur nýtt sér til að kalla fram þann góða árangur sem þjóðin hefur orðið vitni að.



**FÓTBOLTAFJÖLSKYLDA** Sigurður Ragnar og Íris Björk Eysteinsdóttir með Emblu Björg, dóttur þeirra, á þjóðarleikvanginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þegar Sigurður Ragnar Eyjólfsson var ráðinn landsliðsþjálfari kvenna kom það flestum í opna skjöldu. Hann bjó yfir nánast engri þjálfarareynslu en hafði lengi verið knattspyrnumaður sjálfur bæði hér á landi og sem atvinnumaður erlendis. Hann var og er enn innanbúðarmaður hjá KSÍ og margir álitu að þarna væri varla verið að ráða í starfið á faglegum forsendum. Annað hefur komið á daginn. Sigurður Ragnar er sprenglærður og er ekki hræddur við að nálgast starfið með allt öðrum hætti en forverar hans hafa gert, hvort sem hér ræðir um landslið karla eða kvenna.

Þó svo að þetta hafi verið hans fyrsta þjálfarastarf spannar ferill hans í knattspyrnu langt aftur í tímann. Hann lék lengi sem knattspyrnumaður, til að mynda með ÍA og KR hér á landi og sem atvinnumaður bæði í Englandi og Belgíu. Hann fékk einnig íþróttastyrk og nam æfinga- og íþróttasálfræði við Greensboro-háskólann í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum þaðan sem hann útskrifaðist með mastersgráðu.

Árið 2002 hóf hann störf sem fræðslustjóri KSÍ og sinnir hann því starfi enn í dag. Hann neyddist svo til að hætta knattspyrnuiðkun árið 2005 vegna erfiðra meiðsla.

En þjálfun heillaði Sigurð Ragnar alltaf. „Allan minn skólaferil hugsaði ég með mér hvernig ég gæti nýtt mér námið í þjálfun. Ég hafði alltaf stefnt á þjálfun og fannst það eðlilegt framhald á mínum knattspyrnuferli,“ segir Sigurður Ragnar.

### Mikil menntun en engin reynsla

Í starfi sínu hjá KSÍ hefur það verið á hans könnu að byggja upp þjálfaramenntun KSÍ og þróa þær þjálfaragráður sem sambandið býður upp á. Sjálfur er hann með hina svokölluðu Pro Licence-þjálfaragráðu sem veitir honum rétt til að þjálfa hvaða félags- eða landslið sem er í heiminum. Á sínum tíma varð hann annar Íslendingurinn sem fékk þá gráðu – Teitur Þórðarson var sá fyrsti.

En þrátt fyrir alla sína menntun skorti hann tilfinnanlega reynslu. „Ég var með yngstu guttana hjá KR þegar ég var 18-19 ára og aðstoðaði við þjálfun á unglingaliði í Norður-Karólínu þegar ég var þar. Þá kom ég að þjálfun í nokkrum leikjum U-19 ára landsliðs karla en meira var það ekki.“

Það kom honum því nokkuð í opna skjöldu þegar þáverandi framkvæmdastjóri KSÍ og núverandi formaður, Geir Þorsteinsson, spurði hvort hann hefði áhuga á að gerast A-landsliðsþjálfari kvenna. En hann þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um.

„Ég var ekki hræddur við að vera óreyndur. Ég þekkti allar hliðar á þjálfun og hafði fylgst lengi með kvennalandsliðinu og kvennaknattspyrnu ekki síst vegna þess að kona mín hafði verið leikmaður lengi og þjálfari. Mér fannst því verkefnið bæði krefjandi og spennandi.“

Áður en boðið barst hafði hann ekki leitt hugann sérstaklega að því að sinna þjálfun í kvennaknattspyrnu. „Ég hafði ekki leitt hugann mikið að því, hvorki að þjálfa lið í kvennadeildinni né yngri flokka kvenna. En mér fannst það mjög mikill heiður að vera boðið þetta starf og ég er mjög ánægður í mínu starfi í dag.“

### Leggja meira á sig en ég gerði

Hann hefur farið aðrar leiðir í sínum þjálfarafræðum en margir aðrir. Hann nýtir sér menntun sína í íþróttasálfræði óspart og segir hiklaust að hún sé vanmetinn þáttur hjá íslenskum þjálfurum í dag.

„Ég fullyrði að svo er. Það stafar fyrst og fremst af vankunnáttu þjálfara í íþróttasálfræði. Þetta er ekki nógu stór grein og ekki kennd víða. Hún nýtist þó mjög vel í þjálfarastarfinu og fjallar um atriði eins og markmiðssetningu, einbeitingu, sjálfstraust, samskipti, að starfa í hóp og takast á við álag og fleira í þeim dúr. Þetta eru allt atriði sem þjálfarar eru að fást við með sínum leikmönnum. Ég hef mótast af mínum bakgrunni og reyni hiklaust að nýta mína menntun í mínum þjálfarastörfum.“

Sigurður Ragnar segir að það eigi fyrst og fremst að hrósa leikmönnunum sjálfum fyrir árangurinn. Þetta sé hópur leikmanna sem leggi gríðarlega mikið á sig. „Miklu meira en ég gerði sem leikmaður í efstu deild á Íslandi,“ segir hann. En svo virðist sem leikmenn leggi þessa vinnu á sig með brosi á vör. Enda dylst engum sem hefur fylgst með íslenska landsliðinu að leikgleðin er í fyrirrúmi. Ánægjan og stoltið leyna sér ekki. Hugarfarið er til fyrirmyndar. Sigurður Ragnar hefur unnið í þeim þætti frá fyrsta degi.

„Það er eitt stærsta verkefnið sem ég hef unnið með þessum hópi – að breyta hugarfarinu. Við þurftum að stíga yfir þann þröskuld að vera fyrsta A-landsliðið sem tryggir sér sæti í lokakeppni stórmóts og til þess ætluðum við okkur að vinna hvern einasta leik sem við förum í. Þannig verður það einnig í Finnlandi.“

### Stuðningur skiptir miklu

Meðal þeirra hugarfarslegu þátta sem Sigurður Ragnar nefnir að séu mikilvægir eru sjálfstraust, þjóðarstolt, leikgleði og liðsandi. Einnig að það sé svo gaman að vera í landsliðinu að öðrum leikmönnum finnst það eftirsóknarvert. „Við höfum einnig reynt ýmsar leiðir til að fjölga áhorfendum og hefur orðið sprenging á þeim vettvangi. Það hefur einnig verið lykilatriði í árangri liðsins. Fólkið vill taka þátt og mæta á leiki þegar vel gengur. Þetta helst allt í hendur.“

Um sína framtíð vill Sigurður Ragnar lítið segja og hvort hann ætli að snúa sér að þjálfun í karlaknattspyrnu þegar fram líða stundir. „Ég er mjög ánægður í því sem ég er að gera í dag og fyrst og fremst að ég er að vinna með leikmönnum sem hafa mikinn metnað. Við erum ekki í þessu peninganna vegna heldur til að ná árangri. Sumir líta niður á kvennaknattspyrnu og segja hana allt aðra íþrótt en karlaknattspyrnu og sá hópur er enn til. Ég lít á þetta sem svo að þetta er hópur metnaðarfullra leikmanna sem leggja gríðarlega hart að sér. Það er fyrst og fremst gaman að fá að þjálfa slíkan hóp.“

### Hélt fyrr upp á afmæli dótturinnar

Sem fyrr segir er eiginkona Sigurðar Ragnars, Íris Björk Eysteinsdóttir, gamall refur í knattspyrnunni. Hún lék lengi sem leikmaður og er nú annar tveggja þjálfara KR í Pepsi-deild kvenna. „Þetta starf hefur kostað mörg ferðalög og því hefur hún veitt mér mikinn stuðning á meðan ég er í burtu. En það er einnig gott að geta leitað til hennar því hún þekkir gríðarlega vel til og hefur sínar skoðanir. Við getum því spjallað um boltann frá a til ö. Sem landsliðsþjálfari verð ég þó fyrst og fremst að standa með mínum skoðunum og því hefur hún lítil áhrif á mínar ákvarðanir,“ segir hann og brosir. „Það er eins og með alla aðra, svo sem þjálfara og fjölmiðla. Allir hafa sínar skoðanir en landsliðsþjálfarinn verður að hafa eigin skoðanir og standa við þær.“

Síðar í mánuðinum verður dóttir þeirra þjálfaraþjóna, Embla Björg, fjögurra ára gömul. „Við þurftum að halda fyrr upp á afmælið þar sem ég er að fara út til Finnlands og vildi ekki missa af því,“ segir Sigurður Ragnar. Hvort hér sé um framtíðarlandsliðskonu að ræða vill hann ekkert fullyrða. „Sem stendur finnst henni ekkert skemmtilegra en að hoppa á trampólíni og við verðum að sjá hvort fótboltaáhuginn komi síðar. Ég er ekki byrjaður að vinna í markmiðssetningu fyrir hana,“ segir hann og hlær.

## ➜ ER AÐ DEYJA ÚR SPENNINGI

Íris Björk Eysteinsdóttir er eiginkona Sigurðar Ragnars og sjálf öllum hnútum kunn í knattspyrnunni. Hún lék lengi vel sjálf og er nú annar tveggja þjálfara KR í Pepsi-deild kvenna. Hún hefur eins og aðrir landsmenn hrifist af landsliðinu og bíður spennt eftir EM í Finnlandi.

„Ég er hreinlega að deyja úr spenningi og fer sjálf til að sjá minnst tvo leiki. Knattspyrnuáhuginn er búinn að smitast út í báðar fjölskyldur okkar og systur Sigurðar Ragnars sem ekkert vissu um knattspyrnu orðnar mjög áhugasamar og mæta á alla leiki.“

Það kemur ekki á óvart að knattspyrnan sé helsta umræðuefnið á heimili þeirra. „Það er oft talað um stöðu landsliðsþjálfara sem hálfgerða lúxusvinnu en hann er búinn að fara á nánast alla kvennaleiki sem hann getur. Hann hefur nú meiri vit á þessu en ég.“

Það kom henni vissulega á óvart þegar Sigurði Ragnari var boðið starfið. „En mér leist strax vel á þetta og sjálfur þurfti hann ekkert að hugsa sig um. Þessi tími hefur svo verið afar skemmtilegur enda auðvelt að verða gagntekinn af liðinu sem hefur náð þessum frábæra árangri.“

## Árangur landsliðsins undir stjórn Sigurðar

**Innan sviga gengi liðsins í síðustu 28 landsleikjum fyrir komu hans.**

| | |
|---|---|
| Leikir | 28 *(28)* |
| Sigrar | 15 *(10)* |
| Jafntefli | 5 *(2)* |
| Töp | 8 *(16)* |
| Mörk skoruð | 63 *(56)* |
| Mörk fengin á sig | 25 *(50)* |
| Leikir haldið hreinu | 12 *(6)* |



## Sögulegir sigrar landsliðsins undir stjórn Sigurðar

**14. mars 2007:** Kína, 4-1 sigur á Kína í Algarve-bikarnum.
Kína var í 9. sæti heimslistans.

**16. júní 2007:** Frakkland, 1-0 sigur á Frakklandi á heimavelli.
Frakkar voru í 7. sæti heimslistans.

**30. október 2008:** Írland, 3-0 sigur á Írlandi á heimavelli.
Ísland komst í fyrsta sinn í úrslit stórmóts.

**4. mars 2009:** Noregur, 3-1 sigur á Noregi í Algarve-bikarnum.
Noregur var í 6. sæti heimlistans.

**16. júlí 2009:** England, 2-0 sigur á Englandi í Colchester.
England var í 9. sæti á heimslistanum.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL
FERSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
GOTT KAFFI Í BÓNUS
Aðeins 11 kr. kaffibollinn !
398 298
RENÉ KAFFIPÚÐAR 36 stk.
4 TEGUNDIR 398 kr.
DANSKT GULLKAFFI MEÐALBRENNT
500g 298 kr.
398
BÓNUS FERSKAR PIZZUR 400g 398 kr.stk
1398
KF LÚXUS LAMBALÆRI
EINIBERJAKRYDDAÐ
1398 kr./kg.
FERSKUR BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR 489 kr./kg.
489 KR./KG.
198
BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR
2 stk. 198 kr.
BÓNUS RJÓMI
20% AFSLÁTTUR
BÓNUS RJÓMI 400 ml.
20% AFSLÁTTUR 269 KR. 20% AFSLÁTTUR 216 kr.
GOTT VERÐ ALLA DAGA!
1169
BÓNUS BEIKON
1169 kr./kg.
Holta Bitar
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 698 KR. 40% AFSLÁTTUR 419 kr./kg.
139
139 kr. 2 ltr.
BÓNUS Kjúklingur Kjúklingalundir
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
98
CF ÞVOTTA MÝKINGAREFNI
1 LTR. 98 kr.
398
COLGATE TANNKREM
2 x 75 ml túpur 398 kr.
PEPSI OG PEPSI MAX 2 ltr 139 kr.
198
CLOSAN WC HREINSIR 725 ml 198 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# *Dynjandi lófatak í Háskólabíói*

Fullt var langt út fyrir dyr þegar heimildarmyndin Stelpurnar okkar, eftir sjónvarpskonuna Þóru Tómasdóttur, var forsýnd í Háskólabíói síðastliðinn fimmtudag. Fjöldi fólks þurfti að láta sér nægja að sitja í tröppunum á meðan á myndinni stóð. Það virðist þó ekki hafa haft áhrif á upplifun þeirra sem klöppuðu milli atriða og skelltu ítrekað upp úr. Jafnvel mátti sjá tár á hvörmum. *Arnþór Birkisson*, ljósmyndari Fréttablaðsins, festi bíógesti á filmu áður þeir gengu í salinn.



**SPENNTIR** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, Hermann Gunnarsson, sjónvarpsmaður og skemmtikraftur, Halldór Einarsson, eigandi Henson, og Guðmundur Hreiðarsson markmannsþjálfari gátu varla beðið eftir að myndin byrjaði.



**ÞÓRA OG STELPURNAR** Heimildarmyndin Stelpurnar okkar fjallar um dugnað, þrautseigju, drauma og sigra þessa öfluga hóps.



**SJÁÐU!** Sigmar Guðmundsson sýnir Barða Jóhannssyni ljósmynd sem hann tók, ef til vill af einni af mörgum stjörnum Stelpnanna okkar.



**STELPUR** Marsibil Sæmundardóttir og Ragnhildur Magnúsdóttir mættu prúðbúnar á forsýninguna.



**VIGDÍS OG AÞENA** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, mætti með barnabarni sínu, Aþenu Vigdísi.




PIPAR • SÍA • 91179

Ljósafossstöð við Sog

Kristjana Samper

Vídeóverk
„bernsku minnar fossar“

Skúlptúrar
„brot úr tilverunni“

Sýningin er opin virka daga frá kl. 13–17 og um helgar frá kl. 13–18 í allt sumar.
Aðgangur er ókeypis.

**Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum í sumar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.**

Landsvirkjun
Árangur fyrir alla



UNGNAUTAHAKK
**796** kr/kg
~~948~~ kr/kg
ÓDÝRT

# Frábært verð!



30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILL LAMBALÆRI, kryddað
**1.399** kr/kg
~~1.998~~ kr/kg



VALIÐ SALTKJÖT
**1.196** kr/kg
~~1.899~~ kr/kg
GOÐI
TILBOÐ
37% afsláttur



30% afsláttur
KJÖTSEL
GRILL HAMBORGARAR 10x90g, frosnir
**1.049** kr/pk.
~~1.498~~ kr/pk.



30% afsláttur
ALLT ÁLEGG FRÁ GOÐA MEÐ 30% AFSLÆTTI!



KJÖTSEL
GRILLPYLSUR
**769** kr/kg
~~1.098~~ kr/kg



KJÖTFARS
**395** kr/kg
~~745~~ kr/kg
GOÐI
47% afsláttur




LA BOTTEGA PIZZUR
Pepperoni, Mozarella eða Speciale
**398** kr/stk.
~~510~~ kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

*Fótboltamöppur og myndir með 30% afslætti*




www.markonum.is

50% afsláttur



GRÆN VÍNBER
**265** kr/kg
~~529~~ kr/kg

COOP SMOTTHIE 600g 2 teg.
**449** kr/pk.
~~599~~ kr/pk.




25% afsláttur

Tilboðin gilda 13. - 16. ágúst eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Rósir, kókos og kirsuber

**Eilífur Örn Þrastarson** og **Ólafur Páll Torfason** eru rapparar af gamla skólanum. Þessa dagana sitja þeir sveittir við og sauma saman nýju plötuna sína, Home. Fyrstu handgerðu eintökin verða til sölu í Nakta apanum í dag, í takmörkuðu upplagi. Þeir litu upp frá saumavélunum fyrir þriðju gráðu yfirheyrslu.



O.N.E. Eilífur Örn Þrastarson og Ólafur Páll Torfason skipa rapptvíeykið O.N.E. - Opee N Eternal.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**Uppáhalds listamaðurinn?**
*Ólafur:* Carterarnir-tveir, Monet og Eilífur.
*Eilífur:* Christopher Guest, Larry David, Ricky Gervais… enginn einn.
**Draumadagurinn í stuttu máli?**
*Ólafur:* Strönd, pálmatré, kókoshneta og surfbretti.
*Eilífur:* Sitjandi uppi í sófa á nærbuxunum með ost á stærð við rafgeymi, borðandi hann eins og epli.
**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur nokkurn tímann gert?**
*Ólafur:* Að missa krukku fulla af hunangi í gólfið berfættur.
*Eilífur:* Að þræða saumavélar aftur og aftur… og aftur.
**Uppáhaldsstaðurinn á jörðinni?**
*Ólafur:* Lítil eyja lengst úti í hafi.
*Eilífur:* Vesturbærinn.
**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig?**
*Ólafur:* Spurðu Eilíf.
*Eilífur:* Nýja platan með O.N.E. sem heitir „Home“. Er búinn að renna henni í gegn… þrusugóð!
**Hvað heldur fyrir þér vöku á nóttunni?**
*Ólafur:* Kettir að breima.
*Eilífur:* Morgundagurinn.
**Hvenær gréstu síðast?**
*Ólafur:* Í síðustu viku. Horfði á My Girl aftur. Þið þekkið söguna.
*Eilífur:* Þegar ég horfði á Extras Christmas Special.
**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?**
*Ólafur:* Það er fullt af fólki í kringum mig sem ég lít upp til og virði.
*Eilífur:* Pabba. Hann er sjötugur og er ferskari en ég er núna.
**Hvaða myndi fullkomna líf þitt?**
*Ólafur:* Að allt væri eins og það á að vera.
*Eilífur:* Að þurfa ekki að hafa áhyggjur af peningum.
**Hvaða kæki ertu með?**
*Ólafur:* Ég held í putta, gerði það að minnsta kosti í dágóða stund.
*Eilífur:* Ég á það til að gefa of mikið, sérstaklega fólki sem á erfitt. Sumir segja að það sé kækur.
**Eftirlætis lykt?**
*Ólafur:* Rósir.
*Eilífur:* Kókos? Eða kirsuberja… veit ekki alveg.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?**
*Ólafur:* Ég.
*Eilífur:* Fyrst var það atvinnumaður í fótbolta, síðan varð það rokkari.
**Hvernig myndir þú lita á þér hárið ef þú værir neyddur til?**
*Ólafur:* Grátt.
*Eilífur:* „Beige“.
**Hvað fær þig til að veltast um af hlátri?**
*Ólafur:* Gömul „Re-run“.
*Eilífur:* Jói og Simmi. Þeir geta sko sannarlega sagt skrýtlu til að deyja fyrir.
**Hvernig hljómar síðasta sms í símanum þínum?**
*Ólafur:* „Hey, ég keypti plötuna á www.gogoyoko.com. Vá hvað hún er góð.“
*Eilífur:* „Er að vinna í Vesturbæjarlauginni og mig langaði bara að segja þér að þú ert besti vinur minn og besti náungi sem einn maður gæti óskað að kalla vin sinn.“ Frá Óskari Gíslasyni sundlaugarverði.
**Þú finnur töfralampann og getur fengið þrjár óskir uppfylltar. Hverjar?**
*Ólafur:* Töfrateppi, Jasmín og andinn fær frelsi.
*Eilífur:* Peningar augljóslega, Back to The Future-svifbretti og einn af þessum snjðugu símboðum sem allir eru að tala um. Kaupiði plötuna, bless!





# Styrkir

## vegna starfsmenntunar 2009

AUKAÚTHLUTUN

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Til úthlutunar eru um 30 milljónir króna. **Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi.**

**Starfsmenntaráð hvetur umsækjendur til að sækja um verkefni sem falla undir eftirfarandi áherslur:**

**Verkefni sem tengjast erfiðri stöðu á vinnumarkaði.**
Gæðaverkefni sem nýtast þeim hópum sem misst hafa atvinnu eða eru í sérstakri áhættu með að missa vinnuna.

Gerð er krafa um samstarf við samtök atvinnurekenda og launafólks við gerð og framkvæmd verkefnisins.

Áhersla er lögð á að öll verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar.

Umsóknarfrestur er til 7. september 2009.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs **www.starfsmenntarad.is**

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA


## MÆLISTIKAN



### ■ Á uppleið

**Skemmtistaðir neðan Lækjargötu.** Hvort sem um er að kenna lokun Sirkuss eða opnunartímanna er verið að opna skemmtilegustu bari bæjarins í miðbænum, staði eins og Bakkus og Austur.



**Nolo.** Þetta snilldarband er að slá í gegn á Gogoyoko og er skipað nokkrum ungum Breiðhyltingum.

**Pelsar.** Næturnar eru aðeins farnar að kólna og vissara að geta gengið heim til sín eftir djammið í hlýrri og fallegri flík, „Vintage“ pels er líka ævinlega rokk og ról.

**Gotharar.** Svartklædd ungmenni eru farin að flykkjast í fallega garðinn á Hverfisgötunni. Skemmtileg tilbreyting frá norminu.



### ■ Á niðurleið



**Víð föt.** Föngulegar stúlkur eiga að sleppa því að klæðast stórum tjöldum sem hafa tröllriðið tískunni að undanförnu. Sílúettan á að vera aðsniðin og sexí á ný.



**Að stæra sig af „gymminu“ á Facebook.** Það er hræðilega hallærislegt að setja myndir af sér með vöðva sem prófílmynd og taka fram allan liðlangan daginn að maður sé nýkominn úr ræktinni.



**Hrukkufréttir í gulu pressunni.** Skrif um að Kate Moss líti hræðilega út hljóta að vera sett fram af afar bitru fólki.

**Flensupaník.** Hverjum er ekki sama hvað flensan heitir, förum bara vel með okkur og hættum þessum múgæsing.

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

ÁGÚST 2009



**Lífsstílsferðir** til Spánar fyrir líkama og sál

BLS. 2



**Útivist og rokk og ról** Icelandair hefur beint flug til hinnar sígrænu Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna

BORGARFERÐIR 4



# LEYNDAR LAUGAR Á VESTFJÖRÐUM

## GAUTABORG

SÉÐ MEÐ AUGUM PÖTTRU SRIYANONGE

## MATARVEISLA

Í KAUPMANNAHÖFN

# MIÐBAUGUR

ÞAÐ HEITASTA Í ...
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

## TJALDFERÐALÖG KOMIN Í TÍSKU

Það er eflaust vegna efnahagsástandsins að tjaldferðalög hafa aldrei verið vinsælli en nú í ár. Hvarvetna má heyra fólk tala um sitt stórkostlega tjaldferðalag innanlands í sumar og ætla má að það þyki jafn heitt að sofa undir tjaldhimni þetta sumarið og það þótti að gista á hönnunarhóteli árið 2007. Þróunin er ekki einungis bundin við Ísland heldur eru tjaldferðir að færast í aukana víðs vegar um Evrópu. Fjölskyldur með börn kjósa bíl og tjald frekar en flug og hótel þetta árið og til dæmis má nefna að í Bretlandi eru alls 250



þúsund meðlimir í breska tjaldklúbbnum sem er hærri tala en nokkur hefur séð áður. Það er því sjálfsagt að skoða möguleikana í útlöndum með tjaldið sitt og ekki einskorða sig við að hvergi sé eins gaman að tjalda og á Íslandi. Krakkar elska tjaldferðalög enda bjóða þau upp á allt sem barnshjartað kann að meta. Þessar ferðir eru lausar við fíneri, eru yfirleitt dálítið óþægilegar, ævintýralegar og jafnvel klaufalegar og flestum krökkum finnst mjög fyndið að sjá foreldra sína púla við að setja upp tjald og elda pylsur yfir prímusi.

Persónulega hef ég verið sannfærð um að ég og tjaldferðir eigum enga samleið þar sem ég er lúxusdýr, kuldaskræfa og löt að eðlisfari og leiðist að hafa ekki sturtu við hendina. Ég hef ekki notið tjaldferðar síðan ég var tólf ára og fór aldrei á neitt um verslunarmannahelgina nema Innipúkann. Tilhugsunin um að vera föst í tjaldi í þrjár nætur umkringd sauðdrukknu fólki var mér um megn. Nýlega sá ég svo grein í erlendu tískuriti um nýja strauma í tjaldferðalögum sem kallast *„glamping“* í stað „camping“. Þar er ýjað að því að maður eigi helst að tjalda í indíánatjaldi eftir Marc Jacobs og vera með fullt af teppum frá Mið-Austurlöndum til að poppa upp stemninguna. Einnig þarf maður að taka sig vel út í gylltum mínístuttbuxum við græn gúmmístígél a la Kate Moss. Skemmtileg tilhugsun en það er sennilega vænlegra að hlýja sér í lopapeysu og stóru fangi á meðan ágústvindurinn gnauðar fyrir utan tjaldið.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Anton Brink frá Vestfjörðum
**Pennar** Bergsteinn Sigurðsson, Hómlfríður Helgadótir
**Ljósmyndir** Fréttablaðið
**Auglýsingar** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*




# SJÁLFSRÆKT Á SPÁNI

**Hvern langar ekki að mæta haustinu í andlegu jafnvægi og við góða líkamlega heilsu? Ein leið til að ná því fram væri að taka þátt í námskeiði Úrvals-Útsýnar, Ný og betri, sem haldið verður í Albir í lok september.**

Í haust mun hópur fólks varpa af sér hversdagshlekkjunum og leggja af stað í vikulanga dvöl til Albir á Spáni. Þar verður lífsstílsnámskeiðið Ný og betri haldið á vegum ferðaskrifstofunnar Úrvals-Útsýnar.

Námskeiðin hafa verið haldin með reglulegu millibili frá árinu 2004 og alltaf vakið lukku, segir Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur, sem hefur yfirumsjón með námskeiðunum. Hún hefur 26 ára reynslu í þolfimikennslu, einkaþjálfun, jóga, konuleikfimi, teygjum og hugleiðslu. Þá heldur hún reglulega fyrirlestra um næringu og bættan lífsstíl. Auk hennar er Sigríður Arnardóttir, sem allir þekkja sem sjónvarpskonuna Sirrý en er jafnframt félagsfræðingur, kennari í ferðinni.



**Dekur verður í hávegum haft á Albir í haust.** Mynd/Úrval-Útsýn

Í ferðunum er rík áhersla lögð á góða gistingu, mat og dekur, þannig að þátttakendur geti notið lífsins til hins ýtrasta. Þá eru tækifærin til að hreyfa sig næg og er jóga, leikfimi og gönguferðir í boði daglega.

Gist verður á Hotel Kaktus Albir sem er nýlegt fjögurra stjörnu hótel á besta stað í Albir, alveg við ströndina. Miðbær Albir og listamannabærinn Altea er svo í seilingarfjarlægð. Líkamsræktarsalur er á hótelinu ásamt gufubaði, nuddpotti og innisundlaug.

Einnig verða í boði fyrirlestrar og umræður um næringu, leiðir til að laða til sín það góða, jákvæða tjáningu og bættan lífsstíl. Takmarkið er að ná jafnvægi milli ljúfa lífsins og heilbrigðis.

Bjargey hlakkar til ferðarinnar í haust. Engin ferð sé eins en þær eigi það þó sameiginlegt að fólk snúi ánægt og endurnært til baka. „Ég held það komi fólki stundum á óvart hvað það fær mikið út úr þessum ferðum, bæði líkamlega og andlega,“ segir hún. Verðið á ferðinni verður á bilinu 115 og 120 þúsund og í því er innifalið flug, gisting, hálft fæði og námskeiðin.

Næsta vor er svo áætlað að halda sérstaka hátíðarferð í tilefni af fimm ára afmæli námskeiðanna. Þá mun Edda Björgvinsdóttir leikkona bætast í hóp skipuleggjenda en hún var með Bjargeyju í upphafi ferðanna. „Þetta verður einstaklega glæsileg ferð og alveg örugglega mjög skemmtileg. Það má engin kona missa af henni.“ *- hhs*

## TÍU DAGA MATARHÁTÍÐ Í KAUPMANNAHÖFN

**Heimsókn á veitingahús er í hugum margra órjúfanlegur hluti af ferðalögum til fjarlægra borga. Það hversu dýr danska krónan er fyrir Íslendinga hefur því beinlínis verið óþægilegt fyrir svanga ferðalanga í Kaupmannahöfn undanfarna mánuði. Þeir sem hyggja á ferð til Kaupmannahafnar væru því hreint ekki vitlausir að velja tímabilið þegar matarhátíðin Copenhagen Cooking fer fram. Hún hefst 21. ágúst og stendur yfir í tíu daga eða fram til 30. ágúst. Sælkerar geta valið á milli 65 mismunandi „upplifana bragðlaukanna“, sem samkvæmt skipuleggjendum hátíðarinnar munu allar hafa eitt sameiginlegt kjörorð - gæði. Lágt verð kemur líka við sögu í mörgum tilfellum. Dagskrá hátíðarinnar má nálgast í heild á vefsíðunni www.copenhagencooking.dk.**

**Gómsætt Sælkerum ætti ekki að leiðast í Kaupmannahöfn í lok ágúst, þegar matarhátíðin Copenhagen Cooking fer fram víðs vegar um borgina.**



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
→ flugfelag.is
Netið
Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

## HEIMAMAÐURINN

▸ Gautaborg

### PATTRA SRIYANONGE, FYRIRSÆTA OG LEIKKONA

**UPPÁHALDSHVERFIÐ:** Ég elska Linnestaden í botn. Það minnir mig mikið á Soho-hverfi New York-borgar. Það er mjög „trendí“ og þar er glás af spennandi veitingastöðum og „second hand“-búðum. Í nágrenninu er garðurinn Slottskogen. Þar getur maður grillað, legið í sólbaði og notið þess að vera til. í.

**FLOTTASTA VERSLUNIN:** Beyond Retro er fatabúð í Arkaden sem ég er nýbúin að uppgötva og vekur mikla lukku hjá mér. Þar er hægt að finna endalaust af flottum „second hand“-fötum á mjög sanngjörnu verði. .

**UPPÁHALDSVEITINGASTAÐUR:** Um þessar mundir er ég sjúk í veitingastaðinn Super Sushi á Prinsgatan. Þar fær maður ferskasta sushi sem ég hef smakkað, enda er alltaf troðið út að dyrum.

**UPPSKRIFT AÐ GÓÐU KVÖLDI:** Ég verð að nefna kvikmyndahúsið Filmstaden sem við erum búin að heimsækja nokkrum sinnum. Þar getur maður fengið sér sushi og hvítvín fyrir bíó sem er brilljant.

**HVAÐ KEMUR MEST Á ÓVART VIÐ GAUTABORG?** Það er nóg um að vera hérna, alls konar festivöl og tónleikar. Það er auðvitað líka algjör plús að það er ekki eins dýrt að vera hérna eins og í hinum löndunum í Skandinavíu.



**Pöttru Sriyanonge kom mest á óvart hvað Gautaborg er fjörug og sjarmerandi.** MYND / ÚR EINKASAFNI


sumarferdir.is
Tenerife í haust
- Vikulegt flug allt árið um kring!
Hotel Fanabe
Fallegt og fjölskylduvænt hótel!
frá 99.533 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn m/morgunmat, 26.ágúst til 9.september.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
* Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega.

# BORGARFERÐIR NÝR ÁFANGASTAÐUR Í BANDARÍKJUNUM

# SMARAGÐSBORGIN GRÆNA

Icelandair hóf á dögunum beint flug til hinnar sígrænu Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna. Borgin hefur upp á margt að bjóða, eins og *Bergsteinn Sigurðsson* komst að, sér í lagi fyrir fólk sem hefur áhuga á útivist, flugi eða rokki og róli.



**Geimnálin fræga:** Hér sést borgin Seattle með Rainer-fjall í bakgrunninum og hina frægu Geimnál, Space Needle, sem gnæfir yfir landinu.

Það fyrsta sem blasir við á Sea-Tac flugvellinum í Seattle, ef skyggnið leyfir, er Rainer-fjall, virk eldkeila sem minnir á uppblásinn Snæfellsjökul eða vasaútgáfu af Fuji-fjalli, eftir því hvaðan úr heiminum maður er að koma. Fjallið tilheyrir Cascade-fjallgarðinum og er systurfjall hinnar frægu St. Helenu, sem sprakk með tilþrifum árið 1980. Í fjöllunum í kringum borgina eru víðfeðm og vinsæl útivistarsvæði sem laða að sér göngufólk, skíðafólk og fjallgöngumenn.

Sjóndeildarhringurinn, þar sem skýjakljúfa miðborgarinnar ber við loft, er kunnuglegur úr þáttunum um útvarpssálfræðinginn Fraiser. Þekkasta kennileitið er sjálfsagt útsýnisturninn Geimnálin – Space Needle. Það er vel þess virði að leggja á sig klukkustundar bið eftir því að komast upp í hann. Að öðru leyti er borgin iðjagræn og viði vaxin, þar sem hún hringar sig um Washingtonvatn. Af því dregur hún viðurnefni sitt , Emerald City – Smaragðsborgin. Það er algengur misskilningur að Seattle sé sérstaklega vætusöm borg; úrkoma er vissulega tíð en hins vegar tiltölulega lítil – yfirleitt gerir bara úða. Seattle á gróðursæld sína fyrst og fremst mildu loftslagi að þakka; sumrin er sjaldnast of heit og veturnir yfirleitt ekki kaldir. Í borginni búa um 600 þúsund manns en að meðtöldum nærliggjandi sveitarfélögum býr hálf fjórða milljón manna á stórborgarsvæðinu.

## Ríkulegur tónlistararfur

Seattle er heimaborg Jimi Hendrix, Nirvana og Pearl Jam, vagga gruggrokkksins sem tröllreið öllu á tíunda áratugnum. Borgin státar enn af gróskumikilli tónlistarsenu; nýjasta afsprengi Seattle til að láta að sér kveða á heimsvísu er hin stimamjúka Fleet Foxes, og margir tónleikastaðir í borginni.

Tónlistarsafnið Experience



**Hús Bill Gates** Í hinni grænu Seattle borg

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

Viltu styrkja stöðu þína verulega?

**Skrifstofubraut I**
– staðbundið nám og fjarnám. Frábært tækifæri fyrir þá sem hafa litla sem enga undirstöðu í bókhaldi.

**Skrifstofubraut II**
- fjarnám - Nemendur útskrifast sem rekstrarfulltrúar.

**Office Skills Programme**
- Skrifstofubraut I fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám**
– fjarnám sérsniðið að vinnutíma og þörfum fólks sem vinnur í fjármálafyrirtækjum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

www.mk.is
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000 og 824 4114 (Inga Karlsdóttir).

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



reykjavík
jazz

20 ár / 20 dagar
13. ágúst - 1. september 2009

www.reykjavikjazz.is

PORT hönnun

# DAGSKRÁ 13.- 19. ÁGÚST

## 13

**20.00 Norræna Hús**
Jazzhátíðar Reykjavíkur sett í 20. sinn.
Opening Ceremony of the 20th Reykjavik Jazz Festival

**22.00 Rósenberg**
Passport check -Upphafshóf fyrir listamenn og korthafa.
Opening party for artists and festival passholders.

## 14

**16.13 Rúv 1 - live**
Bein jazzútsending úr Útvarpshúsinu Efstaleiti 1.
Live Jazz on Rúv 1 -FM 93.5
Open house at Efstaleiti 1.

**20.00 Iðnó**
Einn! Franski bandoneonleikarinn Olivier Manoury.
Solo! Olivier Manoury
Tveir! Jón Páll Bjarnason og Agnar Már Magnússon.
Duo! Guitar and piano.

**22.00 Rósenberg**
Fusion kvartett.
The bassplayer Bjarni Sveinbjörnsson leads his quartet.
Ásgeirs Ásgeirsson: frumsamin ný jazztónlist
Original new music.

## 15

**16.00 Ingólfstorg**
Stórsveit Tónlistarskóla FÍH undir stjórn Samúels J. Samúelssonar.
Student Big Band conducted by Samuel J. Samuelsson.

**22.00 Rósenberg**
Reginfirra. Ungir, ferskir og spilaglaðir.
Absolute Nonsense. pack of fresh young jazz-meat.
Ásgeirs Ásgeirsson: frumsamin ný jazztónlist
Original new music.

## 16

**12.00 Dill Restaurant**
Hádegisjazz
Live Jazz at Noon

**17.00 Basil og Lime**
Síðdegisjazz í tjaldinu hjá Basil og Lime Klapparstíg
Afternoon jazz at Basil and Lime Restaurant.

**16.00 Kjarvalsstaðir**
Jazzóður. Opnun. Lifandi músík og lifandi myndlist.
Jazz Madness!
The opening of an exhibition featuring jazz in icelandic art. Live music.

**20.00 Norræna Hús**
Ktríó: Kristján Martinsson, Pétur Sigurðsson og Maggi trymbill.
K trio: Iceland's young jazz comets!
MMM Svíþjóð: Michael Edlund, Fabian og Josef Kallerdahl.
MMM Trio: Intimate approach to jazz.

**22.00 Rósenberg**
Moses Hightower og Asamasada
R&B with icelandic lyrics.
Masada influenced stringtrio.

**23.00 Kúltúra**
Bop 'till you drop

## 17

**12:00 Gerðuberg**
Jazzsmiðja Jazzhátíðar Reykjavíkur Hádegistónleikar
Jazz Festival Workshop
Concert at noon

**Kjarvalsstaðir**
14-16 Jazz smiðja – Open workshop
16-17 Masterclass – Open masterclass / Jim Black dicusses his music.

**20.00 Djúpið**
Jazzkvissið sló í gegn á síðustu Jazzhátíð Reykjavíkur. Jazzlögreglan spyr leiðandi spurninga í yfirheyrslum sínum.
Local jazz enthusiasts team up as the Jazz Police asks leading questions.

**22.00 Rósenberg**
Viðfjarðarundrin. Davið Þór Jónsson, Guðmundur Pétursson, Eðvarð Lárusson, Þórður Högnason og Birgir Baldursson.
The Wonders of Viðfjörður! Impossible to describe.

## 18

**12:00 Gerðuberg**
Jazzsmiðja Jazzhátíðar Reykjavíkur Hádegistónleikar
Jazz Festival Workshop
Concert at noon

**Kjarvalsstaðir**
14-16 Jazz smiðja – Open workshop
16-17 Masterclass – Open masterclass / Hilmar Jensson dicusses his music.

**20.00 Djúpið**
Icons of Jazz:
DVD kynning Smekkleysu
Bad Taste Record shop presents the new dvd Icons of Jazz series

**21.00 Rósenberg**
Andrés Þór Tríó. Útgáfutónleikar.
Guitarist Andres Thor celebrates his new album "Blik"
Andleg skelfing Ari Bragi Kárason trompetleikari og félagar.
Mental Terror! Beauty and colors.

## 19

**12:00 Gerðuberg**
Jazzsmiðja Jazzhátíðar Reykjavíkur Hádegistónleikar
Jazz Festival Workshop
Concert at noon

**Kjarvalsstaðir**
14-16 Jazz smiðja – Open workshop
16-17 Masterclass – Open masterclass / Benjamin Koppel dicusses his music.

**20.00 Iðnó**
Þorvaldur Þór Þorvaldsson: Útgáfutónleikar.
Drummer Thorvaldur Thor hosts a CD release concert celebrating his first solo venture.

**21.00 Rósenberg**
**Jazzsmiðja / Jazz Workshop**
Efnilegustu ungu íslensku!
Promising Icelandic jazz talent

**22.00 Kúltúra/Múlinn**
Duet: Benjamin Koppel alto sax, Eyþór Gunnarsson piano.


Austrian Embassy Copenhagen
SÝRLAND
TÓNASTÖÐIN
Landsbankinn
Iceland Express
Tækniskólinn
Reykjavík
GERÐUBERG Menningarmiðstöð

# List augnabliksins

Saga jazzins á Íslandi er ekki mjög gömul. Svo ung reyndar að nokkrir hjómlistarmenn sem jafnan eru kenndir við upphaf hans eru enn á meðal okkar og reyndar rétt búnir að draga sig í hlé af vettvangi.

Skilin á milli dans- og jazzspilamennsku voru ákaflega óljós í upphafi spunalistarinnar hér á landi og fram eftir öldinni tíðkaðist það gjarnan að danshljómsveitir léku jazz á meðan gestir voru að koma sér á böllin. Í dag heyra eiginlegar danshljómsveitir sögunni til, en í staðinn hafa komið vinsælar popphljómsveitir sem leika eingöngu eigin tónlist á samkomum sem vega salt á milli þess að vera tónleikar eða ball.


Pétur Grétarsson djasshátíðarstjóri.

Spuninn hefur líka fundið sér nýja farvegi og birtingarform. Það er löngu liðin sú tíð að svíngtaktur frá fyrri hluta aldarinnar nægi almennum hlustanda til að viðurkenna músík sem spuna. Spunaormar nútímans vinna sína vinnu jafnt með efni úr rokktónlist, sígildri tónlist, elektróník eða hverju sem er nánast. Það sem áfram gildir er að fanga list augnabliksins, bregðast við músík hinna í hljómsveitinni, ómnum í salnum, viðbrögðum áheyrenda.

Jazz er stórt hús með mörgum herbergjum, eða ættum við að segja að þegar við opnum mörg ólík tónlistarherbergi í einu, þá sé jazz. Á viðsjárverðum tímum er gott að opna eyrun fyrir tónlist sem er að langmestu leyti laus við gildishlaðna texta. Láta hugann reika og gleyma sér við tónlist sem hver og einn heyrir á einstakan hátt og mátar við eigin tilveru. Það er nærri lagi að á yfirstandandi hátíð sem verður sú lengsta frá upphafi, heilir 20 dagar í tilefni tuttugustu hátíðarinnar - sé boðið upp á hartnær 50 viðburði. Og það lætur einnig nærri að við sögu komi vel flestir sem eitthvað hafa gefið sig að jazzi, hvernig sem hann er spunninn. Góða skemmtun á Jazzhátíð Reykjavíkur 2009. *Pétur Grétarsson*

reykjavík jazz
Jazzpassi á alla atburði Jazzhátíðar kostar aðeins kr 8000.
Fæst á tónleikastöðum og á midi.is.
Fyrstu 200 fá í kaupbæti hátíðarplakat með mynd Errós "Miles Davis Doll"

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ SJÁ?



**ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég er mjög spenntur fyrir yngri sveitunum, til dæmis Reginfirru, K-tríói og Moses Hightower. Ég er nýlega búinn að sjá þær á tónleikum, og þær voru sjóðandi. Svo má ekki gleyma trommusnillingnum Jim Black, sem er magnaður trommuleikari.“ Þorvaldur heldur sjálfur útgáfutónleika í Iðnó þann 19. ágúst sem hefjast klukkan 20.00. *-jma*



Ólafur Þórðarson stýrði Norrænum útvarpsdjassdögum í Reykjavík sem voru fyrst haldnir árið 1990. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Margir gullmolar í safn

**Þegar Norrænir útvarpsdjassdagar í Reykjavík voru fyrst haldnir árið 1990 stýrði Ólafur Þórðarson hátíðinni, sem markaði upphaf Djasshátíðar Reykjavíkur. Hátíðin var einkar blómleg og skildi eftir sig marga gullmola.**

„Árið 1988 höfðu Svíar samband og buðu til Norrænna útvarpsdjassdaga í Svíþjóð þar sem átti að vera ein hljómsveit frá hverju Norðurlandanna og okkur hjá Ríkisútvarpinu tókst að koma út einni hljómsveit. Þegar við framleiðendurnir frá öllum Norðurlöndunum vorum síðan að ræða um hvort hægt væri að halda þessu áfram var ég spurður hvort ég gæti verið með hátíðina árið 1989 á Íslandi. Ég sagðist nú ekki geta það en bauðst til að stýra hátíðinni árið eftir, án þess að hafa nokkuð leyfi til þess,“ segir Ólafur Þórðarson kíminn en hann stýrði Norrænum útvarpsdjassdögum í Reykjavík í fyrsta skipti árið 1990.

„Þá var hátíðin haldin í maí og stóð í heila viku. Ég lagði áherslu á að fá blásara frá Norðurlöndunum en á þeim tíma var starfandi Stórsveit Ríkisútvarpsins og var þetta hennar síðasta starfsár, að ég held,“ útskýrir Ólafur en hann setti saman samnorræna stórsveit í fyrsta skipti og hefur það ekki verið gert síðan. „Þetta var 22 manna sveit með hljóðfæraleikurum frá öllum Norðurlöndunum og var þetta ótrúlega skemmtilegt,“ bætir hann við. Tónleikar voru í boði á hinum og þessum stöðum í bænum og að sögn Ólafs var mikið fjör og gaman. „Djassað var í öllum hornum í heila viku og fólk hafði mjög gaman af því hvað þetta var aðgengilegur og skemmtilegur djass,“ segir hann með blik í augum.

Norrænu djassdagarnir urðu til þess að menn sáu að mögulegt væri að halda djasshátíð í Reykjavík og var hátíðin því undanfari Djasshátíðar Reykjavíkur. „Áður en þetta var sögðu menn einfaldlega að það væri ekki hægt að halda svona hátíð í Reykjavík en raunin varð nú önnur. Þetta gekk afskaplega vel og því var haldið áfram. Nú eru liðin tuttugu ár frá fyrstu stóru hátíðinni og á þessum tíma hafa fjölmargir erlendir hljóðfæraleikarar komið og leikið,“ segir Ólafur ánægður en viðurkennir að mikil vinna hafi verið að stýra fyrstu hátíðinni. „Þetta gekk samt vel, ég þurfti bara að hafa allt á hreinu. Maður sótti gæjana til Keflavíkur, kom þeim á hótel og sá til þess að þeir sem ekki voru að spila hefðu eitthvað að gera og svona. Ég þurfti því að halda í alla þræði en þetta var mjög skemmtilegt, sérstaklega þar sem allir voru svo jákvæðir. Helsti vandinn var að útvega fjármagn en allir hljóðfæraleikarar fengu greitt. Það skilaði sér hins vegar á annan hátt, en Ríkisútvarpið tók meira og minna upp hverja einustu tónleika og til eru margir gullmolar frá þessum tíma. Síðan hefur verið reynt að taka alltaf eitthvað upp og hefur safnast heilmikið efni í gegnum árin sem gera mætti marga þætti um,“ segir hann dreyminn.

Í fyrstu hét hátíðin Norrænir útvarpsdjassdagar af því útvarpið stjórnaði henni en árið eftir fékk hún heitið Rúrek og bar það í nokkur ár. „Þá stóðu Ríkisútvarpið og Reykjavíkurborg fyrir henni. Ég held að í kringum 1998 hafi nafnið síðan breyst í Jazzhátíð Reykjavíkur en hún er nú skipulögð af djassdeild FÍH með hjálp frá Menningarsjóði FÍH, Reykjavíkurborg og Tónlistarsjóði,“ útskýrir Ólafur, sem hlakkar til veglegrar afmælisdagskrár. „Okkar íslensku hljóðfæraleikurum hefur farið svo mikið fram að þeir standa nú algjörlega jafnfætis kollegum sínum á Norðurlöndum, og þó víðar væri leitað,“ segir hann hrifinn. *-hs*




# Tvennir tvöfaldir píanótríótónleikar

Oft er haft á orði að píanótríóið sé í djassmúsík það sem strengjakvartettinn er í sígildri tónlist. Jazzhátíð býður upp á tvenna tvöfalda píanótríótónleika í Norræna húsinu þetta árið. Í bæði skiptin eru það íslensk tríó sem eru í hlutverki gestgjafa; Píanóleikarinn Árni Heiðar Karlsson leiðir sitt tríó í tónlist af nýrri plötu sinni „Mæri“ 28. ágúst og kynnir síðan til leiks austurríska tríóið HDV, en þeir David Helbock, Lucas Dietrich og Marc Vogel gerðu sér lítið fyrir og sigruðu 60 aðrar hljómsveitir í þýsku keppninni New Generation 06.

Næstkomandi sunnudagskvöld klukkan 20 leikur okkar eigið verðlaunatríó, K tríó, einnig í Norræna húsinu. Þeir Kristján Martinsson, Magnús Tryggvason Eliassen og Pétur Sigurðsson hafa borið hróður Íslands víða undanfarið ár, en sigur þeirra í ungliðakeppni djassleikara Norðurlanda fyrir tæpu ári var mörgum píanótríóaðdáandanum mikið fagnaðarefni. Þeir tóku líka silfrið í keppni evrópskra útvarpsstöðva um áhugaverðasta bandið á Northsea-festivalinu í Hollandi á dögunum.

Gestir K tríósins verða Svíarnir Michael Edlund, Fabian Kallerdahl og Josef Kallerdahl, sem kalla sig MusicMusicMusic. Í sannri píanótríóhefð taka þeir piltar til kostanna jöfnum höndum eigin tónlist og perlur djassbókmenntanna. Píanisti tríósins og helsti tónhöfundur, Fabian Kallerdahl, hreppti meðal annars hin eftirsóttu Jazz in Sweden-verðlaun árið 2006. Plata þeirra „What's a good boss anyway?“ var valin djassplata ársins árið 2005 í einu stærsta dagblaði Svíþjóðar.


**MusicMusicMusic. Svíarnir Michael Edlund, Fabian Kallerdahl og Josef Kallerdahl.**



**ALDAMÓTAHÁTÍÐ** verður haldin á Eyrarbakka 15. og 16. ágúst. Eyrarbakki var hafnarborg Skálholts og Suðurlands um aldir. Markaðstorg verður á Gónhóli og skrúðganga verður farin frá barnaskólanum. Kjötsúpuhátíð verður við Húsið, Byggðasafn Árnesinga. Margt fleira er í boði sem lesa má um á www.sudurlandid.is

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





Betri notaðir bílar

TOYOTA

Dyna

Opið á Klettháls í dag, laugardag frá kl. 12.00 til 16.00

ÚRVALSBÍLL



**Toyota Dyna** D/C með palli 3000 dísil 5 gíra
Á götuna: NÝR Verð: 3.190.000 kr.

Hönnun Dyna er hugvitsamleg og státar nýju kerfi sem hallar stýrishúsinu, stórum gluggum fyrir aukið útsýni og stórum sætum sem rúma þrjá fullorðna fram í og þrjá afturí á þægilegan máta. Dyna er traustur og þægilegur vinnufélagi.

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**BNB-sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Betri Notaðir Bílar**
**Nýbýlavegi 4 og Kletthálsi 2**
**Sími: 570-5070**
**www.toyota.is - www.bnb.is**

Today Tomorrow Toyota




Magnús á von á því að forvitnir muni leggja leið sína í Hljómskálagarðinn í dag og hvetur sem flesta til að mæta í búningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ofurhetja í einn dag

**Magnús Jónsson er einn af þeim sem munu troða upp í ofurhetju- og skúrkaveislu sem haldin verður í Hljómskálagarðinum í dag. Þar verða alls kyns kynjaverur á sveimi og mikið að bæði sjá og heyra.**

Magnús Jónsson í reggíhljómsveitinni Gnúzi Jones and the Crackers mun bregða sér í ofurhetjugallann í dag og troða upp í ofurhetju- og skúrkaveislu sem haldin verður í Hljómskálagarðinum. Veislan hefst klukkan fjögur en þar verður boðið upp á lifandi tónlist og ofurhetjukeppni af ýmsu tagi auk þess sem fólk er hvatt til að koma með drykkjarföng og pylsur á grillið.

Magnús var ekki búinn að gera það upp við sig í hvaða búningi hann ætlaði að vera þegar blaðamaður hafði samband við hann fyrr í vikunni en sá þó einhvern magnaðan óskapnað fyrir sér. Hann var í það minnsta handviss um að hann myndi vinna búningakeppnina en verðlaunin verða veitt á Prikinu í kvöld.

„Ég hugsa að þetta verði ansi óvenjuleg samkoma og verða alls kyns kynjaverur á sveimi. Fyrir helgi voru um 200 manns búnir að boða komu sína og þó svo að allir mæti ekki sem ofurhetjur þá hugsa ég að margir komi til að forvitnast enda verður þarna mikið fyrir augað,“ segir Magnús en hann er góðvinur annars skipuleggjandans Sigurðar Magnússonar.

Hljómsveitin Gnúzi Jones and the Crackers hefur starfað í um það bil ár en á árum áður var Magnús í hljómsveitinni Subterranean. Hann er nú í hljóðupptökunámi hjá Stúdío Sýrlandi sem hann segir koma sér vel enda stefni sveitin að því að gefa út plötu. „Sem stendur erum við með lag á gogoyoko.com sem áhugasamir geta kynnt sér.“

Á sunnudaginn ætlar Magnús að leggja ofurhetjubúninginn til hliðar og virða hinn heilaga hvíldardag í hvívetna. „Ef ég missi mig í gleðinni mun ég líklega fara í kirkju og játa syndir mínar.“

*vera@frettabladid.is*






**FERÐALANGAR** á hálendi Íslands þurfa að vera vel á verði og vel útbúnir á næstunni enda er verkefninu Björgunarsveitir á hálendinu lokið í sumar. Kalla þarf því eftir aðstoð björgunarsveita úr byggð ef eitthvað kemur fyrir.


Útsala
- Úlpur
- Kápur
- Jakkar

Glæsilegar yfirhafnir.
50% afsláttur

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opnunartímar:
mán.-föstud. 10-18
laugardaga 10-16





Þessir kettir komu með flugi frá Akureyri á fimmtudag í von um að einhver ættleiði þá í dag. Valgerður Valgeirsdóttir hjá Dýrahjálp Íslands tók á móti þeim á flugvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vonast til að sem flestir kettir fái heimili í dag

**Hundar, naggrísir, kanínur, fuglar og kettir eru þau dýr sem Dýrahjálp Íslands hefur útvegað nýtt heimili. Á morgun er heill dagur í Garðheimum tileinkaður köttum, en aldrei hafa jafn margir verið í tölu munaðarlausra og nú.**

„Við erum með yfir fjörutíu ketti, allt frá kettlingum til stálpaðra katta sem eru að leita að framtíðarheimili," segir Valgerður Valgeirsdóttir hjá Dýrahjálp Íslands en í dag milli klukkan 12 og 18 verður ættleiðingardagur tileinkaður köttum í Garðheimum.

Síðastliðið vor stóð Dýrahjálp Íslands fyrir ættleiðingardögum gæludýra í Garðheimum og var þar um alls kyns dýr að ræða, allt frá fuglum til hunda. Nú er dagurinn hins vegar helgaður köttum og að sögn Ásbjargar Unu Björnsdóttur hjá Dýrahjálpinni er það vegna þess hve margir kettir virðast nú vera í vandræðum.

„Við finnum að tíðin er allt önnur í dag en var því nú verða þarna til að mynda kettlingar sem ekki hefur gengið að eignast heimili, en það er sjaldgæft að erfitt sé að að koma ungviðinu út," segir Ásbjörg.

Ásbjörg segir að eins og er dvelji kettirnir á fósturheimilum. Þar hýsa sjálfboðaliðar kettina á meðan þeir leita að framtíðarheimili. Einnig eru margir kettir á eigin heimili en þurfa að finna nýtt vegna búferlaflutninga, ofnæmis eða annarra ástæðna.

„Fleiri eru að flytja til útlanda en áður og því eru fósturheimilin okkar alveg full og mun fleiri sem þurfa aðstoð en áður. Kettirnir fara ekki vel út úr kreppunni."

Kettirnir verða sem fyrr segir í Garðheimum í dag en þangað kemur fólk og kíkir og sækir svo um að fá að hýsa kött með því að fylla út umsóknareyðublað. „Við viljum vita hvert kettirnir okkar fara." Dýrahjálp hefur hingað til aðstoðað fjölda katta í heimilisleit en þeir eru nú orðnir um 187 talsins.

*juliam@frettabladid.is*


TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN
vísir.is


Áttatíu prósent allra vegfarenda á Laugaveginum eru gangandi. Fyrsta laugardag í september verður gerð tilraun til að loka götunni fyrir bifreiðum og hefst hún um hádegi.



www.rvk.is

# Taubleiumarkaður í Borgartúni í dag

**Taubleiur eru góðar fyrir barnið, umhverfisvænar og minnka útgjöld foreldra.**

Bleiur úr mismunandi efnum, af ólíkum stærðum og í ýmsum litum verða til sýnis og sölu á taubleiumarkaði á neðri hæð verslunarinnar Maður lifandi í Borgartúni í dag milli 11 og 17. Að honum standa netverslanirnar ISbambus, Kindaknús, Krútt, Montrassar, Perlur, Snilldarbörn, Tamezonline og Þumalína.

Oddný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Þumalínu, verður fyrir svörum þegar spurt er nánar út í fyrirbærið. Hún nefnir bómull, bambus, flís og hamp sem dæmi um ólík efni í bleiunum en segir þær eiga það sameiginlegt að allar þoli þvott. Hún mælir með notkun taubleia fyrir barnið, umhverfið og pyngjuna. „Hvert barn notar að meðaltali um sex þúsund bréfbleiur. Það gerir um tvö tonn af sorpi sem getur tekið um 500 ár að eyðast í náttúrunni," segir hún og telur taubleiur líka minnka útgjöld foreldra umtalsvert. *- gun*



Hampur er efnið sem Oddný notar í taubleiurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




MaxMara
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54
LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR
MaxMara, HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862



**SKÓLAVÖRUR** eru misdýrar eftir verslunum. Þessu komust Neytendasamtökin að í nýrri smákönnun sem sjá má á vef samtakanna www.ni.is. Gerð var verðkönnun á fjórum hlutum og var mesti munurinn 460 prósent á milli verslana.



# Skiptinemar vilja koma

**Fjöldi skiptinema er væntanlegur til landsins á næstunni þó að enn vanti nokkur heimili til að hýsa þá. Eyrún Eyþórsdóttir, framkvæmdastjóri AFS á Íslandi, segir fjölskyldur taka að sér skiptinema af hugsjón.**

Von er á 41 skiptinema hingað til lands á vegum AFS í lok mánaðarins en það er svipaður fjöldi og undanfarin ár. „Kreppan virðist ekki vera að að fæla skiptinemana frá en við verðum þó ekki vör við aukningu þótt það sé ódýrara að koma hingað en oft áður. Það skýrist ef til vill af því að efnahagurinn ytra er ekki eins góður og áður og því leggja færri land undir fót," segir Eyrún Eyþórsdóttir, framkvæmdastjóri AFS á Íslandi.



AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa í yfir fimmtíu þjóðlöndum. MYND/AFS

AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa í yfir fimmtíu þjóðlöndum. Aðalviðfangsefni þeirra hér á landi eru nemendaskipti unglinga á aldrinum 16-19 ára. Markmið samtakanna er að auka kynni og skilning milli þjóða heims og fólks af ólíkum uppruna, víkka sjóndeildarhring ungs fólks og auka menntun þess. „Við trúum því að með auknum samskiptum á milli ólíkra menningarheima verði til aukinn skilningur sem kemur í veg fyrir stríð og átök, en á þeirri hugmyndafræði byggja samtökin," segir Eyrún.

Hún segir ganga örlítið verr að finna fjölskyldur fyrir nemana en áður og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. „Við erum þó að bæta við fjölskyldum á landsbyggðinni sem er afar ánægjulegt."

Eyrún segir að þeir sem taki að sér skiptinema geri það af hugsjón og áhuga. „Fósturfjölskyldurnar þurfa að veita skiptinemunum mat og húsaskjól en þær græða heilmikið sjálfar. Rannsóknir hafa sýnt að skiptinemar og fósturfjölskyldur hljóta forskot er varðar færni til að leysa vandamál auk þess sem þær auka samskiptahæfni sína. Þá eykst menningarleg aðlögunarhæfni beggja aðila og oftar en ekki myndast ævilöng vinabönd."

Eyrún segir fólk á framhaldsskólaaldri hvað best til þess fallið að fara í skiptinám og að í því sé mikil fjárfesting fólgin. „Fólk á þessum aldri er svo móttækilegt og rannsóknir hafa sýnt að leiðtogahæfni þess eykst auk þess sem það er líklegra til að fara í háskóla- og doktorsnám.

AFS óskar eftir fósturfjölskyldum af öllum stærðum og gerðum og eru engar kröfur gerðar um fjölskyldusamsetningu. Þær þurfa umfram allt að vera góðar og tilbúnar til að leyfa skiptinemunum að taka þátt í lífi og starfi fjölskyldunnar. Áhugasömum er bent á heimasíðuna www.afs.is.

*vera@frettabladid.is*








## Erfiðleikar með lestur eða stærðfræði?

**Betra nám býður upp á fjölbreytt og hnitmiðuð námskeið sem efla námsgetu fyrir allan aldur:**

- Er lesturinn vandamál?
- Gengur margföldun illa?
- Er reiknað á fingrum?
- Tekur námið of langan tíma?
- Bregst minnið?

**Lærðu námstækni sem nýtist til frambúðar:**

- Davis lesblindunámskeið
- Fjarnámskeið sem eflir hugarreikning og margföldun
- Hraðlestur
- Minnistækni
- Glósutækni (Hugarkort)

**Persónuleg þjónusta**

**Betra nám - www.betranam.is**
**Kjarna - 270 Mosfellsbæ**
**s. 566 6664**






fá HEILBRIGÐISSKÓLINN
FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Getum bætt við nemendum á læknaritarabraut, lyfjatæknabraut og í nám í lyfjatækni með starfi**

Enn eru laus pláss í fjarnám á læknaritarabraut og í dagskóla á lyfjatæknabraut Fjölbrautaskólans við Ármúla. Einnig eru laus pláss í lyfjatæknanám með starfi þar sem kennsla fer fram síðdegis þrjá daga vikunnar.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans www.fa.is og hjá kennslustjórum námsbrautanna: Bryndís Þóra Þorsdóttir kennslustjóri lyfjatæknabrautar, netfang: binna@fa.is og Guðrún Narfadóttir kennslustjóri læknaritarabrautar, netfang: gnarfa@fa.is



# Það er leikur að læra

Innritun í kvöld- og fjarnám er hafin

**Kvöldskóli**

- Byggingatækniskólinn
- Raftækniskólinn
- Tæknimenntaskólinn
- Véltækniskólinn
- Meistaraskólinn

**Fjarnám**

- Byggingatækniskólinn
- Fjölmenningarskólinn
- Upplýsingatækniskólinn
- Skipstjórnarskólinn
- Raftækniskólinn
- Véltækniskólinn
- Meistaraskólinn

**Diplómanám**

Endurmenntunarskólinn

- Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu
  - Útvegsrekstrarfræði
  - Flugrekstrarfræði
  - Almenn lína í rekstri og stjórnun
  - Rekstrarfræði
- Lýsingarfræði
- Lýsingarhönnun

**Flugskóli Íslands**

Í september hefjast:

- MCC námskeið
- ATPL námskeið
- PPL námskeið (einkaflugmannsnámskeið)
- Flugkennaranámskeið

www.flugskoli.is

zetor

**Innritun lýkur 26. ágúst.**

Aðstoð við innritun er 26. ágúst frá kl. 16:00 – 19:00.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Innritun fer fram á **www.tskoli.is**



Söngskólinn í Reykjavík

Söngleikjadeild
SÖNGSKÓLANS Í REYKJAVÍK

NÝR OG SPENNANDI KOSTUR Í SÖNG OG DANSI

## INNTÖKUPRÓF

í nýja söngleikjadeild við Söngskólann í Reykjavík fara fram í byrjun septembermánaðar.

Á inntökuprófi þurfa umsækjendur að sýna færni bæði raddlega í söng og í hreyfingum/dansi með því að hafa undirbúið 1 - 2 lög til til flutnings (píanóleikari verður á staðnum) og mæta í léttum, þægilegum klæðnaði.

**Engin skilyrði um fyrra nám eða reynslu eru sett varðandi inngöngu.**

Miðast við framhaldsskólaaldur.

**Ívar Helgason** – umsjón deildar
**Kjartan Valdemarsson** – tónlistarstjóri
**Sibylle Köll** – danshöfundur
**Dagrún Hjartardóttir** - umsjón söngkennslu

FREKARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á WWW.SONGSKOLINN.IS
SÍMI: 552-7366

**Cintamani Center lýsir eftir fyrsta flokks verslunarstjóra!**

Einungis kemur til greina afar hress og ferskur einstaklingur sem hefur brennandi áhuga á og töluverða reynslu af útivist. Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg og reynsla af sölustörfum skilyrði. Ekki sakar ef umsækjandi hefur staðgóða tungumálakunnáttu og tali eitt eða fleiri eftirfarandi tungumála; frönsku, spænsku eða þýsku.

***Hver erum við?***
Cintamani Center er útvistarverslun að Laugavegi 11. Hún selur allt sem nöfnum tjáir að nefna þegar kemur að útivist og ferðalögum. Þar er að auki er þar upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn og söluskrifstofa fyrir ævintýraferðir. Búðin er skemmtilegur, fjörugur og fjölbreyttur vinnustaður í hjarta miðbæjarins.

**Áhugasamir sendi ferilsskrá með mynd á netfangið sigga@adventures.is fyrir 20.ágúst næstkomandi.**

MECCA SPA

## EINKAÞJÁLFARI

Mecca Spa auglýsir lausar stöður einkaþjálfara við heilsuræktarsvið fyrirtækisins. Heilsurækt Mecca Spa er staðsett á Nýbýlavegi 24 í Kópavogi en einnig er góður tækjasalur á Hótel Sögu. Heilsurækt Mecca Spa hefur frábæra aðstöðu fyrir einkaþjálfara. Einkaþjálfarar þurfa að hafa reynslu af þjálfun og viðkurkennd einkaþjálfarapróf eða háskólagráðu sem nýtist í einkaþjálfun.

**Umsóknir og fyrirspurnir berist á netfangið elinsandra@meccaspa.is**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Sundhöll Hafnarfjarðar Bað- og laugarvarsla

Sundhöll Hafnarfjarðar auglýsir lausa stöðu við bað- og laugarvörslu kvenna. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi S.T.H. og Hafnarfjarðarbæjar.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Sundhallar Hafnarfjarðar Einar Sturlaugsson í síma 664-5743

Sundhöll Hafnarfjarðar

## LAUST STARF HJÁ NÝJA KAUPÞINGI BANKA HF.

# Viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði

Nýi Kaupþing banki óskar eftir að ráða öflugan starfsmann með þekkingu á fasteignamarkaðnum.
Fyrirtækjasvið annast útlán til stórra fyrirtækja auk þess að veita þeim alhliða fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers viðskiptavinar.

### HELSTU VERKEFNI

- Greining á lánshæfi fyrirtækja
- Samskipti við viðskiptavini
- Skýrslugerð og önnur verkefni á fyrirtækjasviði

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í byggingatækni- eða verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum í verktakastarfsemi eða rekstri fasteigna
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

### UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 26. ÁGÚST 2009

Nánari upplýsingar veita:
Ingi Guðmundsson, forstöðumaður á fyrirtækjasviði, í síma 444 6515,
netfang: **ingi.gudmundsson@kaupthing.com**
og Jónas Hvannberg á starfsmannasviði í síma 444 6376,
netfang: **jonas.hvannberg@kaupthing.com**

Umsækjendur sæki um á vefsíðu bankans: **www.kaupthing.is**
Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 46914 08/09

RAMBØLL

# RAFMAGNSVERKFRÆÐINGAR

Vegna aukinna verkefna óskar Ramböll eftir að styrkja starfslið fyrirtækisins á rafmagnssviði og ráða rafmagnsverkfræðinga til starfa í Stavanger.

**Starfssvið**
- Hönnun raflagnakerfa
- Hönnunarstjórn
- Þátttaka í faglegri þróun innan sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði
- A.m.k. 5-7 ára fagleg starfsreynsla
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar
- Faglegur áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi

**Ramböll býður uppá ýmsa starfsþróunarmöguleika**
- Ramböll rekur sína eigin endurmenntunardeild
- Þú getur lært af samstarfsmönnum í þverfaglegu starfsumhverfi
- Þú færð stuðning og endurgjöf frá samstarfsmönnum innanlands sem utan
- Þú getur flutt þig yfir á önnur svið, byggingastjórn, verkefnastjórn eða eignaumsjón

Hjá Ramböll er lögð áhersla á óformlegt, opið og gott félagslegt vinnuumhverfi sem endurspeglast í sameiginlegu félagslífi. Sumir mála, aðrir taka ljósmyndir, enn aðrir spila fótbolta og "Rambölleme" leika undir dansi.

Ramböll er leiðandi þekkingarfyrirtæki innan verkfræðinnar á Norðurlöndum og á þeirra vegum starfa í dag um 8000 starfsmenn í um 20 löndum, en megin starfsemi er í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Stóra-Bretlandi. Heildarvelta fyrirtækisins er rúmlega 5 milljarðar norskra króna.

Ramböll í Stavanger veitir þverfaglega ráðgjöf á bygginga- og skipulagssviði, starfsmenn í dag eru um 40. Hjá fyrirtækinu er blandaður hópur sérfræðinga, sterkir og reynslumiklir verkfræðingar sem og yngri, hugmyndaríkir og ferskir nýliðar.

Gegnum dótturfélagið Ramböll Aros a.s. er í boði arkitekta- og skipulagsþjónusta.
Hjá Ramböll Arosa a.s. eru 32 starfsmenn. Sameining þessara fyrirtækja stendur fyrir dyrum.

Nánari upplýsingar má finna á www.ramboll.no

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna B. Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23.ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000




## Spennandi tækifæri fyrir kerfis- / tölvunarfræðinga

PricewaterhouseCoopers hf. óskar eftir að ráða kerfis- /tölvunarfræðing á upplýsingatæknisvið - viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Þetta er tækifæri til að starfa í krefjandi og spennandi alþjóðlegu umhverfi.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Reynsla af rekstri tölvukerfa
- Góð þekking á Microsoft kerfum- XP og Vista stýrikerfi, Windows 2003 server
- Góð þekking á Lotus Notes, client og server
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Góð þjónustulund, jákvætt hugarfar, uppörvandi framkoma, góð samstarfshæfni, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

**Starfssvið:**
- Þátttaka í rekstri tölvukerfa
- Þátttaka á innleiðingu á nýjum kerfum
- Þjónusta við notendur

**Umsóknir:**
Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst n.k. Upplýsingar veitir Þórunn Auðunsdóttir, mannauðsstjóri-thorunn.audunsdottir@is.pwc.com

PricewaterhouseCoopers hf. er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fjármálaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar. Fyrirtækið er íslenskt en hluti af alþjóðlegri keðju sem er sú stærsta á sínu sviði í heiminum. PwC hefur það að markmiði að tryggja óhæði og trúverðugleika í störfum sínum. Sterk staða fyrirtækisins byggist fyrst og fremst á afburða hæfileikum og reynslu starfsmanna.

PRICEWATERHOUSECOOPERS

---

## LAUST STARF HJÁ NÝJA KAUPÞINGI BANKA HF.

# Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs

Nýi Kaupþing banki óskar eftir að ráða öflugan einstakling sem er reiðubúinn að takast á við krefjandi verkefni og hefur metnað til að ná árangri í starfi.

Lögfræðisvið skiptist í lögfræðiráðgjöf og innheimtudeild og annast fjölbreytt verkefni fyrir öll svið bankans. Framkvæmdastjóri annast stefnumótun og þróun sviðsins í samráði við bankastjóra og samstarfsfólk auk daglegs rekstrar.

### HÆFNISKRÖFUR

- Kandídats- eða meistaranám í lögfræði
- Málflutningsréttindi
- Mikil reynsla af lögfræðistörfum
- Umtalsverð stjórnunarreynsla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

### UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 26. ÁGÚST 2009

Nánari upplýsingar veita:
Bryndís Jónsdóttir í síma 444 6387,
netfang: **bryndis.jonsdottir@kaupthing.com**
og Jónas Hvannberg í síma 444 6376,
netfang: **jonas.hvannberg@kaupthing.com**

Umsækjendur sæki um á vefsíðu bankans: **www.kaupthing.is**
Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað.

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 46914 08/09

---

icelandic FISH & CHIPS

**Óskum eftir starfsfólki í eldhús og sal.**
Vaktavinna og/eða aukastarf um kvöld og helgar. Meðmæli óskast. Vinsamlega sendið umsókn á erna@fishandchips.is

---

FJÖLNIR

## Þjálfarar óskast

Fimleikadeild Fjölnis óskar eftir þjálfurum frá og með næsta hausti. Deildin leitar að þjálfurum bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Í boði eru samkeppnishæf laun og önnur fríðindi. Fimleikadeild Fjölnis hefur verið í örum vexti og hafinn er undirbúningur við að fá nýtt og betra húsnæði fyrir deildina á næsta ári.

Nánari upplýsingar um þessi störf veitir Halla Karí í síma 661 6520.

Áhugasamir eru hvattir til að senda umsókn með ferilskrá á netfangið fimleikadeild.fjolnir@gmail.com

---

# Þroskaþjálfi óskast

**Tækniskólinn óskar eftir þroskaþjálfa eða þroskaþjálfanema til starfa með tveim einhverfum og þroskaheftum nemendum.**

Þroskaþjálfinn mun starfa með kennara og öðrum þroskaþjálfa en verður jafnframt að geta unnið sjálfstætt. Um er að ræða heilt starfshlutfall.

**Starfið er laust frá 20. ágúst nk.** Upplýsingar veitir Fjölnir Ásbjörnsson, skólastjóri Fjölmenningarskólans, fa@tskoli.is og í síma 821 5647.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður skólaárið 2009-2010

***Hraunvallaskóli***
(590 2800 agusta@hraunvallaskoli.is)
Sérkennsla frá 1. september

***Öldutúnsskóli***
(664 5896 herla@oldutunsskoli.is)
Umsjónarkennsla á miðstigi
Stuðningskennari á unglingastigi

***Leikskólinn Stekkjarás***
(517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Þroskaþjálfi til að sjá um barn með Williamsheilkenni

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

GÖTUSMIÐJAN

**Götusmiðjan óskar eftir starfsmönnum í eftirfarandi :**

**Sálfræðing** til að leysa af vegna fæðingarorlofs í 1 ár sem getur byrjað strax.

**Meðferðarfulltrúa** í vaktarvinnu með einhverja tónlistarhæfileika .

Götusmiðjan er meðferðarheimili fyrir ungt fólk á aldrinum 15 - 20 ára. Staðsett að Brúarholti í Grímsnesinu 800 Selfoss

**Nánari upplýsingar gefur :**
Jón Þór Dagskrástjóri í síma 566 - 6100 á milli kl 9 - 17 virka daga eða senda á jonþor@gotusmidjan.is

# ATVINNA

## hjólbarðaverkstæði smustöð

**Gúmmívinnslan** leitar að traustum starfsmanni til framtíðarstarfa í þjónustustöð sína að Tangarhöfða 15 í Reykjavík.



**Helstu verkefni:.**

Almenn hjólbarða- og smurstöðvarþjónusta.

Sala og afgreiðsla á hjólbörðum, olíum og öðrum vörum fyrirtækisins.

Samskipti við viðskiptavini.

Önnur tilfallandi störf.

**Hæfniskröfur:**

Starfsreynsla við svipuð störf er mikill kostur.

Stundvísi og áreiðanleiki.

Góð samskiptahæfni og þjónustulund.

Umsóknareyðublöð á staðnum.
Allar nánari upplýsingar veitir Gestur J. Árskóg í síma 840 7905.

GÚMMÍVINNSLAN

**GÚMMÍVINNSLAN** er með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri. **GÚMMÍVINNSLAN** er öflugt fyrirtæki á sviði hjólbarðasölu og annari tengdri þjónustu.

**Tangarhöfða 15 - 110 Reykjavík - Sími: 577 3080 - 840 7905**

» **Ráðningarþjónusta**

# Starf í framleiðsludeild

Lýsi óskar eftir að ráða laghentan og vandvirkan einstakling í framleiðsludeild. Vinnutími er frá kl. 08:00 til kl. 18:00.

## » Starfssvið

- Aðstoð með umsjón á vélum og tækjabúnaði

## » Hæfniskröfur

- Áhugi/þekking á vélum og tækjum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar eru veittar hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma **561 5900.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar **www.hhr.is**

LYSI

Lýsi fagnaði 70 ára afmæli sínu árið 2008. Fyrirtækið hefur það að meginmarkmiði að vera áfram framúrskarandi og traustur framleiðandi afurða sem bæta heilsu og auka lífsgæði.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



# Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

### *Sérfræðingur í gæðaeftirliti*

Starfið tilheyrir gæðaeftirlitsdeild Actavis hf. og felur í sér útgáfu og viðhald rannsóknarforskrifta og gæðalýsingu pökkunarefna, samþykkt/höfnun á pökkunarefnum, samþykkt pökkunarforskrifta, rýni, yfirferð og samþykkt á pökkunarskrám, mat á frávikum/utanmarkaniðurstöðum, þátttöku í innri úttektum og eftirliti, gerð og viðhald skriflegra leiðbeininga og þjálfun starfsmanna. Starfið felur í sér talsverð samskipti við aðrar deildir Actavis, s.s. framleiðslueftirlitsdeild, pökkunardeild o.fl. deildir.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun á sviði raunvísinda. Gerð er krafa um nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð og góð íslensku- og enskukunnátta ásamt góðri tölvukunnáttu er skilyrði.

### *Starf við lyfjablöndun*

Í lyfjablöndun hjá Actavis fer fram vigtun, blöndun og frumvinnsla hráefna. Í starfinu felst einnig samsetning á vélum, skýrslugerð og skjalfesting.

Við leitum að duglegum og samviskusömum einstaklingum sem geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð. Reynsla eða þekking á vinnu í framleiðslu er kostur, sem og hæfni til að tileinka sér starfsemi vélbúnaðar. Grunnþekking í ensku er æskileg. Í lyfjablöndun er um að ræða vaktavinnu. Unnið er á þrískiptum vöktum, viku í senn á dag- og kvöldvöktum og sjöttu hverja viku á næturvakt.

### *Starf við lyfjapökkun*

Um er að ræða almenn störf við lyfjapökkun sem fela í sér vélakeyrslu í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfestingu. Einnig tæknilega umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum.

Við leitum að nákvæmum og samviskusömum einstaklingum með góða almenna menntun og einnig einstaklingum með iðnmenntun og/eða reynslu af vinnu við vélar.
Grunnþekking í ensku er æskileg.
Í lyfjapökkun er unnin vaktavinna. Unnið er á þrískiptum vöktum, viku í senn á hverri vakt fimm daga vikunnar en fjóra þegar um er að ræða næturvaktir.

Nánari upplýsingar um störfin veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **23. ágúst nk**.

actavis

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



## STARFSMAÐUR ÓSKAST Á VERKFRÆÐIDEILD ICELANDAIR

**LAUST ER TIL UMSÓKNAR STARF LOFTHÆFIRÝNIS (AIRWORTHINESS REVIEW STAFF).**

**STARFSSVIÐ**

Lofthæfirýnir er sérfræðingur á verkfræðideild hjá tækniþjónustu félagsins á Keflavíkurflugvelli og annast undirbúning og útgáfu lofthæfiskirteina fyrir vélar félagsins.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Próf í flugvélaverkfræði, flugvirkjun eða ígildi þess.
- Fimm ára reynsla og þjálfun í viðhaldsstjórnun og/eða viðhaldi flugvéla
- Góð ensku- og tölvukunnátta er nauðsynleg.

Um er ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi og vinna sem hluti af liðsheild.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA**

Arnór Þórhallsson | arnor@icelandair.is (4250 105) eða Kristín Björnsdóttir | stina@icelandair.is (5050 155)

Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, leiðandi í markaðssetningu á internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.

Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um 1.350 manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.

Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli annast viðhald flugvéla Icelandair og veitir alhliða tækniþjónustu í flugrekstri. Tækniþjónustan býður upp á krefjandi verkefni hérlendis og erlendis. Hagsmunir viðskiptavina eru hafðir að leiðarljósi með framúrskarandi þjónustu. Hjá tækniþjónustunni starfa 277 starfsmenn.

Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.

Icelandair hlaut Starfsmenntaverðlaunin 2007.

Icelandair er reyklaust fyrirtæki.

Við erum ein áhöfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman af því sem við gerum.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair (www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en **24. ágúst.**

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 46935 08/09

## GLYMUR SMIÐJA

Glymur Smiðja er undirverktaki hjá Ístak með stálsmíði á handriðum fyrir Háskólann í Reykjavík undir Öskjuhlíð. Þetta verkefni á að klárast sumarið 2010. Okkur vantar stálsmiði með reynslu í tiggsuðu og fínni smíði.

***Áhugasamir sendi skriflega umsókn á netfangið svalir@svalir.is. Góð laun í boði fyrir góða menn.***

## Einar Ben
RESTAURANT

Veltusundi 1/Sími: 511 5090 www.einarben.is

### FRAMREIÐSLUNEMI

**Vilt þú læra til þjóns undir handleiðslu eins mest verðlaunaða framreiðslumeistara landsins?**

Við á Einari Ben. erum að leita að ungri og áhugasamri manneskju sem vill læra til þjóns. Við bjóðum upp á fjölbreytt nám fyrir metnaðarfullt fólk. Neminn okkar er undir handleiðslu Stefáns Guðjónssonar margverðlaunaðs vínþjóns og framreiðslu manns ársins 2004.

Vinsamlegast hafið samband við Stefán gsm:693-6526 eða á tölvupóst einarben@einarben.is

# Reginn ehf. auglýsir eftir fjármálastjóra

Landsbankinn

Landsbankinn, f.h. dótturfélags síns, Regins ehf., auglýsir laust til umsóknar starf fjármálastjóra hjá félaginu. Reginn ehf. er félag sem annast umsýslu og rekstur fasteigna og fasteignafélaga sem bankinn kann að eignast við fullnustuaðgerðir. Félagið er að fullu í eigu Landsbankans. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur reynslu af fjármálastjórnun.

### Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með bókhaldi, kostnaðareftirliti og greiningu. VSK skil og skýrslugerðir. Undirbúningur fyrir endurskoðun og þátttaka í innra eftirliti.
- Skipulag og eftirfylgni fjármálastjórnunar, samræming fjárhagsáætlana einstakra verkefna, samantekt áætlana og frávikagreining.
- Umsjón með fjárhagsupplýsingakerfum félagsins.
- Ábyrgð á greiðslum reikninga, innheimtu og útgáfu reikninga.
- Fjárhagsleg vöktun með einstaka verkefnum.
- Vinnsla og framsetning upplýsinga um fjármálastöðu og rekstraruppgjör.
- Þátttaka í áætlanagerð og hagkvæmnisútreikningum.
- Eftirlit með samningum skuldunauta og lánardrottna.

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi af endurskoðunar- eða fjármálasviði ásamt reynslu af reikningshaldi og stjórnun.
- Góð tölvukunnátta og þekking á helstu fjárhagsupplýsingakerfum.
- Frumkvæði og fagmennska í starfi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót.

### Nánari upplýsingar veita:

Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Regins ehf. í síma 410 7707 og Ingibjörg Jónsdóttir á starfsmannasviði Landsbankans í síma 410 7902.

Umsóknir og fylgigögn sendist á ingibjorg.jonsdottir@landsbankinn.is merkt „Reginn ehf. fjármálastjóri".

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2009.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



# Framreiðslunemar og aðstoðarfólk!

Vilt þú læra listina að framreiða með margverðlaunuðum meisturum?
**Nú er tækifærið!** Veitingahús Perlunnar leitar að framreiðslunemum og aðstoðarfólki í sal.

Einnig vantar **starfsfólk í kaffiteríu Perlunnar**.

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**

**Auglýsingasími**
**512 50 50**
– Mest lesið



**Tótem ehf óskar eftir öflugum**

# sölufulltrúum

**Annarsvegar** leitum við að sölu- og þjónustufulltrúa til að sinna reglubundnum söluheimsóknum og afgreiðslum til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

**Hinsvegar** leitum við að sölu- og þjónustufulltrúa, sem sinnir sölu, afgreiðslu, sérpöntunum og annarri þjónustu við viðskiptavini, hér í húsnæði okkar í Vínlandsleið.

Við leitum að jákvæðum og söludrifnum einstaklingum, sem búa yfir frumkvæði, þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum. Áhugi á íþróttum er æskilegur. Reynsla af verslunarstörfum er nauðsynleg.

Við förum fram á að starfsfólk okkar sé reglusamt og heiðarlegt, hafi bílpróf, kunni ensku og búi að reynslu af algengustu tölvuforritum td. Excel, Word, Outlook. Við ráðum ekki reykingafólk.

Umsóknir sendist Tómasi Torfasyni, framkvæmdastjóra, á netfangið tomas@totem.is, fyrir 19. ágúst. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

TÓTEM

Tótem ehf er umboðs- og söluaðili fyrir íþróttavörumerkin Puma og Speedo. Við erum fjölskyldufyrirtæki með yfir 40 ára sögu. Hjá Tótem ríkir vinalegur starfsandi, mikill metnaður og rík þjónustulund. Hjá fyrirtækinu starfa 7 manns.

Tótem ehf – Vínlandsleið 6-8 – 113 Reykjavík

# Reginn ehf. auglýsir eftir verkefnastjóra

Landsbankinn

Landsbankinn, f.h. dótturfélags síns, Regins ehf., auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra hjá félaginu. Reginn ehf. er félag sem annast umsýslu og rekstur fasteigna og fasteignafélaga sem bankinn kann að eignast við fullnustuaðgerðir. Félagið er að fullu í eigu Landsbankans. Leitað er að áhugasömum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur reynslu af verkefnastjórnun á þeim sviðum sem félagið starfar.

## Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun við uppbyggingar- og þróunarverkefni.
- Undirbúningur, stjórnun og eftirlit með verkefnum á sviði fasteignareksturs.
- Áætlanagerð á sviði byggingaframkvæmda og fasteignareksturs ásamt eftirfylgni og frávikagreiningu.
- Stjórnun byggingatæknilegra verkefna, s.s. umsjón með samningum við hönnuði, verktaka og þá aðila sem koma að viðkomandi verkefnum.
- Útboð, almenn innkaup og samningagerð á sviði fasteignareksturs.
- Þátttaka í áætlanagerð og hagkvæmnisútreikningum.

## Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun á sviði byggingatækni, verkfræði, arkitektúrs eða sambærilegt.
- Góð tölvukunnátta.
- Frumkvæði og fagmennska í starfi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót.

## Nánari upplýsingar veita:

Helgi S. Gunnarsson, framkvæmdastjóri Regins ehf. í síma 410 7707 og Ingibjörg Jónsdóttir á starfsmannasviði Landsbankans í síma 410 7902.

Umsóknir og fylgigögn sendist á ingibjorg.jonsdottir@landsbankinn.is merkt „Reginn ehf. verkefnastjóri".

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2009.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

KAFFISTOFUR STÚDENTA OG HÁMA

## LÍFLEGT OG SKEMMTILEGT

**Félagsstofnun stúdenta** leitar að starfsfólki í fullt starf og hlutastörf í afgreiðslu á Kaffistofur stúdenta og í Hámu. Skemmtileg framtíðarstörf í líflegu umhverfi fyrir einstaklinga með þjónustulund.

Umsóknir skulu sendar til Valdísar Elísdóttur sem einnig veitir nánari upplýsingar í síma 570 0700 eða í tölvupósti valdis@fs.is

Háskólatorgi, 3. hæð Sæmundargötu 4 Sími 570 0700 fs@fs.is www.fs.is

Félagsstofnun stúdenta á og rekur Kaffistofur stúdenta og Hámu. Hlutverk þeirra er að bjóða stúdentum við Háskóla Íslands fjölbreytt og gott vöruúrval á lágmarksverði. Kaffistofurnar eru sex talsins og staðsettar í byggingum HÍ á háskólasvæðinu en Háma er staðsett á Háskólatorgi.

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Að henni standa stúdentar við Háskóla Íslands, HÍ og menntamálaráðuneytið. Auk Kaffistofa stúdenta og Hámu rekur FS Leikskóla, Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða og Stúdentamiðlun. Starfsmenn FS eru um 120 talsins.

# BÓKHALD

**Ingvar Helgason ehf. óskar eftir vönum starfsmanni í bókhald.**

Um er að ræða tímabundið starf til þriggja mánaða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og hafa góða þekkingu á bókhaldi og afstemmingum. Kostur ef viðkomandi þekkir til uppgjörs. Þekking á Navision æskileg.

Upplýsingar um starfið gefur Árni Ólafur Hjartarson í síma **525 8000** eða í netfanginu **aoh@ih.is**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 | 110 Reykjavík

INGVAR HELGASON

# Forritari

```
using System;
using System.Collections.Generic;
using System.Text;

namespace D3.Programming
{
    class Umsokn
    {
        //The person that reads this
        private Person Umsaekjandi = "You";
        //Skills
        if (Umsaekjandi.Programmingskills.C# || Umsaekjandi.Programmingskills.OtherSimilar)
        { //Independent && likeable
          if(Umsaekjandi == Person.Independent && a == Person.Likeable )
          { //Interested ?
            if (Umsaekjandi.Interested)
            { //Contact D3
                Umsaekjandi.Goto (´´www.d3.is´´(D3));
            }
          }
        }
    }
}
```

D3 Skeifunni 17 108 Reykjavík 591 5200 www.d3.is

# tvö líf

Í boði er skemmtilegt starf sem felst í afgreiðslu, þjónustu við viðskiptavini og öðru sem til fellur s.s framsetningu í verslun og vörumóttöku.

Leitað er eftir jákvæðum og skipulögðum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, söluhæfileikum og þjónustulund. Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg.

***Áhugasamir sendi umsókn á tvolif@tvolif.is***

**WWW.TVOLIF.IS HOLTASMÁRA 1**

Íslandsbanki

# Hugbúnaðarsérfræðingur

Vegna aukinna verkefna leitum við að öflugum hugbúnaðarsérfræðingi

Vegna aukinna verkefna leitum við að töluglöggum sérfræðingi til að bætast í hóp valinkunnra manna og kvenna í Lána- og eignaleigukerfahóp Hugbúnaðarlausna Íslandsbanka. Í Hugbúnaðarlausnum vinna yfir 50 starfsmenn auk verktaka að forritun, viðhaldi og innleiðingu á upplýsingatæknikerfum fyrir bankann.

## Helstu verkefni:

- Forritun fyrir lána- og eignaleigukerfi bankans, aðallega í PL/SQL og .net
- Innleiðing lausna
- Þjónusta og samvinna við lánaeiningar bankans

## Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af forritun
- Þekking og reynsla af agile-aðferðafræði
- Góð enskukunnátta
- Vilji og geta til að vinna undir álagi og skila verkefnum innan tímamarka
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Arnþór Ingi Hinriksson, deildarstjóri í Hugbúnaðarlausnum, netfang: arnthor.hinriksson@islandsbanki.is, sími 440 4373.

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 23. ágúst næstkomandi. Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is, sími 440 4172.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Skólabyrjun

Skólasetning verður í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar föstudaginn 21. ágúst 2009.
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum skólanna, sjá
www.hafnarfjordur.is/fraedslumal/grunnskolar

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

## Auglýsing um sveinspróf

Sveinspróf í **ljósmyndun** verða haldin í vikunni 5.- 9. október n.k. ef næg þátttaka fæst. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 5. september.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini frá skóla.

Leyfisgjald próftaka er kr. 5.500.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.idan.is og á skrifstofunni.

IÐAN - fræðslusetur,
Skúlatúni 2, 105 Reykjavík,
sími: 590 6400, bréfsími: 590 6401,
netfang: idan@idan.is

IÐAN fræðslusetur

# LAUS STÖRF
## GRUNNSKÓLAR REYKJANESBÆJAR

Reykjanesbær auglýsir laus störf við grunnskóla Reykjanesbæjar fyrir komandi skólaár:

**Akurskóli** – *www.akurskoli.is*

- Kennsla í stærðfræði á eldri stigum
- Kennsla í hönnun og smíði

Upplýsingar veita Jónína Ágústsdóttir og Lars Jóhann Imsland í síma 420 4550 og 895 4551.

**Holtaskóli** – *www.holtaskoli.is*

- Stærðfræði og náttúrufræði á unglingastigi.

Upplýsingar veitir Jóhann Geirdal í síma 420 3500 og 898 4808.

Umsóknarfrestur er til 5. september 2009. Umsóknum skal skilað til starfsþróunarstjóra, Tjarnargötu 12, merktum „Grunnskólar 2009". Einnig er bent á rafræn eyðublöð á *reykjanesbaer.is*.

REYKJANESBÆR
*reykjanesbaer.is*

# ÚTBOÐ
ÍAV



## ÍAV óskar eftir tilboðum í smíði á þakeiningum úr timbri.

ÍAV óskar eftir tilboðum í smíði á þakeiningum úr timbri fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef ÍAV á slóðinni www.iav.is/utbodsvefur.

Einingarnar skulu afhendast á tímabilinu 15. september til 1. nóvember n.k.

Tilboðum skal skilað til ÍAV Höfðabakka 9, 4. hæð ,110 Reykjavík fyrir kl. 14:00 þann 20. ágúst n.k.

iav.is
Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200




*Vinnustaðagreining framkvæmd af Capacent fyrir ÍTR

# ÞAR SEM ALLTAF ER GAMAN
## FRÍSTUNDAHEIMILI ÍTR ÓSKA EFTIR FÓLKI TIL STARFA

**HELSTU VERKEFNI**
- Skipulagning á faglegu frístundastarfi fyrir 6-9 ára börn
- Leiðbeina börnum í leik og starfi
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk
- Samskipti og samstarf við foreldra

**KRÖFUR Í STARFI**
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að starfa með börnum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

**Í boði eru hlutastörf með sveigjanlegum vinnutíma eftir hádegi.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

**Símaver Reykjavíkurborgar gefur samband við þá starfsmenn sem veita upplýsingar um störfin í síma 411 11 11.**

**HÆGT ER AÐ SÆKJA UM RAFRÆNT Á WWW.ITR.IS**




# TOYOTA KÓPAVOGI
## óskar eftir að ráða bifreiðasmiði á réttingaverkstæði

**Starfssvið:**
- Almennar viðgerðir við bílaréttingar
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifreiðasmíði eða reynsla af bifreiðasmíði
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er frá kl. 8:00 - 17:00 mánudaga til fimmtudaga og 8:00 - 15:30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt „bifreiðasmiður" fyrir 24. ágúst.

Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfanginu fanny@toyota.is

Toyota Kópavogi er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kópavogi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogur
Sími: 570-5070

**www.toyotakopavogur.is**

Today Tomorrow Toyota

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 46958 08/09


101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

## Skólagerði 22, Kópavogi.
**Opið hús á morgun sunnudag milli kl. 16 og 17.**




Um er að ræða stórskemmtilegt tveggja íbúða einbýli (tvær veðbækur) samtals 210 fm auk 40 fm bílskúrs. Eignin skiptist í forstofu, hol, 4 svefnherbergi, stofu, eldhús, snyrtingu, baðherbergi auk þvottahúss og geymslu. Eignin er á tveimur hæðum. 2ja herbergja íbúð með sér inngangi á jarðhæð. Innangengt er á milli íbúða. Bílskúrin er upphitaður, heitt og kalt vatn. Skólp og hluti pípulagna ný endurnýjað. Róleg og þægilegt hverfi, stutt í skóla og sund. **Sölumaður verður á staðnum. Verð 52 milljónir**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

Vegna aukinna umsvifa hjá framsæknu og spennandi fyrirtæki viljum við ráða til okkar hugbúnaðarsérfræðinga

Við leitum að sérfræðingum til að annast viðhald, nýsmíði og þróun á kerfum Creditinfo Group. Helstu kerfin sem unnið er við eru lánshæfismatskerfi og fjölmiðlavaktarkerfi. Um er að ræða spennandi og skapandi störf í skemmtilegu umhverfi með miklum möguleikum á starfsþróun. Umsækjendur eiga þess kost að verða hluti af sterku teymi sérfræðinga.

**HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR – VEFFORRITARI (asp.net)**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Þekking á .Net umhverfi (C#), ASP.net 3.5, Visual Studio 2008
- Mjög góð CSS þekking æskileg
- Mjög góð Javascript þekking æskileg
- Mjög góð þekking á .Net 3.5 Linq æskileg
- Þekking á Telerik (Rad controls) hlutum er kostur
- Þekking á Microsoft SQL Server 2005, SQL málinu
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða starfsreynsla er æskileg

**HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR – GLUGGAFORRITARI (winform)**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Þekking á .Net umhverfi (C#), Winforms 3.5, Visual Studio 2008
- Þekking á Devexpress hlutum er kostur
- Krafa er gerð um mjög góðan skilning á erfiðri og hlutbundinni forritun
- Mjög góð þekking á .Net 3.5 Linq æskileg
- Þekking á Microsoft SQL Server 2005, SQL málinu
- Háskólapróf eða starfsreynsla æskileg.

Viðkomandi starfsmenn þurfa að sýna mikið sjálfstæði í starfi og vera vel skipulagðir. Þeir þurfa bæði að geta unnið einir og í hópastarfi.

**Umsóknir og ferilskrár skulu sendar á netfangið atvinna@creditinfo.is fyrir 22. ágúst. Taka skal fram um hvort starfið er sótt.**

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Creditinfo Group var stofnað á Íslandi árið 2003 og er móðurfélag Creditinfo Ísland (áður Lánstraust hf.). Fyrirtækið veitir margskonar þjónustu á sviði áhættustýringar og miðlun fjárhags- og fjölmiðlaupplýsinga, þar á meðal hugbúnað og módel er auðvelda ákvörðunartöku lánveitenda. Helstu markaðir fyrirtækisins eru í Mið- og Austur-Evrópu. Fyrirtækið er í meirihlutaeigu íslenskra aðila en fjórðungshlutur þess er í eigu erlendra aðila.

Creditinfo Group var valið eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu árið 2007

CREDITINFO GROUP
HELPING BUSINESS MANAGE CREDIT

Creditinfo Group hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími: 550 9600 | www.creditinfo-group.com

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

**■ Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

**■ Markviss leit**
Nýr hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

**■ Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

**■ Bregðumst fljótt við**
Okkar aðalsmerki eru skjót viðbrögð og lögð er áhersla á að flýta ráðningarferlinu eins og unnt er.

**■ Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

**■ Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

**■ Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is


Hulda Helgadóttir


Sigurborg Þórarinsdóttir


Kristín Hallgrímsdóttir


Jón Ragnarsson

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Djasssmiðja unga fólksins

**Djasshátíð Reykjavíkur stendur fyrir Djasssmiðju í samvinnu við Tónlistarskóla FÍH, Gerðuberg og Kjarvalsstaði og styrkir Tónlistarsjóðurinn Kraumur verkefnið. Smiðjan er hins vegar hugarfóstur Leifs Gunnarssonar kontrabassaleikara.**



Leifur Gunnarsson kontrabassaleikari með hljóðfæri sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

„Smiðjan er hugsuð fyrir unga fólkið og vildi ég skapa því vettvang á hátíðinni og útbúa eitthvert verkefni fyrir allt þetta unga og efnilega fólk sem sprettur upp eins og gorkúlur í kringum okkur,“ segir Leifur, sem útskrifaðist frá Tónlistarskóla FÍH síðastliðið vor.

„Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvað kemur út úr þessari djasssmiðju, þar sem við gefum leiðbeinendunum nokkuð frjálsar hendur, en það verður eflaust eitthvað magnað,“ segir hann spenntur. Þátttakendur eru ungt fólk sem hefur starfrækt hljómsveitir eða tekið þátt í vísi að slíku. „Við viljum gefa þeim tækifæri á að forma eitthvað sem þau hafa unnið að. Þátttakendur eru til að mynda Kvartett Leifs, Transkvintett og Reginfirra.“

Leiðbeinendurnir eru ekki af verri endanum en þeir koma allir fram á djasshátíðinni og eru meðal þeirra fremstu í sinni röð. „Þetta eru fimm leiðbeinendur. Jim Black er trommuleikari frá Bandaríkjunum, Hilmar Jensson gítarleikari verður til taks og Olivier Manoury bandóníumleikari leiðbeinir líka, en bandóníum er svona argentínsk harmonikka eða dragspil. Benjamin Koppel sem leikur á altsaxófón verður á staðnum auk bandaríska bassaleikarans Johns Estes sem kemur að spila með Þorvaldi Þór Þorvaldssyni. Hann ætlar að vera einn morgun með okkur,“ útskýrir Leifur áhugasamur og nefnir að verið sé að nýta mannskapinn sem komi fram á hátíðinni. „Við ætlum að reyna að kreista eitthvað út úr þeim,“ segir hann kíminn og bætir við að tækifæri sem þetta sé ómetanlegt. „Þetta er á tilraunaplani núna en í framtíðinni sé ég smiðjuna fyrir mér á alþjóðlegum vettvangi, jafnvel samnorrænum, þar sem erlendum þátttakendum er boðið að vera með á sömu forsendum. Það gæti verið vísir að tengslaneti og kynning á Íslandi sem áfangastað fyrir unga djassleikara. Þetta passar mjög vel við hátíðina.“

Djasssmiðjan stendur yfir frá 17. til 19. ágúst og er dagskrá hennar auglýst á www.reykjavikjazz.is. „Smiðjunni lýkur með tónleikum á Rosenberg en annars eru líka í boði hádegistónleikar alla dagana í Gerðubergi sem eru ókeypis,“ segir Leifur og hvetur alla til að mæta.

*- hs*

# Djassóður á Kjarvalsstöðum

„Myndlistarsýningin Djassóður er í tilefni af tuttugu ára afmæli Djasshátíðar Reykjavíkur og er einungis í boði þessar vikur sem djasshátíðin stendur yfir,“ segir Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, en sýningin verður opnuð á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 16. ágúst klukkan 16 með tónleikum.



Mynd Errós af Miles Davis.

„Þar má finna verk eftir Tryggva Ólafsson, Erró, Sigurð Örlygsson, Sigurbjörn Jónsson og Grétar Reynisson en verkin eiga það öll sameiginlegt að tengjast djasstónlistinni á einn eða annan hátt,“ segir Hafþór og nefnir dæmi: „Ein myndin eftir Erró er til dæmis af Miles Davis og finna má abstraktverk eftir Sigurbjörn sem sýna djasstríó og hljómsveitir, eitt verk Grétars sýnir píanóleikara, Tryggvi hefur málað Louis Armstrong og svo framvegis.“

Hafþór fékk hugmyndina að sýningunni í tengslum við heimsóknir á vinnustofur myndlistarmanna. „Oft er það svo þegar ég hef heimsótt vinnustofur myndlistarmanna, sérstaklega málara, að þeir eru með djass á fóninum. Þetta er þannig vinna að þeir eru mikið einir og hlusta stöðugt á tónlist á meðan þeir eru að mála. Oftar en ekki hlusta þeir á Miles Davis eða einhvern djassara. Þetta veitir þeim innblástur og fannst mér tilvalið að vinna eitthvað úr þessu,“ segir hann og bætir við: „Ég talaði við nokkra málara sem höfðu allir gert einhvers konar virðingarvott til djassmeistaranna en þess vegna kallast sýningin nú Djassóður þar sem þetta er óður listamanna til þeirra. Svo er orðið djassgeggjarar mikið notað um þá sem sökkva sér í djass og þetta eru líka óðir djassgeggjarar,“ segir hann og brosir.

*- hs*






## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ SJÁ?



**ANDRI ÓLAFSSON TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég er spenntastur fyrir atriði sem er ekki á dagskránni, í það minnsta ekki nafngreint, en það eru Dýrin í Hálsaskógi sem spila á Kjarvalsstöðum," segir tónlistarmaðurinn Andri Ólafsson. „Svo myndi ég kíkja á Arve Henriksen sem spilar á Nasa 29. ágúst og einnig væri gaman að fara á smá djass-madness í Norræna húsinu 16. ágúst. Ég flýg hins vegar út til Amsterdam til náms eftir mína eigin tónleika þannig að ég get því miður ekki séð margt."

Andri leiðir Moses High-tower og Asamasada-tríóið á Rósenberg þann 16. ágúst og einnig mun hann spila á tónleikum á Kaffi Kúltúra þann 23. ágúst. *-jma*



**BJÖRN THORODDSEN TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég hlakka mikið til að sjá Hilmar Jensson með franska gítarleikaranum Marc Ducret og svo verður gaman að sjá Guðmund Pétursson gítarleik-ara með sinni frábæru hljóm-sveit," segir Björn Thoroddsen gítarleikari um viðburði Jazz-hátíðar. „Annars ætla ég að reyna að sjá sem flest og vera svona á flækingi."

Björn spilar sjálfur dúett með sænska gítarleikaranum Ulf Wakenius á Nasa þann 21. ágúst, þar sem Hilmar og fleiri koma einnig fram. Trommuleikarinn Guðmundur Steingrímsson, eða papa Jazz, verður áttræður í haust og munu Björn og félagar spila honum til heiðurs. *-jma*



**SAMÚEL SAMÚELSSON TÓNLISTARMAÐUR**

„Ég hlakka til að heyra í sænska bandinu Music Music Music sem spilar í Norræna húsinu sunnudaginn 16. ágúst," segir tónlistarmaður-inn Samúel Samúelsson. „Ég er líka mjög spenntur fyrir norska trompetleikaranum Arve Henriksen sem verður á Nasa 29. ágúst. Annars er alltaf skemmtilegast að vera bara á röltinu og tékka á hinu og þessu sem er að gerast." Sjálfur mun Samúel leika á hátíðinni á nokkrum tónleikum, með stór-sveit sinni á Rósenberg þann 24. ágúst, með Jagúar þann 29. og með Tómasi R. Einars-syni 28. ágúst. *-jma*

# Nýjar plötur á Jazzhátíðinni

Samkvæmt nýjustu tölum koma út fjórar nýjar plötur sem beinlínis eru tímasettar til að koma fyrir almenningseyru á Jazzhátíð Reykjavíkur.

Blik Andrésar Þórs Gunnlaugssonar gít-arleikara og Mæri píanistans Árna Heiðars Karlssonar koma báðar út um þessar mund-ir hjá útgáfufélaginu Dimmu, sem nú um stundir skartar fjölbreyttustum útgáfulista íslenskrar djasstónlistar. Margir djasslista-menn hafa gengið til liðs við Dimmu undan-farið og má nefna, auk þeirra Andrésar og Árna, saxófónleikarann Sigurð Flosason sem hefur nú tvær nýjar plötur tilbúnar til útgáfu seinna á árinu; aðra með sönglögum í flutn-ingi Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Grön-dal og hina með nokkrum laga sinna í stór-sveitarbúningi Daniels Nölgaard í flutn-ingi Nordbottens-stórsveitarinnar sænsku. Ekki má gleyma Agnari Má Magnússyni sem mun gefa út plötu með tónlistinni sem hann hljóðritaði á tónleikum Jazzhátíðar í fyrra ásamt þeim Bill Stewart og Ben Street. Er þá aðeins fátt eitt talið af fyr-irætluðum útgáfum Dimmu á næstunni.

Trommuleikarinn Þorvaldur Þór er líka með nýja plötu og saxófónleikarinn Haukur Gröndal heldur sömuleiðis útgáfutónleika á þessari djasshátíð til að fagna útkomu Balkanbrjálæðisins Narodna Muzika.



**Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari gefur út plötuna Blik um þessar mundir.**




Music Project Museum, er einmitt helgað hinni gnægtafullu rokksögu Seattle. Safnið er til húsa við við hina víðfrægu Geimnál (Space Needle) í vægast sagt óvenjulegri byggingu. Tvær kenningar eru uppi um hverju EMP-byggingin eigi að líkjast: önnur er sú að hún eigi að minna á hljóðbylgjur. Hin er sú að arkitektinn hafi látið brjóta fyrir sig gítar, eins og óbeislaðir rokkarar eiga til að gera, og hannað bygginguna með hliðsjón af því.

### Flugsagan í hávegum höfð

Paul Allen, annar stofnandi Microsoft, lét reisa safnið, en hann er afar umsvifamikill í borginni, rétt eins og Bill Gates, hinn stofnandi Microsoft, sem er ásamt Boeing-flugvélaverksmiðjunni stærsti vinnuveitandi í borginni. Af öðrum söfnum má einmitt nefna hið afar glæsilega Boeing-flugvélasafn. Flugáhugamönnum entist varla dagurinn þar. Sögu flugsins er miðlað á afar nútímalegan og aðgengilegan máta. Þar má meðal annars finna mikið úrval af flugvélakosti fyrri og seinni heimsstyrjaldar, auk þess sem hægt er að ganga um borð í Concordeþotu, í forsetaflugvél sem Kennedy, Nixon og fleiri flugu í.

### Ungt fólk og hátt menntastig

Fleiri fyrirtæki eiga höfuðstöðvar í Seattle, þar á meðal netverslunin Amazon og kaffihúsakeðjan Starbucks. Fyrirtæki í tækni og upplýsingageiranum hafa laðað ógrynni af ungu, menntuðu fólki til borgarinnar. Fyrir vikið er meðalaldur borgarbúa lágur, ekki nema um 35 ár, og menntunarstigið hátt miðað við aðrar bandarískar borgir. Að sama skapi eru börn fá í borginni; af um 600 þúsund íbúum eru ekki nema um 70 þúsund börn. Hagsæld er því tiltölulega mikil, sem birtist meðal annars í því að fasteignaverð er óvíða hærra í Bandaríkjunum. Borgin glímir þó vissulega við sín félagslegu vandamál og er heimilisleysi eitt það mest áberandi.

Seattle er ein mikilvægasta hafnarborg Bandaríkjanna. Helsta innflutningsvaran er, merkilegt nokk, íþróttavarningur og útivistafatnaður, sér í lagi skór. Fyrirtæki á borð Adidas og North Face eru með bækistöðvar í borginni. Varningurinn er hannaður þar, framleiddur í útlöndum, fluttur til Seattle og dreift þaðan um öll Bandaríkin.



**Grunge-kúltúrinn** Seattle er þekkt fyrir rokk og ról og unglingakúltúr en þess má geta að hljónsveitarinar Nirvana, Pearl Jam og Fleet Foxes voru og eru ættaðar héðan.

### Pike Place og söguslóðir

Sjávarútvegur er líka mikilvæg atvinnugrein í borginni sem og ferðaþjónusta. Besta dæmið þar sem þessar tvær greinar renna saman er sjálfsagt Pike Place, markaðstorg þar sem meðal annars má finna nýdregið sjávarfang beint úr Kyrrahafi, grænmetis- og ávaxtamarkaði, auk hins hefðbundna ferðamannaglingurs. Markaðurinn er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn í borginni. Ráðlegra er að fara þangað frekar á virkum degi en um helgar, þegar mannfjöldinn er hvað mestur.

Hinum megin við götuna má sjá allra fyrsta Starbucks-kaffihúsið í Bandaríkjunum, sem var opnað snemma á áttunda áratugnum. Þeir sem eru áfjáðir í að drekka kaffi á „sögulegum stað" láta það eflaust ekki aftra sér þótt þeir geti þurft að bíða í alllangri röð eftir karamellufrappocino. Þeir sem vilja bara kaffisopann sem fyrst þurfa ekki að örvænta. Í Seattle eru um 400 Starbucks-kaffihús og þarf ekki að leita langt yfir skammt til að finna annað.

### Lenín í Freemont

Af öðrum stöðum sem ferðalangar í Seattle ættu að gera sér far um að sjá er hús Edith Macefield, sem stóð fast á sínu gagnvart stórvertaka, sem brá þá á það ráð að reisa risavaxna líkamsræktarstöð umhverfis húsið hennar. Í leiðinni væri vert að gera sér ferð upp í gamla hippahverfið Freemont, þar sem finna má fimm metra háa bronsstyttu af Vladimir Lenín. Vinalegir heimamenn segja þér góðfúslega söguna af því hvernig faðir Sovétríkjanna rataði í „land hinna frjálsu".

## HLIÐ AÐ VESTURSTRÖND BANDARÍKJANNA

**ICELANDAIR** mun fljúga til Seattle fjórum sinnum í viku í vetur. Íbúafjöldi þar er um 600.000 í borginni sjálfri og tæpar 3,3 milljónir á borgarsvæðinu öllu. Borgin er frægust fyrir nábýli sitt við stórbrotna náttúru sem er innan seilingar, vötn, firði, víkur, eyjar og vogar. Í austri rísa svo fjöllin þar sem önnur og hrikafögur veröld opnast ferðamönnum með ótal möguleikum til útivistar, til dæmis gönguferða og tjaldútilegu á sumrin og skíðaferða á veturna.

**FRÁ SEATTLE** er stutt að fara með ferju norður til Vancouver í Kanada og eins er tilvalið að bregða sér suður til Portland í Oregon sem kölluð hefur verið „grænasta borgin" í Bandaríkjunum. Fyrir þá sem langar til að aka um vesturströnd Bandaríkjanna er svo tilvalið að fljúga til Seattle og taka stefnuna þaðan suður til San Fransisco og jafnvel allt suður til Los Angeles.




# Algjörar samlokur



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Fyrstu ryðfríu pottarnir frá Rösle gjörbyltu öllu fyrir 70 árum. Í dag eru pottarnir með Multiply „samloku“-kerfi þannig að þeir eru fljótir að hitna og kólna og dreifa hitanum einnig jafnt um pottinn, alveg upp í topp. Rösle pottarnir henta á allar gerðir eldavéla, rafmagns-, gas- og spansuðuhellur .

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is






**Drangsnes** Ófáir Strandamenn hafa dregið sig saman í pottunum á Drangsnesi,enda hefur þar löngum verið samkomustaður ungs fólks á öllum aldri. Pottarnir þrír eru fyrir neðan veg nálægt sjónum og eru þeir mjög vel sýnilegir frá þorpinu og veginum. Vatnið í pottunum er salt. Vinsældir pottanna virðast síst hafa minnkað síðustu misseri þó fyrirtaks sundlaug hafi verið byggð í plássinu fyrir stuttu.

# HEITAR LAUGAR

Stórbrotin náttúra Vestfjarða er ærin ástæða til að heimsækja þetta landsvæði. En líklega er fátt sem slær það út að slaka á og leggjast í heita laug hvort sem er að degi eða nóttu. *Anton Brink* myndaði heitar laugar fyrir vestan í sumar.



**Pollurinn, Tálknafirði** Pollurinn er nokkru utan við kauptúnið Tálknafjörð og uppi í hlíðinni. Pollurinn er þrískiptur en þar eru tveir setpottar og einn nokkru dýpri. Búningshús er á staðnum og er því haldið við af hreppnum. Góð aðsókn er í Pollinn, bæði af Tálknfirðingum og gestum enda er stemningin þar ótrúlega góð og ekkert jafnast á við útsýnið út á Tálknafjörðinn í allri sinni dýrð.



**Krossholt, Brjánslæk** Krossholt er þéttbýliskjarni skammt vestan Brjánslækjar en þar var byggð sundlaug árið 1948. Þar er afbragðs útsýni frá lauginni yfir fagran sjóinn.





**Krossneslaug við Norðurfjörð.** Krossneslaug er í fjörukambinum fyrir opnu úthafinu norðan við Norðurfjörð og talin ein fegursta sundlaug landsins. Hún er vinsæll viðkomustaður hjá ferðamönnum.

**Sundlaug í Reykjarfirði, Arnarfirði** Laugin er rétt við þjóðveginn og í hana rennur allt árið. Hægt er að skipta um föt í litlum kofa sem stendur við laugarbakkann. Rétt fyrir ofan laugina er lítil hlaðin setlaug sem er nokkuð heit, þótt flestir geti baðað sig í henni í stutta stund.

# ÞÚ ÞARFT EKKI LÁN FYRIR VEIÐIGRÆJUNUM HJÁ OKKUR..

VEIÐIPORTIÐ

Mán. - föst. 9 -18
laugard. 9 - 16
sunnudag. 10 - 14

## Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940




NÝ SENDING

### IMPRESS RD hjól

Frábært kasthjól, 8 legur,
1 auka spóla

**5.950 kr**



### Vöðlur

Sterku oxfort nylon vöðlurnar komnar aftur. Góðar vöðlur með góðu stígvéli á frábæru verði.

**10.950 kr.**



### Nærfatnaður

Láttu þér ekki verða kallt með haustinu !! Gott nærfata sett undir veiðigallann. **Peysa og buxur aðeins.**

**5.900 kr**

einnig fáanleg þykk flís nærföt á

**5.990kr**




NÝ SENDING

### GALANT kasthjól

Gott kasthjól, 4 legur
1 auka spóla

**2.950 kr**



NÝ SENDING

### Opið kasthjól

Með 1 legu

**1.990 kr**



NÝ SENDING

### GALANT GX kasthjól

vandað 5 legu kast hjól aukaspóla saman-brjótanleg sveif með einu handtaki

**4950 kr.**



### Veiðivesti

Flott veiðivesti, margar gerðir.

verð frá **3.950 kr.**



### Gleraugu

Góð polaroid camo gleraugu (bönd fylgja)

**Verð 4.400 kr** **Tilboð 2900 kr**



### TOPY spúnar & spinnerar

( Með alvöru þríkrækjum ) **395 kr.**



### Joakims

Joakims stangir og hjól með

**15 % afsl**



FRÍTT

### Hvítmaðkur

Allir viðskiptavinir fá fría hvitmaðka í boxi og sérstakan öngul með.

Meðan birgðir endast



### Adventure kaststangir

Adventure kast stangir 6-8-9- og 10 feta frábærar stangir fyrir lítið fé. Lýklega mest seldu stangirnar á ísl. Yfir 400 stangir seldar.

**1.990 kr – 3.990 kr**



### Hvergi betra verð í 6 ár

| | |
|---|---|
| Laxa þríkrækjur | 350 kr |
| Straumflugur | 295 kr |
| Púpur | 220 kr |
| Brasstúbur | 395 kr |

# Láttu þér líða vel







**Á NordicaSpa er lögð áhersla á gæði og persónulega þjónustu.** Innifalið í öllum meðlimakortum: Er þjálfun í tækjasal undir leiðsögn þjálfara sem útbýr sérsniðna æfingaáætlun fyrir þig, fylgir þér eftir í salnum, stillir tæki og leiðbeinir þér í hvert skipti sem þú kemur að æfa. Einnig eru fjölbreyttir hóptímar í boði, aðgangur að heilsulindinni þar sem boðið er upp á herðanudd í heitu pottunum og handklæði í hvert skipti sem þú kemur. Í heilsulindinni eru tveir heitir pottar, tvær ilmgufur ásamt slökunarlaug.

Úti á veröndinni er sauna og heitur pottur ásamt sólbaðsaðstöðu. NordicaSpa er einnig með nudd- og snyrtistofu og fá meðlimir 10% afslátt af öllum líkams- og snyrtimeðferðum.

| | Mánudagar | Þriðjudagar | Miðvikudagar | Fimmtudagar | Föstudagar | Laugardagar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Fitubrennsla Niki | Lokað námskeið Gunnar Már | Herþjálfun Patrick | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 07:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | Þrekhringur Fjóla | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 08:30 | | Spinning Begga | | Fitubrennsla Niki | | |
| 09:00 | Leikfimi Marta | | Leikfimi Marta | | 20-20-20 Fjóla | Qi gong Viðar |
| 09:30 | | Þrekhringur Gunnar Már | | Þrekhringur Gunnar Már | | |
| 10:00 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | Body Attack Guðrún María |
| 10:30 | | | | | | |
| 11:05 | Pallabrennsla Gunnar Már | | | | Pallabrennsla Gunnar Már | Laugardagsfjör Jóhannes |
| 12:05 | Body Pump Hrafnhildur | | Spinning Marta | | Spinning Marta | Yoga Sigríður |
| 13:00 | | | | | | |
| 16.30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 17:30 | Spinning Svava | Body Pump Hrafnhildur | Body Attack Guðrún María | Spinning Begga | | |
| 18:30 | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | | Lokað námskeið Gunnar Már | |
| 19:30 | Yoga Katrín Sigurðardóttir | Pilates Kolbrún Jónsdóttir | Yoga Katrín Sigurðardóttir | Pilates Kolbrún Jónsdóttir | | |

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA

## Sölufulltrúi

**Söludeild Kreditkorts hf. leitar að sölufulltrúum í fullt starf. Um er að ræða símsölu og almenna þjónustu við viðskiptavini Kreditkorts hf.**

Leitað er að þjónustulunduðum einstaklingum með góða almenna tölvukunnáttu til að ganga til liðs við ört vaxandi söludeild okkar. Viðkomandi þurfa að vera góðir í mannlegum samskiptum, drífandi, nákvæmir, skipulagðir og geta unnið undir álagi.

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 19. ágúst nk. á netfangið **starf@kreditkort.is** merkt ***„Sölustarf“***.

KREDITKORT

## Faglærður þjónn og þjónanemi óskast



**Radisson SAS Hótel Saga leitar eftir faglærðum þjóni í 100% starf. Um vaktavinnu er að ræða. Starfið er laust frá 1. september 2009.**

***Hæfniskröfur:***

- Mikil þjónustulund
- Stundvísi
- Reglusemi
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Önnur tungumálakunnátta er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil samskiptahæfni
- Farið er fram á sakarvottorð

**Óskum einnig eftir þjónanema**

***Hæfniskröfur:***

- Mikil þjónustulund
- Stundvísi
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Önnur tungumálakunnátta er kostur
- Mikil samskiptahæfni

Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið: **sumarlidi.runarsson@radissonsas.com** fyrir 24. ágúst, merktar: Umsókn – þjónusta.

Nánari upplýsingar veitir Sumarliði Rúnarsson í netfanginu sumarlidi.runarsson@radissonsas.com

*Radisson SAS Hótel Saga er 4 stjörnu hótel, búið öllum helstu þægindum, í einungis nokkurra mínútna göngufjarlægð frá hjarta Reykjavíkur. Það er nútímalegt hótel byggt á sígildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson SAS Hótel Saga er hluti af Rezidor SAS sem rekur hátt í 300 hótel í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hjá Hótel Sögu starfa um 100 manns.*

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVIK

PIPAR • SÍA • 91234

SPARNAÐUR

VER SICHER UNGS KAMMER BAYERN

## Vegna aukinna umsvifa leitar Sparnaður ehf. að aðilum í eftirfarandi stöður:

### 1. Starfsmaður á skrifstofu Útibú á Akureyri

| | Starfssvið | Helstu hæfniskröfur |
|---|---|---|
| Við leitum að traustum, metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfni og nákvæmni í vinnubrögðum. Um er að ræða fullt starf. | ▪ Móttaka, hreingerningar ásamt úthringingum | ▪ Framúrskarandi samskiptahæfni, heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni |

### 2. Ráðgjafar Útibú á Akureyri

| | Starfssvið | Helstu hæfniskröfur |
|---|---|---|
| Við leitum að traustum, metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfni og temja sér nákvæm og góð vinnubrögð. Um er að ræða fullt starf. | ▪ Ráðgjöf til einstaklinga<br>▪ Eftirfylgni og þjónusta<br>▪ Öflun viðskiptasambanda | ▪ Framúrskarandi samskiptahæfni og samningatækni<br>▪ Heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni |

### 3. Úthringiver Holtasmára, Kópavogi & Útibú á Akureyri

| | Starfssvið | Helstu hæfniskröfur |
|---|---|---|
| Við leitum að traustum, metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfni og nákvæm vinnubrögð í aukavinnu. | ▪ Úthringingar | ▪ Framúrskarandi samskiptahæfni og samningatækni<br>▪ Heiðarleiki, sterk siðferðiskennd og jákvæðni |

## Vilt þú láta gott af þér leiða...

Sparnaður ehf er ráðgjafafyrirtæki sem hefur sett sér það markmið að auka samkeppni á fjármálamarkaði með nýjungum í ráðgjöf, vörum og hugsun. Sparnaður fer nýjar leiðir í ráðgjöf og veitir aðstoð við að greiða niður skuldir, auka eignamyndun og fjárhagslegt öryggi viðskiptavina. Sparnaður veitir ekki aðeins ráðgjöf heldur býður upp á leiðir til þess að viðskiptavinir nái markmiðum sínum með einstaklega góðum vörum á fjármálamarkaði. Sparnaður sameinar nýja hugsun í fjármálaþjónustu með aldagamalli reynslu frá Þýskalandi og áræði í samkeppni við öflugustu fjármálafyrirtæki á landinu.

Starfsfólk Sparnaðar ehf. starfar með það að leiðarljósi að benda á leiðir fyrir heimilin í landinu til að stórlækka hjá sér útgjöldin og tryggja sér örugga afkomu á efri árum. Til þess að geta starfað við ráðgjöf hjá Sparnaði ehf. þurfa viðkomandi aðilar að gangast undir viðamikla kennslu sem lýkur með hæfnisprófi í gegnum kennslukerfi Versicherungskammer Bayern (Bayern Líf á Íslandi) og Sparnaðar ehf. Þekkingu er viðhaldið með reglulegum námskeiðum og prófum.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á atvinna@sparnadur.is

SPARNAÐUR

Holtasmára 1 201 Kópavogur Sími: 5772025 www.sparnadur.is

## Spádómar







Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

## Önnur þjónusta

**Pípulagningaþjónusta**
Viðhald, viðgerðir og breytingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gummi pípari s. 897 3159.

ÚRVALS GRÓÐURMOLD, HELLUSANDUR OG GÖNGUSTÍGAEFNI. AFREITT Á BÍLA OG KERRUR. KAMBUR EHF GEIRLANDI V/ SUÐURLANDSVEG S. 8920111 5543918 kamburehf@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Toppgrindarbox. Varahlutir: renault trafic '91, pajero '88. Farangurskassi á beisli. Úr hjólh.: kæliskápur, eldav., vaskur, innréttingar, setur og bök, gluggar. Heimilisísskápur. S: 895 6307

**Ýmislegt til sölu**
Pennasafn c/a 870 stk. Tilboð. Sófaborð 12.000. Upplýsingar í síma S: 665 8175.

**Ýmislegt til sölu**
Golfkylfa Gallaway Big Bertha titanium 10.5 Regular skaft 15.000.-Golfskór Adidas tour 360 No 41.12 8 us Svartir - Rauðir 15.000. Pútter Ping c a 7.000. Upplýsingar í síma S: 665 8175

Austurlensk gólfteppi, sjónvarp og skápur. Uppl. í s. 567 2827.

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Leitið til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

**Kaupi vildarpunkta Icelandair**
1.000 punktar jafngilda 500 kr. S. 615 4223 / vidir@vodafone.is

**Kaupu og mót og krana.**
óskum eftir að kaupa ódýra byggingarkrana og mótakerfi. Áhugasamir hafi samband við icebygg@gmail.com

VANTAR ÞÉR PENING? Ertu með gullskartgrip, gullpening eða annað úr gulli sem þú vilt selja? Komdu til okkar á Laugarvegur 76 og þáðu gott staðgreiðsluverð.Uppl.695-2804

**Eldhúsinnr. og ísskáp.**
Óska eftir að kaupa eldhúsinnréttingu með tækjum, helst nýlega og amerískan ísskáp. S: 896 6005.

Softub eða rafhitaður heitapottur óskast keypt. Uppl. s. 866 1551.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 34.900 Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 69.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.



Harmonikur í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Einnig harmonikkukennsla. Sími 824 7610 & 660 1648.

SAXÓFÓNN ÓSKAST! Óska eftir að kaupa altó saxófón Yamaha eða Jupiter. S. 8979860

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Vill kaupa sperruefni 2x9 tommur, lámarkslengd 4,60. Einnig 2x6 uppistöður, lámarkslengd 2,60. Uppl. í S: 865 9590

Óska eftir hringstiga. Ca. 3m á hæð og 90cm radíus á br. Uppl. í s. 899 6985.

## Fyrirtæki

SJÓÐKERFI til sölu IBM SurePOS-500snertiskjár, penskúffa, strikam.lesari, lyklaborð, viðskiptaskjár og fl 1 árs notkun 615 4575

## Verslun













Öryggis- og peningaskápar.

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE er lausnin fyrir þig. Frábær orka og betri líðan. Unnur karls.867 9126.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Vandaðir ferðanuddbekkir frá 60.000 kr. Óléttuferðabekkir, lök, ofl. S: 891 6447

**NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ýmislegt



Mikið úrval af Saucony hlaupaskóm fyrir Reykjavíkurmaraþonið Fást í Árbæjarþreki, á móti Árbæjarlaug. S. 5676471

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Smáskipanámskeið 14/9 - 22/10. Fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 14/9 - 22/10 fjarnám. Skráning á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Skemmtilegt námskeið fyrir fullorðna. Nánari uppl. s: 895 1551 www.brokey.is

SCHOOL OF ICELANDIC

**ANGIELSKI dla Poloków**
**Icelandic**
**Enska fyrir börn**
Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, start 31/8~~Level I: 4 w Md to Fr; 18-19:30, st 31/8~~Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8.Level I: 4 w Md to Fr; 18-19:30, st 31/8~~Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8.Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 31/8Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 31/8Level III: 7 weeks 19:45-21:15 st: 31/8.Level IV: 10w. Sat/Sun 14:-15:30; st 29/8.~~ ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: ~~4 weeks; Md to-Fr;18-19:30, Level II: 4 w;~~19:45-21:15.start 31/8, 28/9: ENSKA f. BÖRN: ~~start 31/8, 26/10; 8 vikur; kl 16:30-17:30; 5-8 ára;~~ Md/Mið; 9-12 ára: Þri/fim og föstd: framhstig: ~~Ármúli 5, s.5881169.~~ www.icetrans.is/ice

## Kennsla

The Academy of Colour and Style

**Viltu verða stílisti?**
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu leðursófasett og svefnsófi. Selst ódýrt Upplýsingar í síma 897 7919.

## Dýrahald



**English Springer Spaniel**
Til sölu 8 vikna hvolpar, tilbúnir til afhendingar. Heilsufarskoðaðir og örmerktir. 110 þús. kr. stk. Tek visa/euro raðgr. S. 660 1050.

dyrabaer.is
Ný vefverslun



**Til sölu Dobermann hvolpar (Tíkur)**
Afhendast örmerktir, bólusettir og með ættbók frá Rex. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 866-7214.



Til sölu stór glæsilegir hreinræktaðir Labrador hvolpar með ættbók frá Hrfí. Foreldrar með fyrstu einkunn. Allar nánari upplýsingar í síma 866 2355, Tinna.

Kettlingar eru gefins. Þau heita Snæfinnur og Snædís eru þau 13 vikna, kassavön. Mjög samrýmd systkini, mega vart af öðru sjá. Matur og matardallar fylgja með, þau vanta nýtt heimili eins fjótt og auðið er. Gott ef þau gætu farið saman. S: 867 7582

Fallegir Chihuahua hvolpar til sölu m. ættbók. Gott verð. Uppl. í s. 897 8848.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

Til sölu Labrador hvolpar uppl. í síma. 820 5670 og bjarg@internet.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Litlá Kelduhverfi**
Stór sjóbirtingur og laxavon, ódýr veiðileyfi, fallegt umhverfi. Upplýsingar á SVFR.IS eða í síma 568 6050 og hjá Báru og Sturlu í Keldunesi. sími 465 2275.

ATH !!! Pantið maðkana í tíma Þið gerið það í síma 695-2572 & 615-3500

**ÓDÝR LAXVEIÐILEYFI**
Hölkná í Þistilfirði. Síðustu hollin, gott verð.! Gott veiðihús, stórlaxavon. Tveggja stanga á. fluguveiði. 24-27 ágúst, 11-14, 14-17, 17-20. sept. Nánari uppl. gefur Jón í s. 898 7108.

**Laxa og Silungamaðkar**
LAXA OG SILUNGAMAÐKAR til sölu á Holtsgötu 5 í Vesturbænum. S. 857 1389 og 551 5839.

Veiðimenn ef þið eruð á leið vestur á firði að skjóta gæs eða rjúpu. hnjoturtravel.is bíður uppá gistingu.

## Þjónusta



# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

## Fréttablaðið er með **106%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.










Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublaði á höfuðborgarsvæðnu, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.



†

*Hjartkær móðir okkar,*

**Guðrún Stefánsdóttir**

frá Heiðarvegi 20 í Vestmannaeyjum,
ekkja Helga Benediktssonar, útvegsbónda,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að morgni 13. ágúst.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigtryggur, Páll, Guðrún, Arnþór og Gísli.**



†

*Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hólmfríður Sigmunds**

Trönuhjalla 1, Kópavogi,

er látin. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

**Sigurður E. Kristjánsson**

| | |
|---|---|
| **Sesselja Sigurðardóttir** | **Halldór E. Sigurþórsson** |
| **Einar Sigurðsson** | **Ólöf Halldórsdóttir** |
| **Margrét Sigurðardóttir** | **Jón Ágúst Gunnlaugsson** |
| **Hreindís Elva Sigurðardóttir** | **Brynjólfur Tryggvi Árnason** |
| **Sigmundur Sigurðsson** | **Ewa Noren** |
| **Kristján Sigurðsson** | **Margrét Þorvaldsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar kærleiksríka eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Eygló Markúsdóttir**

Álfaskeiði 43, Hafnarfirði, áður bóndi á
Ysta Bæli, Austur Eyjafjöllum,

verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 15.00.

**Sveinbjörn Ingimundarson**

| | |
|---|---|
| **Örn Sveinbjarnarson** | **Guðrún Ólöf Guðmundsdóttir** |
| **Sigurður Ingi Sveinbjarnarson** | |
| **Markús Gunnar Sveinbjarnarson** | **Selma Filippusdóttir** |
| **Ingimundur Sveinbjarnarson** | **Guðrún le Sage de Fontenay** |
| **Hrafn Sveinbjarnarson** | **Anna Dóra Pálsdóttir** |
| **Ester Sveinbjarnardóttir** | **Magnús Sigurðsson** |
| **Helga Sif Sveinbjarnardóttir** | **Haukur Örn Jónsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurjón Þorvaldsson**

verkstjóri, Miðtúni 42, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2 fimmtudaginn 6. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 15.00.

**Ólafía Sigurðardóttir Bergmann**

| | |
|---|---|
| **Sigurður Bjartmar Sigurjónsson** | **Sesselja Gísladóttir** |
| **Gísli Geir Sigurjónsson** | **Herborg Sjöfn Óskarsdóttir** |
| **Þorvaldur B. Sigurjónsson** | **Dagný Hildur Leifsdóttir** |
| **Brynja Sigurjónsdóttir** | **Kjartan Jónsson** |
| **Freyja Sigurjónsdóttir** | **Róbert Leadon** |
| **Rúnar Sigurjónsson** | **Anna Elín Óskarsdóttir** |

**afabörn og langafabörn.**







Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990




†

*Elskulegur faðir okkar, sonur, bróðir, barnabarn og sambýlismaður,*

**Snorri Valur Einarsson**

lést að heimili sínu laugardaginn 8. ágúst. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 17. ágúst kl. 15.00.

**Guðni Alexander Snorrason**
**Guðmundur Galdur Snorrason Egilson**
**Einar Guðmundsson**
**Lúðvík Sveinn Einarsson**
**Guðmundur Ragnar Einarsson**
**Sigrún Magnúsdóttir**
**Edda Ósk Gísladóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Björns Helgasonar**

Hæðargarði 24, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítala, Landakoti.

| | |
|---|---|
| **Jóhanna Björg Hjaltadóttir** | |
| **Hrafnhildur Stefánsdóttir** | |
| **Margrét Ólöf Björnsdóttir** | **Kristján Þór Haraldsson** |
| **Helgi Björnsson** | |
| **Haukur Björnsson** | **Annemarieke Gerlofs** |
| **Ásta Björg Björnsdóttir** | **Andrés Halldór Þórarinsson** |

**afa- og langafabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín,*

**Marta Bjarnadóttir**

er látin. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Magnús Guðjónsson og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rannveig Edda Hálfdánardóttir**

Holtsflöt 6, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 7. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Kristján Emil Friðriksson** | |
| **Dórothea Kristjánsdóttir Madsen** | **Jørgen Elsted Madsen** |
| **Hálfdán Kristjánsson** | **Ragnhildur Jónsdóttir** |
| **Rannveig Kristjánsdóttir** | |
| **Kristján Emil Jónasson** | |
| **og ömmubörn.** | |




**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511





**Legsteinar og fylgihlutir**

• Mikið úrval
• Yfir 40 ára reynsla
• Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


**VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR RITHÖFUNDUR ER 56 ÁRA Í DAG.**

*„Sá sem kveður vin sinn finnur fyrir endanleika lífsins."*

***Vigdís er rithöfundur og eftir hana liggur fjöldi bóka, aðallega skáldsagna og ljóðabóka, einnig ævisagan Bíbí. Kvikmynd hefur verið gerð eftir sögu Vigdísar, Kaldaljósi. Ofanrituð tilvitnun er sótt í bókina Grandaveg 7.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MARÍA ÓSKARSDÓTTIR** „Stundum var eins og mér væri leiðbeint við að finna það efni sem ég leitaði að." FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**MARÍA ÓSKARSDÓTTIR:** SAFNAÐI GÖGNUM UM FRANSKA SJÓMENN

# Náði í skottið á skútuöldinni

Sýningin Franskir sjómenn við Íslandsstrendur hefur verið opnuð í húsakynnum Alliance Française við Tryggvagötu 8 í Reykjavík. Hún bregður ljósi á samskipti Íslendinga og frönsku skútusjómannanna sem stunduðu veiðar við Ísland á nítjándu öld og fram eftir þeirri tuttugustu.

María Óskarsdóttir hefur um árabil safnað munnlegum og skriflegum heimildum um þessi samskipti eins og þau komu Íslendingum fyrir sjónir. Hún er potturinn og pannan á bak við sýninguna í Alliance Française sem samanstendur af ljósmyndum, sýningarspjöldum og munum sem fengnir voru í Minjasafninu á Hnjóti í Örlygshöfn. Einnig af frásögnum af því hvernig Íslendingar og frönsku sjómennirnir töluðu saman, hjálpuðust að, voru tortryggnir hver í annars garð og bundust loks vinaböndum sem eru orðin hluti af sameiginlegri sögu þjóðanna tveggja.

María er mikill grúskari í eðli sínu og kveðst hafa aflað þessara gagna í um það bil tíu ár. „Ég kom í fyrsta sinn á Patreksfjörð árið 1992 og hafði aldrei fyrr heyrt um franska sjómenn. Eftir tvær ferðir á Bretagne-skagann í Frakklandi, þar sem ég var mikið spurð um íslenskar frásagnir af þeim, fór ég að glugga í gamlar bækur og stundum var eins og mér væri leiðbeint við að finna það efni sem ég leitaði að. Ég get ekki skýrt það út. Einu sinni var ég í heimsókn hjá fullorðnum hjónum og fékk að líta í bókaskápinn þeirra. Þá var þar ein bók á hvolfi og ég greip hana fyrst. Þar var þessi fína saga af samskiptum við Fransmenn."

Myndir á sýningunni kveðst María hafa fengið lánaðar frá Patreksfirði og Vestmannaeyjum. „Einnig fékk ég 92 myndir hjá skipstjóra á skólaskipi sem kom hingað árið 2000," segir hún. „Hann fór að grúska á söfnum ytra og fann myndir sem höfðu verið teknar á bilinu 1907 til 1910. Þær rúlla á skjá á sýningunni og textar við hverja og eina eru á frönsku og íslensku."

María segir Fransmennina hafa keypt salt og svolítið af kjöti af Íslendingum en ekki síst prjónles eins og tvíþumla vettlinga og sokkaplögg. Þeir hafi borgað fyrir með hörðu kexi og rauðvíni sem þeir hefðu sparað sjálfir af sínum daglega skammti. Einn þáttur sýningarinnar fjallar um þjófnaði því María segir Íslendinga hafa stolið frá Frökkum og öfugt. Frásagnir eru líka af hrakningum og slysförum, til dæmis um það þegar átta skútur fórust við skaftfellska sanda í aftakaveðri laugardaginn fyrir páska árið 1901. „Þá voru ekki komnar vélar í skúturnar og sjómennirnir þurftu að treysta á seglin," segir María. En bætir þessi sýning miklu við það sem Elín Pálmadóttir og fleiri hafa skrifað um svipað efni? „Elín hefur unnið ótrúlega gott verk og ég hafði hana með í ráðum en á sýningunni er öðruvísi tekið á efninu. Meira er um einstakar sögur, bæði úr bókum og samtölum við gamalt fólk, því ég rétt náði í það síðasta sem mundi eftir skútutímabilinu."

Þess má geta að sýningin í Alliance Française stendur til 5. september og aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

**gun@frettabladid.is**







**2.990**
**PRO TOUCH MARTIN UX**
Stuttermabolur með öndun.
Litir: Svartur, hvítur.
Stærðir: S-XL.

**2.990**
**NIKE TEAM TRAINING**
Snyrtitaska.




(Fullt Verð 18.990)
**14.990**
**NIKE DOWN VEST**
Dúnvesti á dömur.
Litir: Svart, hvítt, röndótt.
Stærðir: S-XL.

**6.490**
**ETIREL D ELLA SWEAT JACKET**
Rennd dömupeysa. Litur: Svört. Stærðir: 36-44.

**2.990**
**ETIREL LORI BOXTANK**
Hlýrabolur á dömur. Litir: Hvítur, svartur, grár.
Stærðir: 36-44.

**4.990**
**ETIREL CAROL PANTS**
Æfingabuxur á dömur. Litur: Svartar. Stærðir: 34-44.

**3.690**
**ETIREL M EDVIN SHORTS**
Stuttbuxur. Litur: Svartar.
Stærðir: S-XL.

**5.990**
**NIKE BRACILIAN**
Íþróttataska.

**1.290**
**NIKE SPORT WATER BOTTLE** Vatnsbrúsi.
Litir: Svartur, glær, rauður, appelsínugulur.

EXPO • www.expo.is

# INTERSPORT

**INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLLINNI SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
**INTERSPORT SMÁRALIND SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
**INTERSPORT LINDIR SÍMI 585 7260** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18
**INTERSPORT AKUREYRI SÍMI 460 4890** Mán. - föstud.10 - 18. Laugardaga 10 - 16







# Misskilningur milli menningarheima

NOKKUR ORÐ

Alma Guðmundsdóttir

Þegar ég var að fletta mbl.is rakst ég á grein um hvernig Austur- og Vesturlandabúar lesa mismunandi í andlitstjáningu. Í rannsókn sem gerð var af rannsóknarteymi við Háskólann í Glasgow kom fram að Vesturlandabúar og Austurlandabúar horfa með mismunandi hætti á andlitið til að lesa andlitstjáninguna. Vesturlandabúar horfa á munninn og augun en Austurlandabúar kjósa augun frekar en munninn. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eiga Austurlandabúar því erfiðara með að sjá mismuninn á andlitstjáningu sem virðist áþekk í kringum augnsvæðið og eiga í erfiðleikum með að greina andlitstjáningu á borð við ótta eða viðbjóð og mistúlkuðu það gjarnan sem undrun eða reiði.



Ég fór til Indlands fyrir nokkrum árum. Eitt af því fyrsta sem ég tók eftir þar var hvernig fólk vaggaði höfðinu til hliðanna í stað þess að kinka kolli. Maður vandist því furðu fljótt og eftir nokkra daga var maður ósjálfrátt farinn að gera slíkt hið sama. Ég man samt ekkert eftir því að hafa tekið eftir framandi andlitstjáningu eða misskilið fólk í því samhengi. Mér finnst fólk yfirhöfuð tjá sig á svo ólíkan hátt að mér finnst maður þurfa að læra inn á hverja manneskju fyrir sig, burtséð frá því hvaðan hún er. Sumt fólk gefur upp lítil sem engin svipbrigði á meðan aðrir nota andlit og hendur óspart þegar þeir tala. Mér finnst niðurstöður þessarar rannsóknar að vissu leyti eðlilegar vegna mismunandi bakgrunns og hefða, en þegar öllu er á botninn hvolft breytir engu hvað við lesum úr svipbrigðum fólks ef við erum á annað borð tilbúin til að kynnast og læra inn á hvert annað.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








**Staður: Salur Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8**

**ALLIR VELKOMNIR**

**Skráning hjá: www.lydheilsustod.is**

**Dagskrá 17. ágúst 2009**

8:30 – 9:00 Afhending fundargagna
9:00 – 9:25 Opnun ráðstefnu: **Kári Stefánsson**
Ávarp: Raddir unga fólksins, **Diljá Helgadóttir, Harpa Ósk Björnsdóttir og Glódís Perla Viggósdóttir**
9:30 – 10:30 *Focusing on strengths when working with children and adolescents*
**Robert Biswas-Diener**
10:35 – 10:55 KAFFIHLÉ – Börn frá leikskólanum Laugaborg syngja nokkur lög
11:00 – 11:25 *Áhrif efnahagsþrenginganna á heilsu og líðan Íslendinga – niðurstöður rannsókna Lýðheilsustöðvar*
**Dóra Guðrún Guðmundsdóttir,** forstjóri Lýðheilsustöðvar
11:30 – 11:55 *Aðkoma heilbrigðisþjónustunnar að velferð barna á tímum efnahagsþrenginga*
**Héðinn Unnsteinsson,** sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu
12:00 – 12:25 *Velferðarvaktin: Staða barna á umbrotatímum*
**Stella K. Víðisdóttir**, sviðsstjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar
**Páll Ólafsson,** félagsráðgjafi hjá Grindavíkurbæ
12:25 – 13:15 HÁDEGISHLÉ – Hljómsveitin Reginfirra spilar nokkur lög
13:15 – 13:40 *Að byrgja brunninn*
*Kynning á verkefnum Velferðarsjóðs barna*
13:45 – 14:10 *Jákvæð samfélagsmótun í skólastarfi*
**Berglind Magnúsdóttir**, ráðgjafi menntamálaráðherra
14:15 – 14:40 *Velferð íslenskra unglinga*
**Jón Gunnar Bernburg**, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands
14:45 – 15:10 *Hagnýting æskulýðsrannsókna á vettvangi*
**Bryndís Björk Ásgeirsdóttir,** verkefnastjóri BSc náms í sálfræði við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur hjá Rannsóknum & greiningu
**Geir Bjarnason**, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðabæjar
15:15 – 15:30 *Heilsueflandi framhaldsskólar – heildræn nálgun*
**Héðinn Svarfdal Björnsson,** verkefnastjóri fræðslumála, Lýðheilsustöð
15:30 – 15:45 KAFFIHLÉ
15:45 – 16:30 Samantekt og pallsborðsumræður með sérfræðingum og ráðamönnum

**Skráning á www.lydheilsustod.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS · Velferðasjóður barna · HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Félags- og tryggingamálaráðuneytið · Heilbrigðisráðuneytið · Menntamálaráðuneytið

Auglýsingasími 512 50 50
Mest lesið

# OPIÐ ALLA HELGINA

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPIÐ ALLA HELGINA**

OPIÐ Í DAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Annað lag frá Radiohead komið á netið

Nýju lagi, sem talið er að sé með hljómsveitinni Radiohead, hefur verið lekið á netið. Lagið, sem Thom Yorke syngur, nefnist These Are My Twisted Words og svipar nokkuð til smáskífulags sveitarinnar frá 2001, Knives Out. Hljómsveitin hefur undanfarið verið í hljóðveri í Oxford ásamt upptökustjóranum Nigel Godrich en ný plata mun þó ekki vera í smíðum. Stutt er síðan sveitin sendi frá sér lagið Harry Patch (In Memory Of) í minningu síðasta eftirlifandi Bretans sem barðist í fyrri heimsstyrjöldinni. Hann lést í síðasta mánuði, skömmu eftir að Radiohead kláraði lagið.



**THOM YORKE** Hljómsveitin Radiohead er talin eiga lagið These Are My Twisted Words.

# Það ferskasta í boði

Keppnismyndir Vitrana, aðalkeppnisflokks Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, hafa verið kynntar. Gildar til keppni eru fyrstu eða aðrar myndir leikstjóra í fullri lengd og hlýtur sigurvegarinn titilinn Uppgötvun ársins og gripinn Gyllta lundann. „Það ferskasta í alþjóðlegri kvikmyndagerð“ segir í tilkynningu frá hátíðinni.

Myndirnar sem keppa eru Kelin eftir Emrek Tursunov frá Kasakstan, Hamingjusamasta stúlka í heimi eftir Radu Jude frá Rúmeníu, Dagdrykkja eftir Noh Young-seok frá Suður-Kóreu, Betra líf eftir Duane Hopkins frá Bretlandi, Garðastræti eftr Enrique Rivero frá Mexíkó, Vinnukona eftir Sebastian Silva frá Chile, Ramirez eftir Albert Arizza frá Spáni, Earmon eftir Margaret Corkery frá Írlandi, Dauðadá eftir Ludwig Wüst og La Pivellina eftir Reiner Primmel og Tizzu Covi frá Austurríki. Eru þær allt frá dæmisögum um Forn-Tyrki til daglegs líf í enskum sveitabæ og sirkusstarfsmanns sem finnur tveggja ára stúlku.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð hefst 17. september og verða yfir hundrað myndir til sýnis á tíu dögum. Aldrei hefur verið staðið að fleiri sýningum eða hliðarviðburðum á hátíðinni.

- kbs

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 15. ágúst 2009

**→ Tónleikar**



16.00 **Ofurhetju** og Skúrka BBQ Party verður haldið í Hljómskálagarðinum við tjörnina í Reykjavík. Fram koma Gnúzi Jones and the Crackers, Mc Gauti, Diddi Fel, HookerSwing, Itchyblood, Pedropilatus og dj C-$.

21.00 **Tríó Andrésar Þórs** flytur djassstandarda og frumsamið efni á tónleikum á Hótel Hellissandi.

22.00 **Baggalútur** verður á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Merkur leynigestur tekur lagið með sveitinni. Húsið verður opnað kl. 21.

**→ Leikrit**

20.00 og 21.00 Ævar Þór Benediktsson flytur einleikinn **Ellý, alltaf góð** eftir Þorvald Þorsteinsson. Mæting í LeikhúsBatteríið að Hafnarstræti 1 en þaðan er gengið stuttan spöl í Þingholtin. Þessi viðburður er í tengslum við artfarthátíðina. Nánari upplýsingar á **www.artfart.is.**

**→ Markaðir**

**Markaðsdagar** verða haldnir í Kiðagili í Bárðardal 15. og 16. ágúst milli kl. 13-17. Heimaframleiddar vörur til sölu og sýningin Útilegumenn í Ódáðahrauni, Ullarverkasýning Friðriku Sigurgeirsdóttur og ljósmyndasýning frá fyrstu bílferð yfir Sprengisand verða opnar. Nánari upplýsingar á **www.kidagil.is**

**→ Opnanir**

14.00 **Í Sláturhúsinu,** menningarsetri við Kaupvang á Egilsstöðum, verða opnaðar tvær sýningar. Handverk og hönnun opna sýninguna „Einu sinni er“ og Halla Eyþórsdóttir opnar sýninguna „Stórt og smátt“.



15.00 **Edda Þórey Kristfinnsdóttir** opnar sýningu sína „Vistaskipti“ í DaLí Gallery við Brekkugötu 9 á Akureyri. Opið lau. og sun. kl. 14-17.

**→ Sýningar**

**Í GalleriBOXI** við Kaupvangsstræti á Akureyri hefur verið opnuð sýning á verkum Sébastien Montéro og Steven Le Priol undir yfirskriftinni „Fyrirheitna landið“. Opið um helgar kl. 14-17.

**Pétur Halldórsson** sýnir teikningar í Gallerí Ormi í Sögusetrinu á **Hvolsvelli** við Hlíðarvegur 1. Opið alla daga kl. 9-18.

**Sigríður Níelsdóttir** sýnir klippimyndir á sýningunni „Séð í himininn“ sem hún hefur opnað í versluninni 12 Tónum við Skólavörðustíg. Opið mán.-lau kl. 10-18 og sun. kl. 12-17.

**Íris Stefánsdóttir** hefur opnað ljósmyndasýningu undirskriftinni **„Krísa“** í sýningasal Byggðasafns Hafnarfjarðar (Gúttó) við Suðurgötu í Hafnarfirði. Opið lau. og sun. kl. 11-17.

**Þórgunnur Oddsdóttir** hefur opnað sýninguna „Íslensk landafræði“ í Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán. –fim. kl. 11.30-01, fös. og lau kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

**→ Síðustu forvöð**

Sýningu Karlottu Blöndal **„Uppúr haganum“** í Suðsuðvestur við Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ, lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 14-17.

**→ Dansleikir**

Á **NASA** við Austurvöll verður haldið 90‘s partý. Dj Curver og Dj Kiki-Ow þeyta skífum.

**→ Jazzhátíð**

22.00 Reginfirra og Kvartett Ásgeirs Ásgeirssonar verða á Rósenberg við Klapparstíg. Nánari upplýsingar um jazzhátíð í Reykjavík á **www.jazz.is.**

**→ Búvélar**



**Búvélasafnarar** við Eyjafjörð sýna dráttarvélar og aðrar búvélar á Búvélasýningu sem verður við Smámunasafnið að Sólgarði í Eyjafjarðarsveit. Opið kl. 13-17. Nánari upplýsingar á **www.smamunasafnid.is.**

### Sunnudagur 16. ágúst 2009

**→ Menningarganga**

14.00 Listasafn Árnesinga við **Austurmörk** í Hveragerði efnir til menningargöngu um Hveragerði undir yfirskriftinni „Konur og andinn.“ Lagt verður af stað frá Bókasafninu (Verslunarmiðstöð við Sunnumörk). Nánari upplýsingar á **www.listasafnarnesinga.is.**

**→ Tónleikar**

16.00 Eyjólfur Eyjólfsson tenórsöngvari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari koma fram á tónleikum á **Gljúfrasteini,** í húsi skáldsins.



16.00 **Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona og Elísabet Waage hörpuleikari** verða með tónleika í Strandarkirkju á Þorlákshöfn. Á efnisskránni verða Maríubænir í tilefni af **Maríumessu** ásamt íslenskum þjóðlögum og sönglögum. **Aðgangur er ókeypis.**

17.00 Á tónleikum í **Hallgrímskirkju** við Skólavörðuholt mun Susan Landale organisti leika á Klais-orgel kirkjunnar.

20.00 **Tríó Andrésar Þórs** flytur djassstandarda og frumsamið efni á tónleikum í Kirkjunni í Stykkishólmi.



23.00 Hljómsveit **Hauks Gröndal** leikur klassíska djasstónlist þar sem áherslan verður á sterka sveiflu og lagrænan þráð í Jazzkjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu 18.

**→ Opnanir**

16.00 Sýningin **Jazzóður - Jazz** í íslenskri myndlist verður opnuð á Kjarvalsstöðum við Flókagötu. Á sýningunni eru verk eftir Erró, Grétar Reynisson, Sigurbjörn Jónsson, Sigurð Örlygsson og Tryggva Ólafssonar.

**→ Jazzhátíð**

Fjöldi tónleika verða haldnir í tengslum við Jazzhátíð í Reykjavík sem nú stendur yfir. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.jazz.is.**

**→ Leikrit**

20.00 Leikfélag Hafnarfjarðar sýnir leikverkið Bergmál eftir **N. Richard Nash**. Leikfélagið hefur aðsetur á neðstu hæð Menntasetursins við lækinn **(Gamla Lækjarskóla, Skólabraut).**

**→ Leiðsögn**

15.00 Alma Dís Kristinsdóttir verður með fjölskylduleiðsögn um sýninguna **„Möguleikar“** sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Þar mun hún fara um sýninguna og ræða þá möguleika sem listamaðurinn hefur úr að moða. **Aðgangur er ókeypis.**



15.00 Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna **Safn(arar)** sem nú stendur yfir í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Sýningu lýkur í dag. Opið kl. 11-17. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


Stökktu til Costa del Sol

25. ágúst

frá kr. 79.990

- með eða án fæðis




Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Costa del Sol þann 25. ágúst í 11 nætur. Í boði er stökktu tilboð, með eða án fæðis, þar sem þú bókar sæti (og fæðisvalkost) og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í sumarfríinu á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga á ótrúlegum kjörum.





Verð kr. 79.990

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 11 nætur. Sértilboð 25. ágúst. Aukalega fyrir hálft fæði í 11 nætur kr. 35.000 fyrir fullorðna og kr. 18.000 fyrir börn.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



GERÐUBERG Menningarmiðstöð 2009

Jazz 17. 18. 19. ágúst smiðjur

Jazzsmiðjur og hádegistónleikar

Jim Black, Hilmar Jensson og Benjamin Koppel leika með, Trans kvintett, Reginfirru og Kvartett Leifs Gunnarssonar. Afraksturinn verður leikinn á hádegistónleikum 17. 18. og 19. ágúst kl. 12

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir. www.reykjavikjass.is



Í fréttum var þetta helst...

Halldór Baldursson sýnir skopteikningar sem unnar eru á árunum 2007-2009



Sögur án orða

Ólöf Erla Einarsdóttir sýnir ljósmyndir sem eru endurskapaðar á listrænan hátt

Sýningarnar opna fimmtudaginn 20. ágúst kl. 17.00 og mun Jazz kvartett Leifs Gunnarssonar leika fyrir gesti

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is



Óska eftir að kaupa

íslensk enskt lingapon tungumála námskeið.

Sem er útgefið ár 1976, 1977 eða 1978 en ekki English Course. En útgáfuárið er auðfundið í bókum sem fylgja.

Upplýsingar í síma 865 7013.

Ég borga 40.000 kr. fyrir námskeiðið



Hótelbókanir.is og Olís kynna með stolti
Raggi Bjarna
75 ÁRA
Afmælistónleikar
26. september í Laugardalshöll
MIÐASALA HEFST Á FIMMTUDAGINN KL. 10:00
Björgvin Halldórsson - Diddú - Guðrún Gunnarsdóttir - Laddi - Megas - Mugison
Páll Óskar - Ragnheiður Gröndal - Stefán Hilmarsson - Buff - Sumargleðin
Sérstakir gestir : Guðmundur Steingrímsson og Ólafur Gaukur úr KK sextettinum
Kynnir: Þorgeir Ástvaldsson
Tónlistarstjóri: Þórir Baldursson
Sviðssetning og handrit: Björn G. Björnsson
Með hverjum miðakaupum fylgir fríáskrift að Tónlist.is
HOTELBOKANIR.IS
olís
Miðasala á www.midi.is
og sölustöðum Miða.is
bravó!
Góðar stundir

## > SOKKAR FRÁ HENRY HOLLAND

Breski hönnuðurinn Henry Holland, sem sló rækilega í gegn með skemmtilegum stuttermabolum fyrir tveimur árum, hefur nú snúið sér að hönnun sokkabuxna og sokka. Línan er mjög framúrstefnuleg og litrík og skvísur eins og Agyness Deyn og Pixie Geldof eru óðar í hana.



# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …



**Fullkominn blazerjakka** frá Max Mara sem gengur við allt. Frá Gk Laugavegi.



**Ótrúlega töff blúnduhanska** frá Patrizia Pepe. Fást í GK Laugavegi.



**Mjúka bleika angórupeysu** sem er fullkomin yfir sparikjólinn eða við gallabuxur. Frá GK Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Sara McMahon

# Að fanga hugtakið „tíska“

Ég reyni að fara reglulega í klippingu til að halda hárinu heilbrigðu og til að halda krullunum í skefjum. Um daginn var kominn tími á klippingu og ég var svo heppin að vinur minn og gamli hárgreiðslumeistarinn minn var staddur á landinu og gat snyrt kollinn. Ég mætti stundvíslega á hárgreiðslustofuna þar sem meistarinn hafði aðstöðu, kom mér fyrir í stólnum hjá honum og litaðist um.

Þarna inni var maður sem mér þótti sérstaklega eftirtektarverður. Maðurinn var stór, vöðvastæltur og með aflitað hár. Undir hlýrabolnum sem hann klæddist mátti sjá glytta í stærðarinnar húðflúr á sólbrúnum handlegg. Þarna sat ég og hugsaði með mér hvað tíska getur verið yndislega, skemmtilega afstæð.

Yngri bróður mínum finnst til að mynda við systurnar vera sérstaklega hallærislegar í víðu kjólunum okkar og skræpóttu sokkabuxunum. Hann gerir látlaust grín að litríku peysunum og finnst smekkur okkar vægast sagt undarlegur. Sömuleiðis hefur frænka mín haft orð á því að henni þyki ég með nokkuð sérstakan fatastíl, hún kallaði hann meira að segja einstakan. Persónulega þykir mér ég nokkuð venjuleg í klæðavali og þegar ég lít í kringum mig og virði fyrir mér vini mína og fólkið sem ég umgengst, þá finnst mér ég falla ósköp vel inn í hópinn, þar með sannast máltakið „sækjast sér um líkir“. En ætli ég mundi ekki stinga örlítið í stúf ef ég álpaðist inn á skemmtistaðinn Óliver, þar sem stelpur eru almennt betur til hafðar en ég.

Tíska er á stundum eins og pólitík, það má deila um hana endalaust. Sumum þykir út í hött að eltast við tískustrauma, aðrir geta ekki án tískunnar verið. Tískan er svo afstæð að það sem einum manni þykir flott, finnst þeim næsta ljótt. Margir nota flíkur til að tjá sig og draga fram persónuleika sinn, flíkur geta jafnvel gefið til kynna stéttarstöðu eigandans; því dýrari sem flíkin er því meira hefur eigandinn á milli handanna.

Hvað sem menn segja um tísku þá er aldrei eitthvað eitt meira rétt en annað, einfaldlega vegna þess að tíska er afstætt hugtak.







**GULT** Frískleg gul rúllukragapeysa við mynstraðar buxur fyrir haustið.



**SÆTT** Flott og stelpulegt appelsínugult dress fyrir haustið.



**KVENLEGUR** Flottur stuttur bleikur kjóll við svartar púffermar.



**HAUSTLITIR** Fallegur kápukjóll við mynstraðar sokkabuxur og sætan hatt.



**REIÐBUXNASNIÐ** Villt „paisley“-mynstur við heklaða röndótta peysu.



**HLÝLEG** Appelsínugul mynstruð ullarkápa.

## MARC JACOBS POPPAR UPP HAUSTIÐ

# Litadýrð og herðapúðar

Bandaríski hönnuðurinn Marc Jacobs hefur notið gífurlegra vinsælda undanfarin ár og lína hans fyrir haustið er sérlega litrík og skemmtileg. „Ég vildi ekki hugsa um kreppuna heldur langaði mig að gera eitthvað sem minnti á New York á níunda áratugnum þegar fólk var alltaf úti að skemmta sér.“ Ready-to-wear-línan hans fyrir haustið er hlýleg og hugguleg en býður engu að síður upp á líflega gula, rauða og appelsínugula tóna.

- amb

**Verðum með sýningu nú um helgina bæði í :**
**Beykidal 6 Reykjanesbæ og**
**Fossabrekku 21 Snæfellsbæ og**
**Ölkelduvegi 9 Grundarfirði**
**Laugardag og Sunnudag frá 13 til 17**

Nú er hagstætt að kaupa vegna þess að:
Þú tekur Íls lán en greiðir útborgun eftir eitt ár.
Allar verðhækkanir (vísitala) falla á seljanda í eitt ár
Við greiðum allan þinglýsingarkostnað.
Ef þú kaupir íbúð á þessu ári færðu endurgreiðslu frá Skattinum sem getur verið allt að kr 408.374
ATH Þennan pening færðu ekki ef þú leigir.

Kynntu þér málið á heimasíðu okkar eða mættu á sýningu um helgina þar sem við reiknum þetta út fyrir þig.

**www.nesbyggd.is**

ATH Erum einnig með nokkrar íbúðir til leigu (kaupleiga)

**Si savaitgali bus pristatymas siu butu :**
**Beykidal 6 Reykjanesbæ ir**
**Fossabrekku 21 Snæfellsbæ ir**
**Ölkelduvegi 9 Grundarfirði**
**Sestadieni ir sekmadieni nuo 13 iki 17**

Dabar yra naudingiausia pirki todel kad:
Jus imate Íls kredita, bet pradedate moketi tik po 1. metu
Visus kainos kylimus del infliacijos ("vísitala") vienus metus dengiame mes
Mes sumokesime visus notarinius mokescius
Jei pirksite buta sias metais gausite grazinima is mokesciu inspekcijos kuris gali siekti 408.374kr
Demesio. Siu pinigu negaunate jeigu nuomuojates

Visa informacija rasite musu interneto svetaineje arba si savaitgali ateikite i butu pristatyma kuriame mes jums padesime viska apskaiciuoti

**www.nesbyggd.is**

Demesio. Turime keleta butu issiperkamajai nuomai

Nesbyggð
www.nesbyggd.is

**Obecny okres sprzyja zakupowi mieszkania, gdyż:**
*otrzymujesz teraz pożyczkę z Funduszu Mieszkaniowego, a zaczynasz spłacać dopiero po roku,
*wszystkie inflacyjne podwyżki cen w ciągu roku pokrywa sprzedający,
*sprzedający pokrywa także koszty wpisu nieruchomości do ksiąg wieczystych,
*w przypadku zakupu mieszkania w tym roku otrzymujesz zwrot podatku, nawet do sumy 408.374 kr.
Uwaga: Kwoty tej nie otrzymasz, jeżeli wynajmujesz mieszkanie.

Zapoznaj się z zasadami sprzedaży na naszej stronie internetowej lub przyjdź na pokaz, gdzie pokażemy przykłady rozliczeń.

**www.nesbyggd.is**

Uwaga: posiadamy także kilka mieszkań do wynajęcia (przedsprzedaż)




Sett upp í samstarfi við

VISA

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

**> BARN Á LEIÐINNI?**

Bruce Willis giftist fyrirsætunni Emmu Heming í mars. Hann segist aldrei hafa verið hamingjusamari og viðurkennir að sig langi gjarnan í fleiri börn, en Willis, sem er 54 ára, á þrjár dætur með fyrrum eiginkonu sinni Demi Moore. Í bandaríska sjónvarpsþættinum Access Hollywood sagðist leikarinn ekki viss um að þau Emma eignuðust börn, en tók fram að hún væri yndisleg manneskja sem hann nyti lífsins með.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Go-Kart braut á Korputorgi

„Þetta er bara hlutur sem allir verða að prófa. Ég get voða lítið sagt annað. Þetta er bara svo gaman að ég held varla vatni þegar ég fer fram úr á morgnana,“ segir Karim Djermoun um Go-Kart brautina á Korputorgi. Brautin verður formlega opnuð í dag, en Karim var með brautina á Reykjanesi fyrir fjórum árum.

„Þetta er bara á bílastæðinu á Korputorgi, við erum með mjög stórt svæði til að leika okkur á, því það er ekkert að gerast á Korputorgi, fyrr en núna. Ef vel gengur liggur á borðinu að fá að fara inn í Korputorg, í stærsta bilið beint fyrir miðju. Þá er þetta fyrst orðið fyrir alvöru.“

Svæðið er 3.500 fermetra og er brautin í 900 metra löng sem gerir hana þá stærstu sem nokkurn tíma hefur verið á landinu. Þá eru 1.500 dekk og 3 kílómetrar af öryggisborðum um brautina. Loks skartar hún fullkomnum tímatökubúnaði. Karim segir þegar mikla traffík. „Við erum búnir að vera með opið til að koma okkur í gang og prófa bílana.“



**STÆRST OG BEST** Almenningur streymir á nýja Go-Kart braut á Korputorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Keppni á vegum FM957 hefst á mánudag, hið svokallaða Zúúber-race. „Þeim sem verða með þrjátíu bestu tímana fyrir þessa viku gefst tækifæri á að taka þátt í keppni sem verður á föstudaginn í næstu viku, sem verður þá útvarpað beint frá Korputorgi. Það verður alvöru, með upphitun, tímatöku og loks keppni. Svo erum við að skora á alþingismenn að koma og keyra hjá okkur eftir að Icesave-málið klárast. Þeir eru búnir að taka ansi vel í það. Ég hugsa að við fáum einhverja frækna alþingismenn til að koma í næstu viku og þá verður Ísland í dag á staðnum.“

- kbs



**KATE WINSLET** Á leið í sjónvarp.

# Kate Winslet í sjónvarpið

**Kate Winslet hefur verið orðuð við aðalhlutverkið í stuttri sjónvarpsþáttaröð sem nefnist Mildred Pierce sem HBO ætlar að framleiða. Þáttaröðin er byggð á skáldsögu James M. Cain en leikstjóri og handritshöfundur verður Todd Haynes, sem hefur gert myndirnar I´m Not There og Velvet Goldmine. Gerð var kvikmynd eftir skáldsögu Cains árið 1945 með Joan Crawford í aðalhlutverki og fékk hún Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína sem húsmóðir sem ákveður að hella sér í veitingahúsabransann með ófyrirséðum afleiðingum.**

# Bitist um Gulla Helga

**Eitt helsta tromp Einars Bárðarsonar á nýrri útvarpsstöð er Gulli Helga. Dramatískar vendingar urðu hins vegar áður en endanlegir samningar tókust.**

„You like me, you really like me,“ segir útvarpsmaðurinn Gulli Helga kátur og vitnar í Sally Field þegar hún loks fékk Óskarsverðlaunin. „Það er ofsalega gaman, eftir 25 ár og að hafa verið á geymslusvæði, á bekknum, að fá allt í einu svona tilboð, að allt í einu sé þörf á manni einhvers staðar.“

Frá því hefur verið gengið að Gulli Helga stýri morgunþætti á Kananum, útvarpsstöð Einars Bárðarsonar, sem hefur útsendingar 1. september. Einar sparar hvergi stóru orðin þegar hann lýsir hæfileikum Gulla og hér eru nokkur stikkorð: „Einn langvinsælasti og reyndasti útvarpsmaður þjóðarinnar... einn eftirsóttasti sjónvarpsmaður landins... Tveir með öllu sem var á dagskrá FM957 og Bylgjunnar frá árunum 1991 til 1993 hafi gert nöfn Jóns Axel og Gulla Helga að goðsögnum í útvarpi. Fáir ef þá nokkrir útvarpsþættir hafa notið jafn mikilli vinsælda á Íslandi... Að fá Gulla til liðs við sig í útvarpi er eins og að fá heila hæð af samstarfsmönnum... Þegar farið verður yfir útvarpssögu þessarar þjóðar þá verða þar nokkur nöfn sem munu bera höfuð og herðar yfir önnur. Gulli verður þar í efstu línunni enda fáir ef nokkrir komið jafn víða við í sögu frjáls útvarps á Íslandi. Stór dagur fyrir Kanann...“ Gulla finnst nóg um. „Já, ég er búinn að sjá þessa ræðu,“ segir Gulli, sem lengi var mjög tvístígandi. Frá þessu hafði nánast verið gengið en þá kom bakslag, þegar 365-menn fréttu af því að Gulli væri að ganga til liðs við Einar, var dregin fram á teikniborðið gömul hugmynd um smíðaþætti – líf og yndi Gulla. „Ég er Bulli byggir og Bulli byggir hefur bara gaman að því að byggja upp. Það er það sem ég kann. Hvort sem það eru hús eða útvarpsstöðvar. Maður hefur byggt upp útvarpsstöðvar með misgóðum árangri. Þetta er sú 3. í röðinni og allt er þegar þrennt er.“

Ljóst er að menn hafa boðið rausnarlega í Gulla og hann svarar spurningu þess efnis svona: „Ég hef efni á að kaupa mér tyggjó.“ Og með vísan til Tveggja með öllu, hvort útvarpshlustendur megi vænta endurkomu Jóns og Gulla, segir Gulli dularfullur: „Við útilokum ekkert í þeim efnum. Þetta er rétt að byrja. Og verður ógeðslega gaman.“ jakob@frettabladid.is



**GULLI Í FULLUM SKRÚÐA** Eftir myndatöku hjá Einari stóðu Gulla skyndilega allar dyr opnar – en hann ákvað að endingu að taka þátt í uppbyggingu Kanans þar sem allt er tilbúið undir tréverk.


Þökkum öllum þeim sem komu til okkar í súpu á Fiskidaginn mikla á Dalvík

Starfsfólk og eigendur veitingahúsa Nings

NINGS



Einnig viljum við sérstaklega þakka þeim fyrirtækjum sem hafa stutt okkur í súpgerðinni í gegnum árin.

THAI-CHOICE Premium Quality from Thailand

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf

SD Sælkeradreifing ehf.

Bananar ehf.

olís

# SJÓNVARPS**TILBOÐ**

## TOPP MERKI Á FRÁBÆRU VERÐI

**42"** PHILIPS

**Philips 42PFL3604D**
42" Full-HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 30000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB með JPEG/MP3, 2x HDMI, 2x Scart, CI, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

**TILBOÐ 209.990**
FULLT VERÐ kr. 239.990

**19"** DVD — INNBYGGÐUR DVD SPILARI

**UNITED**
**United 19DD91HD**
19" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**

**VERÐ 54.990**
FRÁBÆRT VERÐ

---

**22"** DVD — INNBYGGÐUR DVD SPILARI
**TOSHIBA**
**Toshiba 22DV555DG**
22" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-READY, 1680x1050 punkta uppl., 1000:1 dýnamískri skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, innb. DVB-T móttakara, HDMI, Scart, Component & Composite, VGA, S-Video og heyrnatólstengi ofl.
**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990

**26"** ACTIVE VISION
**TOSHIBA**
**Toshiba 26AV605PG**
26" Active Vision LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA), S-Video og heyrnatólstengi ofl.
**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 124.990

**32"** ACTIVE VISION
**TOSHIBA**
**Toshiba 32AV603PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p punkta upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA) ofl.
**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990

**32"** Vreal 4 — DVB-T
**Panasonic**
**Panasonic TXL32C10**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine, IPS Alpha, 24p Playback, 15.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, stafrþ. DVB-T mótt., SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI & Component tengi ofl.
**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990

---

**42"** Vreal 4 — DVB-T — 100Hz
**Panasonic**
**Panasonic TXP42C10**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.
**TILBOÐ 209.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

**42"** Vreal 3 — FULL HD — DVB-T
**Panasonic**
**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p punkta uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.
**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

**47"** PIXEL PLUS HD — DVB-T — FULL HD
**PHILIPS**
**Philips 47PFL5604H**
47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.
**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 379.990

**50"** Vreal 4 — DVB-T
**Panasonic**
**Panasonic TXP50X10**
50" 100Hz Plasma BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4, 24p Playback, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. mótt., SD/SDHC kortalesari (JPEG), 2 x Scart, 3 HDMI, Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.
**TILBOÐ 299.990**
FULLT VERÐ kr. 349.990

---

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT — ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# Múm fyrst á Gogoyoko

Nýjasta plata hljómsveitarinnar múm, Sing Along to Songs You Don't Know, verður fáanleg á síðunni Gogoyoko.com frá og með mánudeginum 17. ágúst. Þetta þýðir að platan verður fyrst fáanleg í heiminum á síðunni. Platan kemur formlega út í Evrópu 24. ágúst hjá Morr Music og sama dag hjá Euphoni í Norður-Ameríku. Skráðir notendur Gogoyoko.com geta því frá og með mánudeginum hlustað á þessa nýju plötu í heild sinni. Þótt þjónustan sé í dag aðeins opin notendum á Íslandi verður platan fáanleg til kaups um heim allan á sértakri gátt á síðunni.



**MÚM** Nýjasta plata hljómsveitarinnar múm nefnist Sing Along to Songs You Don´t Know.

# Skoða Þýskalandsmarkað

„Þetta er komið svo stutt á veg að það er allt óráðið enn þá," segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu, um hugsanlega útrás hljómsveitarinnar til Þýskalands. Hann segir óvíst hvort flutningar séu í spilunum, en verið sé að skoða alla möguleika. „Við erum að velta því fyrir okkur að fara til Berlínar. Ég hef aldrei komið þangað en allir sem ég hef talað við bera borginni vel söguna. Þetta er mikil listamannaborg og var náttúrlega höfuðborg lista í Evrópu á sínum tíma," útskýrir Haukur.

Dikta er nú að vinna sína þriðju plötu sem kemur út í haust. Aðspurður segir Haukur þá félaga nota öll kvöld og helgar í upptökur, en hann starfar sem læknir á bráðamóttökunni við Hringbraut. Jón Þór Sigurðsson trommari er að ljúka atvinnuflugmannsprófi og þeir Skúli Gestsson bassaleikari og Jón Bjarni Pétursson gítarleikari eru báðir í kennaranámi. Þrátt fyrir miklar annir láta þeir tónleikahald ekki sitja á hakanum. „Við erum að spila á Batteríinu í kvöld ásamt hljómsveitunum Mammút, Agent Fresco og Cliff Clavin. Við verðum í upptökum í dag og á morgun svo við hlaupum bara út úr stúdíóinu til að fara á þetta gigg," segir Haukur. - ag



**NÝ PLATA Á LEIÐINNI** Dikta vinnur nú að nýrri plötu sem Sena mun gefa út í haust.

# Amy á Facebook undir dulnefni

Söngkonan Amy Winehouse hefur komið sér upp nýrri síðu á Fésbókinni undir dulnefninu Shirley, sem er lítill kettlingur söngkonunnar. Menn telja að með þessu sé hún að reyna að hafa samband við fyrrverandi eiginmann sinn, Blake Fielder-Civil, en þau skildu fyrir stuttu. Foreldrar Amy fögnuðu endalokum hjónabandsins, enda telja þau Blake ástæðuna fyrir óreglu dóttur sinnar.

Amy hefur skilið eftir nokkur skilaboð á síðu Blakes. Í sumum skilaboðunum rifjar Amy upp gamla tíma frá hjónabandi hennar og Blakes. „Hey, mamma var að segja vinkonu sinni frá því þegar hún bjó til morgunmat fyrir þig og þú drakkst allt Nesquickið og varðst veikur. xxxxx."

Frá því að Amy fór að hafa samband við Blake, sem er í meðferð í Yorkshire, hefur hann uppfært upplýsingarnar um sambandsstöðu sína tvisvar, fyrst úr því að vera á lausu yfir í að vera í sambandi og nú síðast segist hann vera giftur. Það má því velta fyrir sér hvort þetta ólukkupar taki aftur saman þegar Blake lýkur meðferð.



**DULARFULL** Amy spjallar við fyrrverandi eiginmann sinn undir dulnefni.

# Svala Björgvins á forsíðu vinsælasta tattútímaritsins

**Svala Björgvins prýðir forsíðu tattútímaritsins Prick sem dreift er um allan heim og er vinsælasta tattúblaðið í Bandaríkjunum. Söngkonan góðkunna flytur einmitt til Los Angeles í dag.**

„Prick-blaðið kom hingað út af tattúráðstefnunni hjá Reykjavík Ink sem var hér í sumar," segir Svala Björgvinsdóttir söngkona, sem prýðir forsíðu tímaritsins Prick. Blaðið er gefið út mánaðarlega í um 100.000 eintökum sem er dreift um allan heim, en blaðið er sérstaklega tileinkað lífsstílnum í kringum húðflúr og líkamsgötun.

„Blaðið er alltaf bara með flúraðar stelpur á forsíðunni, en enga stráka. Linda og Össur sem eiga Reykjavík Ink báðu mig um að vera framan á blaðinu því ég er komin með svo mikið „sleeve" og ég sagði bara já. Þetta er vinsælasta tattúblaðið í Ameríku og ég hef nú þegar fengið tölvupóst frá vinum úti sem hafa séð þetta," segir Svala, sem er á faraldsfæti því í dag flytur hún með hljómsveit sinni Steed Lord til Los Angeles.

„Það er allt tilbúið og við erum komin með þriggja ára dvalarleyfi. Við erum að fara að vinna á fullu, túra mikið og gefa út remixplötu af fyrstu plötunni okkar sem kemur út 24. september," segir Svala. Aðspurð segist hún kunna vel við sig í Los Angeles, en hún hefur áður búið þar og starfað sem söngkona. „Þetta leggst vel í okkur og það er alltaf gaman að skipta um umhverfi og fara í svona ævintýraferð. Ég bjó í LA í eitt og hálft ár svo ég á mikið af vinum þar og þekki vel til. Þetta er bara mín borg og eina borgin sem ég vil búa í," segir Svala.

alma@frettabladid.is





**FLYTUR TIL LOS ANGELES**

**Svala Björgvinsdóttir** flytur með hljómsveit sinni Steed Lord til Los Angeles í dag, en þau munu ferðast um Bandaríkin á næstunni og gefa út remix-plötu í september. Hún prýðir forsíðu tattútímaritsins Prick.





# Gítarhetjur minnast Les Paul

Slash, fyrrverandi gítarleikari Guns N´Roses, og The Edge úr U2 hafa tjáð sig um dauða gítargoðsagnarinnar Les Paul sem lést á dögunum, 94 ára gamall. „Hann var frábær náungi, tónlistarmaður, uppfinningamaður, lærifaðir og vinur," sagði Slash og bætti við að Paul hefði ávallt verið mjög jákvæður persónuleiki.

The Edge sagði að Paul hefði verið gítargoðsögn og sannur endurreisnarmaður. „Les Paul afsannar þá klisju að maður geti bara verið frægur fyrir eitthvað eitt. Hans arfleifð sem tónlistar- og uppfinningamaður mun lifa áfram og áhrif hans á rokkið munu aldrei gleymast."

Les Paul var þekktur fyrir hönnun sína á Les Paul-rafmagnsgítarnum sem fór fyrst í verslanir árið 1952 og átti hann sinn þátt í upprisu rokksins. Hann hafði einnig mikil áhrif á upptökufræði því að hann þróaði meðal annars margrása upptökutæki og átta rása segulbandsupptökutæki.

Fleiri frægir tónlistarmenn á borð við Brian Wilson úr Beach Boys, Billy Gibbons úr ZZ Top og Joe Satriani minntust Les Paul einnig sem frumkvöðuls í rokkinu og yndislegrar persónu.

Auk þess að hanna gítara og vinna að upptökumálum var Paul vinsæll tónlistarmaður. Hann átti ellefu smáskífulög sem komust í efsta sæti vinsældalista og 36 gullplötur sem hann gerði með eiginkonu sinni Mary Ford. Hann var vígður inn í Frægðarhöll Grammyverðlaunanna árið 1978 og Frægðarhöll rokksins tíu árum síðar.



**LES PAUL** Tónlistarmaðurinn og frumkvöðullinn Les Paul lést á dögunum, 94 ára gamall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Landsins stærsta

# Skósprengja

SKECHERS · LLOYD · RBK · ara · ecco · PETER KAISER · adidas · PUMA

## Lágmark 50% afsláttur

ATHUGIÐ! SÍÐUSTU DAGARNIR

**Laugardagur frá 11 - 16**
**Sunnudagur 12 - 17**
**Mánudagur 12 - 18**

## Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109


88.989 kr.
Fullt verð 99.989
TOSHIBA
Toshiba L300-25L
2.2Ghz Intel örgjörvi • Intel Graphics X4500 skjákort • 15,4" skjár
99.989 kr.
Fullt verð 119.989
acer
emachines
Acer eMachine E725-423G25MI
• 2.0Ghz Intel Core Duo T4200 örgjörvi
• 3GB DDR2 minni
• 250GB diskur
• 15,6" skjár
119.989 kr.
Fullt verð 129.989
acer
Acer Aspire 7530G-623G25MN
• 2.0Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-62 örgjörvi • 3GB DDR2 minni
• 256MB DDR2 Geforce Go 9100M GS skjákort • 17" skjár
Þú færð það í Max!
Ódýrt
LCD breiðtjald
32 tommur
JVC MEÐ DVBT MÓTTAKARA
JVC LT32DY8
119.989 kr.
Fullt verð 159.989
1TB flakkari
WD Essential 2
21.989 kr.
Fullt verð 26.989
1400 sn þvottavél
Beko WMD26140T
89.989 kr.
Fullt verð 114.989
Þurrkari með barka
Beko DV1160
54.989 kr.
Fullt verð 64.989
A4 prentari og skanner
Epson SX200
12.989 kr.
Fullt verð 14.989
GSM með snertiskjá
LG KU990i Viewty
33.989 kr.
Fullt verð 39.989
• 3G • GPRS • EDGE • WLAN
MAX RAFTÆKI
Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


SPORT 2
enski boltinn
Í HEIMI
SPORT
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA Í SÍMA 512 5100
SPORT 2: LAUGARDAG
KL. 16:15
Everton – Arsenal
KL. 11:30 Chelsea – Hull
KL. 13:45 Blackburn – Man. City SPORT 3
KL. 13:45 Aston Villa – Wigan SPORT 4
KL.13:45 Wolves – West Ham SPORT 5
KL. 13:45 Porsmouth – Fulham SPORT 6
KL. 13.45 Stoke – Burnley
KL. 18:30 Mörk dagsins
SPORT 2: SUNNUDAG
KL. 14:50
Tottenham – Liverpool
KL. 12:20 Man. Utd. – Birmingham
vodafone
Iceland Express
1811
vörður

## > Fjölmennum á völlinn

Stelpurnar í A-landsliði kvenna í fótbolta mæta Serbíu í undankeppni HM 2011 á Laugardalsvellinum í dag og hefst leikurinn kl. 14. Þetta er fyrsti leikur íslenska liðsins í undankeppni HM og jafnframt síðasti leikur liðsins fyrir lokakeppni EM sem hefst 23. ágúst. Fólk er því hvatt til þess að fjölmenna á völlinn, skapa góða stemningu og kveðja stelpurnar með stæl. Miðasala á leikinn hefst kl. 11 í dag.




**sport**
sport@frettabladid.is

**KRISTÍN ÝR BJARNADÓTTIR:** ÞREYTIR MÖGULEGA FRUMRAUN SÍNA MEÐ LANDSLIÐINU Í DAG

# *Var frá í þrjú ár en er nú á leiðinni á EM*




Kristín Ýr Bjarnadóttir, leikmaður Vals, gæti í dag spilað sinn fyrsta landsleik er Ísland tekur á móti Serbíu á Laugardalsvellinum klukkan 14. Leikurinn er sá fyrsti í undankeppni HM en er einnig liður í undirbúningi liðsins fyrir lokakeppni EM í Finnlandi. Kristín Ýr hefur verið upp á sitt besta með Val í sumar eftir að hafa verið lengi frá vegna meiðsla.

„Ég var í þrjú ár frá vegna meiðslanna og missti af fjórum tímabilum," sagði hún í samtali við Fréttablaðið. „Ég var því bæði mjög hissa og ánægð þegar ég var valin. Maður stefnir auðvitað alltaf að því að komast sem lengst í fótboltanum, annars væri maður ekki í þessu."

Hún segir að baráttan við meiðslin hafi vissulega verið erfið. „Ég var búin að bíða mjög lengi þegar ég gat loksins byrjað aftur. Ég var með bakmeiðsli sem getur oft verið erfitt að glíma við. Það var því mikill persónulegur sigur að geta byrjað á ný og því hef ég ef til vill lagt aðeins meira í sölurnar. Ég óttaðist kannski að vera komin aftur úr öðrum en ég bæti upp fyrir það með ánægjunni."

Hún segir afar góða stemningu ríkja í landsliðinu og að sér hafi verið vel tekið. „Þetta er mjög skemmtilegur hópur og þó svo að ég þekki þær flestar mjög vel er ég nú með mörgum þeirra sem samherji í fyrsta sinn. En það er frábær stemning í hópnum og ég hef tekið sérstaklega eftir því hversu einbeittir allir í kringum liðið eru. Það eru ekki bara þjálfarinn og fyrirliðinn sem ætla sér langt heldur allir leikmenn og starfsmenn. Það er skemmtilegt að upplifa það."

Hún veit þó ekki enn hvort hún fær að spila á morgun. „Ég hef nú ekki komist í neina pappíra enn. En ef ekki í dag þá bara á EM. Ég hlýt að fá mitt tækifæri."

Lokakeppni Evrópumótsins hefst þann 23. ágúst næstkomandi en fyrsti leikur Íslands verður gegn Frakklandi degi síðar. Ísland er þar að auki í riðli með Norðmönnum og Þjóðverjum.



**ÁSMUNDUR** Ósáttur við orð dómarans í leik ÍBV og Fjölnis. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ásmundur Arnarsson:

## Gagnrýnir dómara

**FÓTBOLTI** Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, skrifar langa grein á heimasíðu félagsins í gær.

Þar kemur hann meðal annars inn á þátt dómara, sem honum finnst ekki alltaf hafa verið mjög hliðhollir sínu liði.

Tekur hann sérstaklega út dæmi sem átti sér stað í leik ÍBV og Fjölnis í Eyjum á dögunum.

„Í Eyjum lendum við í því að það eru þó nokkrar ljótar tæklingar í gangi sem dómarinn virðist ekki sjá og setningar frá dómaranum eins og „það er ekki mér að kenna hvað þið eruð lélegir" hjálpa ekki til við að halda spennustiginu niðri," segir Ásmundur í grein sinni. Dómari leiksins var Eyjólfur Magnús Kristinsson.

Ásmundur gagnrýnir einnig sína menn fyrir að láta mótlætið fara í skapið á sér. Hann kemur annars víða við í grein sinni og hvetur stuðningsmenn liðsins að lokum til þess að styðja við liðið, sem er í erfiðri fallbaráttu í Pepsi-deildinni. **- hbg**

Fernando Torres:

## Hjá Liverpool til ársins 2014

**FÓTBOLTI** Fernando Torres hefur undirritað nýjan samning við Liverpool sem gerir honum kleift að vera hjá félaginu til loka tímabilsins 2014.

Þegar hann kom til félagsins árið 2007 skrifaði hann undir sex ára samning en nýi samningurinn inniheldur klásúlu sem gerir aðilum mögulegt að framlengja samninginn um eitt ár til viðbótar.

Torres er 25 ára gamall og var þegar búinn að samþykkja samninginn í maí síðastliðnum. Nú hefur hann gengið frá öllum formsatriðum.

„Öll helstu lið heims vilja helst fá hann í sínar raðir en hann hefur sýnt hversu mikinn metnað hann hefur fyrir hönd Liverpool með því að skuldbinda sig við félagið til svo langs tíma," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool. „Hann býr yfir sérstökum hæfileikum en vill samt bæta sig." **- esá**

# Þurfum að leggja EM til hliðar í dag

**Ísland mætir í dag Serbíu í fyrsta leik undankeppni HM í knattspyrnu sem fer fram í Þýskalandi árið 2011. Leikurinn er því bæði upphitun fyrir EM í Finnlandi og þýðingarmikill leikur fyrir framhald liðsins.**

**FÓTBOLTI** Í dag klukkan 14 hefst leikur Íslands og Serbíu í undankeppni HM 2011. Knattspyrnusamband Íslands fór fram á að leikurinn færi fram jafnvel þótt núverandi Evrópumeistaramóti væri ólokið, en afar fátítt er að þessi tvö stórmót knattspyrnuheimsins skarist með þessum hætti. Ísland keppir í úrslitakeppni EM í Finnlandi síðar í mánuðinum og verður þetta síðasti leikur liðsins fyrir Finnlandsförina.

„Þetta leggst afar vel í mig. Þetta er leikur í undankeppni HM og hugsum við um hann fyrst og fremst sem slíkan," sagði Katrín Jónsdóttir landsliðsfyrirliði.

Tólf lið komust í úrslitakeppni EM en aðeins 4-5 Evrópulið komast í úrslitakeppni HM, auk gestgjafanna sem í þessu tilviki eru Þjóðverjar. Það er því mun erfiðari undankeppni fyrir höndum en sú sem lauk fyrir EM nú í haust og má íslenska liðið alls ekki við nokkrum feilsporum – síst af öllu á heimavelli.

„Við vitum vel hversu erfitt það er að komast á HM. Við þurfum að vinna riðilinn og svo að vinna sigurvegara annars riðils í umspili til að komast áfram. Við megum því ekki misstíga okkur ætlum við að taka þrjú stig í þessum leik. Það þarf að ríkja sama ákefð, barátta og gleði og í síðustu undankeppni."

Hún segir mjög góða stemningu ríkja í landsliðshópnum sem kom saman á miðvikudaginn var og verður saman þar til EM lýkur.




**Á ÆFINGU** Edda Garðarsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir og Sandra Sigurðardóttir á æfingu íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Nú þurfum við að leggja EM til hliðar og munum við einbeita okkur að því þegar þessum leik er lokið."

Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari segir vissulega erfitt að aðskilja keppnirnar tvær. „Þetta hefur verið svolítið erfitt í undirbúningi okkar fyrir leikinn enda allir að tala um EM. En við þurfum að einbeita okkur að þessum leik enda nýtt mót að hefjast og ætlum við okkur áfram. Til þess þurfum við að vinna riðilinn okkar sem Íslandi hefur aldrei áður tekist. Ég hef hins vegar fulla trú á að okkur takist það."

Í undankeppni EM mátti ekki miklu muna að Ísland næði efsta sæti riðilsins en 2-1 tap fyrir Frökkum ytra gerði það að verkum að liðið þurfti að fara í umspil gegn Írum um sæti á EM í Finnlandi. Í þeirri undankeppni tapaði Ísland einnig óvænt fyrir Slóveníu á útivelli.

„Hefðum við unnið þann leik hefðum við mátt tapa með þessum mun fyrir Frökkum. Samt hefðum við unnið riðilinn. Það sýnir hvað við erum nálægt þessu markmiði okkar. En þetta verkefni er mjög krefjandi og miklu stærra og erfiðara en að komast í lokakeppni EM. Það má því ekkert út af bregða." **eirikur@frettabladid.is**

Löng bið áhugamanna um enska boltann er nú loks á enda þar sem enska úrvalsdeildin byrjar í dag:

# Áttatíu og þriggja daga bið loks á enda

**FÓTBOLTI** Það eru 83 dagar frá því síðasta keppnistímabil í ensku úrvalsdeildinni rann sitt skeið og því ekki seinna vænna en að hefjast handa á nýjan leik. Átta leikir fara fram í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í dag og umferðin klárast svo með tveimur leikjum á morgun.

Chelsea og Hull ríða á vaðið í dag á Stamford Bridge eða Brúnni en það er áhugaverður leikur þar sem um er að ræða fyrsta „alvöru" leik Carlos Ancelotti við stjórnvölinn hjá Chelsea. Þó svo að Lundúnafélagið hafi vitanlega unnið samfélagsskjöldinn gegn Manchester United undir stjórn Ancelottis um síðustu helgi þá er það eldskírnin í deildarkeppninni sem skiptir máli. Chelsea hefur verið rólegt á leikmannamarkaðinum í sumar en engu að síður tippa margir sparkspekingar á að hinn ítalski Ancelotti sé rétti maðurinn til þess að ná fram stöðugleika á Brúnni og endurheimta velgengni félagsins frá tímum Josés Mourinho.

Everton og Arsenal eigast við á Goodison Park en hvorugt liðið hefur látið sérstaklega mikið til sín taka á leikmannamarkaði. Knattspyrnustjóri Arsenal, Arsene Wenger, hefur verið sérstaklega gagnrýndur fyrir lítil kaup í sumar enda hefur Arsenal misst tvo byrjunarliðsmenn í þeim Kolo Toure og Emmanuel Adebayor og fengið lítið í staðinn.

Flestra augu verða á Manchester City á komandi leiktíð en forráðamenn félagsins hafa látið vel til sín taka á leikmannamarkaðnum í sumar og eytt nálægt því 100 milljónum punda í nýja leikmenn á borð við Kolo Toure, Emmanuel Adebayor, Gareth Barry, Carlos Tevez og Roque Santa Cruz. City heimsækir Blackburn á Ewood Park í dag en knattspyrnustjórinn Mark Hughes hjá City var áður stjóri Blackburn.

Á morgun hefja Englandsmeistarar Manchester United titilvörnina gegn Birmingham á Old Trafford en knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson getur ekki teflt fram Edwin van der Sar og Nemanja Vidic sem eru frá vegna meiðsla. Fróðlegt verður að sjá hvernig United plumar sig án Cristianos Ronaldo, sem fór sem kunnugt er til Real Madrid í sumar, á komandi leiktíð en nýju liðsmönnunum, Michael Owen og Antonio Valencia, er ætlað að fylla skarðið eftir Portúgalann.

Umferðin klárast svo með leik Tottenham og Liverpool á White Hart Lane á morgun þar sem púlarar vonast til þess að leggja þar grunninn að því að enda tuttugu ára bið félagsins eftir meistaratitli. **- óþ**



**HVAÐ GERIR CITY?** Spennandi verður að sjá hvernig City-mönnum gengur á komandi leiktíð eftir eyðslu sumarsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

### LEIKIR HELGARINNAR

| | |
|---|---|
| **Laugardagur:** | |
| Chelsea-Hull | kl. 11.45 |
| Aston Villa-Wigan | 14 |
| Blackburn-Man. City | 14 |
| Bolton-Sunderland | 14 |
| Portsmouth-Fulham | 14 |
| Stoke-Burnley | 14 |
| Wolves-West Ham | 14 |
| Everton-Arsenal | 16.30 |
| **Sunnudagur:** | |
| Man. United-Birmingham | 12.30 |
| Tottenham-Liverpool | 15 |


BT
SKÓLABYRÐIN LÉTTIST
MEÐ LÉTTVÖXTUM BT
Tækjatrygging BT - meira öryggi!
Kynntu þér málið í verslunum BT
acer
Acer Emachines E625
AMD ATHLON 64 PROCESSOR TF-20
BT léttvextir 7,7%
Var að lenda
15,6” 1366x768
AMD Athlon 64 Processor TF-20
1x2GB vinnsluminni
250GB 5400RPM
ATI Radeon Xpress 1200
Lyklaborð með talnaborði
Þráðlaust netkort 54Mbps
Vefmyndavél
Minniskortalesari
6 cellu rafhlaða
Windows Vista BASIC
Vegur 2,72kg
79.999
250GB HARÐUR DISKUR
2GB VINNSLUMINNI
15,6" SKJÁR
ATI RADEON GRAPHICS
BT LÁN
Verð frá:
3.683
24 mánaða
Verbatim
Verbatim 2.5” flakkari
FÁANLEGUR Í FLOTTUM LITUM
BT léttvextir 7,7%
2,5” diskur
USB 2.0 þarf ekki að stinga í samband
Plug ´n´ play
Vegur aðeins 150gr
17.999
320 GB
24.999
500 GB
Wii
Wii Sports Resort
MOTION PLUS FYLGIR
KÍKTU Í BT OG PRÓFAÐU SPORTS RESORT MEÐ MOTION PLUS
12 íþróttaleikir í þessum skemmtilega pakka. Golf, frisbee, bogfimi, keila og borðtennis svo dæmi séu tekin. Með í pakkanum fylgir Motion Plus stykki sem sett er í Wii fjarstýringuna en með því eykur þú verulega á næmni hennar og möguleika til að greina handarhreyfingar þínar.
10.999
Wii
SAMSUNG
Samsung ES-55
3 LITIR
BT léttvextir 7,7%
10.2-megapixel
Face Detection
Red-eye Fix
2.5” intelligent LCD (230 K)
Movie mode (VGA 30 fps, MJPEG)
Stylish metal body
Beauty Shot
Self Portrait
Digital Image Stabilization (DIS)
ISO 1600
Photo Help Guide and Function Descriptiont
24.999
BT LÁN
Verð frá:
1.108
24 mánaða
Skullcandy
Skullcandy
HEYRNATÓL MEÐ INNBYGGÐUM MP3 SPILARA
BT léttvextir 7,7%
1GB SD Minniskort
fylgir - stækkanlegt upp í 4GB
Rafhlöðuending allt að 8 tímar
USB og 3.5mm jack snúra fylgja
15.999
MARGAR FLEIRI FLOTTAR GERÐIR AF SKULLCANDY Í BT
acer
Acer 5536
AMD DUAL CORE X2 QL65, 2,1GHZ
AMD DUAL CORE
320GB HARÐUR DISKUR
3GB VINNSLUMINNI
AMD Dual Core x2 QL65, 2,1Ghz
3GB DDR2-667
15.6” WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
512MB ATI HD3200 skjástýring
320GB SATA 5400rpm
DVD±RW Dual Layer Skrifari
True 5.1 Channel Surround
Gigabit Ethernet;
300Mbps þráðlaust netkort
1.3MP vefmyndavél
windows vista home premium
99.999
119.999
BT LÁN
Verð frá:
4.542
24 mánaða
Ný sending
BT léttvextir 7,7%
ATI RADEON GRAPHICS
© SmartMedia | www.smartmedia.is | 588-4100
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

Tvö staðfest svínaflenstutilfelli hjá Grindavík:

# Ellefu leikmenn liggja veikir heima

**FÓTBOLTI** Það á ekki af knattspyrnuliði Grindavíkur að ganga. Alls hafa nú ellefu leikmenn lagst í bólið veikir og tveir leikmenn hafa fengið það staðfest að þeir séu með svínaflensu.

Það eru þeir Óli Stefán Flóventsson og Zoran Stamenic. Scott Ramsay slapp og er ekki með svínaflensuna. Þeir Jósef Kristinn Jósefsson og Eysteinn Húni Hauksson eru nýjustu menn til að veikjast.

„Við erum búnir að senda vottorð frá lækni til KSÍ vegna veikindanna. Þar kemur fram að þeir séu óvinnufærir fram á næsta fimmtudag,“ sagði Þorsteinn Gunnarsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur.

KSÍ varð við ósk Grindavíkur í gær um að fresta leik liðsins gegn ÍBV sem átti að fara fram á sunnudag. Grindavík á svo leik gegn Fram á miðvikudag og gæti vel farið svo að Grindavík þyrfti einnig að fara fram á frestun á þeim leik. **- hbg**



**VEIKINDI** Meirihluti leikmanna Grindavíkur er veikur þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MICHAEL VICK** Verður ekki gjaldþrota miklu lengur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Michael Vick:

## Snýr aftur í liði Philadelphia

**NFL** Leikstjórnandinn Michael Vick er laus úr fangelsi og hefur samið við Philadelphia Eagles. Hann mun leika með liðinu næstu tvö árin.

Vick fær 1,6 milljónir dala fyrir fyrra árið en gæti fengið 5,2 milljónir fyrir seinna árið samkvæmt heimildum ESPN.

Vick er af mörgum talinn einn hæfileikaríkasti leikmaður NFL-deildarinnar frá upphafi. Hann var valinn fyrstur í nýliðavalinu árið 2001 og var um tíma launahæsti leikmaður NFL-deildarinnar.

Hann var síðan dæmdur til fangelsisvistar árið 2007 fyrir að skipuleggja hundaat, rækta hunda til slagsmálanna og fara illa með hundana.

Eftir að hann var látinn laus fékk hann aftur leyfi til þess að spila í NFL-deildinni. Ekki veitir honum af þar sem hann varð gjaldþrota í fangelsinu.

Vick mun keppa við hinn öfluga Donovan McNabb um sæti í byrjunarliði Eagles en McNabb hefur leitt Eagles fimm sinnum í úrslit Þjóðardeildar og einu sinni í Super Bowl.

McNabb er nýbúinn að gera nýjan samning við Eagles og Vick mun því líklega byrja á bekknum en nærvera hans þar mun halda McNabb á tánum.

McNabb sagðist hafa hvatt félagið til þess að gera samning við Vick og er hæstánægður með komu hans þangað.

Hann segir alla eiga skilið að fá annað tækifæri og segir að vel verði tekið á móti Vick í herbúðum Eagles. **- hbg**



**ELI MANNING** Á fyrir salti í grautinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Eli Manning:

## Launahæsti leikmaður NFL

**NFL** Eli Manning, leikstjórnandi New York Giants, hefur skrifað undir nýjan sex ára samning við félagið sem er metinn á 97 milljónir dala. Manning ætti að fá 15,3 milljónir dala á ári næstu sex árin.

Hinn 27 ára gamli Manning er þar með orðinn launahæsti leikmaður deildarinnar.

Manning átti eitt ár eftir af gamla samningnum en vildi ólmur vera áfram hjá liðinu sem hann leiddi óvænt til sigurs í deildinni árið 2008.

Manning fær 9,4 milljónir dala á þessu ári en síðan hækkar hann rækilega í launum. **- hbg**





**MÓTASTJÓRI** Birkir Sveinsson hjá mótanefnd KSÍ hefur í nógu að snúast þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

Mótastjóri staðfestir frestun:

## Svínaflensa hjá Hamarsmönnum

**FÓTBOLTI** Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ, staðfesti í gærkvöld að leik KS/Leifturs og Hamars í 2. deildinni hafi verið frestað vegna veikinda leikmanna Hamars en leikurinn átti að fara fram í dag.

„Það eru einhverjir leikmenn greindir með svínaflensu hjá Hamri en margir eru veikir og ekki greining komin hjá þeim öllum. Þetta virðist vera svipað tilfelli og hjá Grindavík,“ segir Birkir.

Birkir segir ekki fleiri tilfelli hafa komið inn á borð til sín að svo stöddu.

„Eins og staðan er núna hafa ekki fleiri beiðnir borist okkur en þessar tvær frá Grindavík og Hamri en við erum við öllu búnir. Mótanefndin hefur annars ákveðið hvaða forsendur þurfi að liggja á baki því að frestun leikja fáist og það er ef verulegt skarð er höggvið í leikmannahóp liðanna,“ segir Birkir.

Guðmundur Valgeir Ásgeirsson, formaður Hamars, staðfesti við Fréttablaðið að níu byrjunarliðsmenn félagsins væru veikir og þar af tveir þegar greindir með svínaflensuna en nokkrir aðrir bíða eftir niðurstöðum úr rannsóknum. - óþ



**ARSENE WENGER** Segir ekki alltaf satt. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arsene Wenger:

## Viðurkennir að hafa sagt ósatt

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, viðurkennir í samtali við Daily Mail að hafa á stundum sagt ósatt í fjölmiðlum þegar leikmenn hans hafa lent í vafasömum atvikum á vellinum.

Wenger segist hafa notað þá taktík að segjast ekki hafa séð hlutina þegar hann hafi hreinlega ekki getað varið sinn leikmann.

„Það er af því að maður er að hugsa af hverju í fjandanum leikmaðurinn hafi gert þetta. Þá getur maður ekki útskýrt málið í fjölmiðlum. Stundum hef ég séð atvikin en sagt í viðtölum að ég hafi ekki séð þau til að vernda leikmanninn,“ sagði Wenger.

„Þjálfari er til þess að hjálpa. Hann verður að hugsa að ef hann hjálpar á réttan hátt munu leikmenn bregðast vel við því sem hann gerir.“ - hbg

U-21 árs landslið Íslands varð í 13. sæti á HM:

# Endaði með stæl

**HANDBOLTI** Strákarnir í U-21 árs landsliði Íslands í handbolta luku keppni á HM í Egyptalandi í gær með 39-38 sigri gegn Hollandi í tvíframlengdum leik. Anton Rúnarsson skoraði sigurmark Íslands þegar nokkrar sekúndur voru eftir af seinni framlengingunni.

Mörk Íslands skoruðu Ólafur Gústafsson 10, Rúnar Kárason 10, Ólafur Bjarki Ragnarsson 5, Orri Freyr Gíslason 4, Ásbjörn Friðriksson 3, Þröstur Þráinsson 2, Oddur Grétarsson 2, Anton Rúnarsson 1, Andri Heimir Friðriksson 1 og Guðmundur Árni Ólafsson 1. Í markinu varði Sveinbjörn Pétursson 12 bolta og Aron Rafn Eðvarðsson 8.

„Það var mjög ljúft að enda þetta með stæl fyrst við vorum að keppa um þetta sæti. Við byrjuðum leikinn betur en svo var þetta bara í járnum allan tímann og ég er ánægður með spilamennsku liðsins. Við renndum dálítið blint í sjóinn fyrir keppnina en það er búinn að vera mikill stígandi í leik liðsins. Varnarleikurinn hefur verið okkar helsti styrkur í keppninni en við lentum í vandræðum sóknarlega. Það hefur samt verið að slípast mikið,“ segir Heimir Ríkarðsson, þjálfari liðsins.

Með sigrinum varð Ísland í 13. sæti og vann svokallaðan forsetabikar en tólf efstu liðin í riðlunum fóru áfram í milliriðil. - óþ




**ÖFLUGUR** Rúnar Kárason átti góðan leik gegn Hollandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



> **LeAnn Rimes**

„Ég geri aldrei ráð fyrir að allt gangi upp í fyrstu tilraun og hef aldrei talið að þegar ég nái toppnum komi það til með að endast.“

***Sveitasöngkonan LeAnn Rimes var aðeins fjórtán ára þegar hún sló í gegn sem söngkona. Hún fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Northern Lights sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 21.00.***



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.45**

### Lie to Me

Nýstárleg og fersk spennuþáttaröð um hóp af sérfræðingum sem allir eru fremstir í sínu fagi. Með sálfræði, atferlisfræði og einstökum hæfileikum í að greina af andlitsdráttum skjólstæðinga hvort þeir segi sannleikann leysir The Lightman Group erfiðustu málin fyrir alríkislögregluna, lögfræðistofur, fyrirtæki og einstaklinga. Með aðalhlutverk fara Tim Roth og Kelli Williams úr Men in Trees og The Practice.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Út og suður**

### Sjónvarpið kl. 19.35

Í þættinum í kvöld heimsækir Gísli Samgönguminjasafn Skagafjarðar í Stóragerði í Óslandshlíð. Þar hefur hagleiksmaðurinn Gunnar Þórðarson byggt upp mikið safn bíla, véla og annarra tækja sem segja samgöngusögu Íslendinga í stórum dráttum.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Lítil prinsessa, Geirharður Bojng Bojng, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir, Einskonar dreki, Einu sinni var... Jörðin og Landið mitt.
**10.35 Popppunktur** (e)
**11.30 Kastljós - Samantekt**
**12.00 Helgarsportið** (e)
**13.00 Mótókross**
**13.30 Heimsmeistaramót íslenska hestsins**
**15.00 Breska konungsfjölskyldan** (e)
**15.50 Sjálfstjórn á Grænlandi** (e)
**16.20 Hlé**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Draumahjólið**
**17.45 Pip og Panik** (11:13) (e)
**17.49 Skoppa og Skrítla** (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Hellisbúar** (11:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Út og suður**
**20.05 Gróðabragð** (Scalp) (4:8) Franskur myndaflokkur.
**21.00 Ákæran** (Anklaget) Dönsk bíómynd frá 2005 sem fjallar um fjórtán ára stúlku sem sakar föður sinn um að hafa misnotað sig kynferðislega.
**22.45 HM í frjálsum íþróttum** Samantekt frá keppni dagsins á HM í frjálsum íþróttum sem fram fer í Berlín.
**23.40 Kvöldverðarboðið** (The Dinner Party) Bresk sjónvarpsmynd. (e)
**00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.10** Jonathan Creek **11.00** Jonathan Creek **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** My Hero **15.00** My Hero **15.30** My Hero **16.00** My Hero **16.30** Doctor Who **17.15** Doctor Who **18.00** Hotel Babylon **18.55** Judge John Deed **19.45** Little Britain **20.15** Little Britain **20.45** Little Britain **21.15** Little Britain **21.45** Doctor Who **22.30** Doctor Who **23.15** Hotel Babylon

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Gulla og grænjaxlarnir, Þorlákur, Ruff's Patch og Elías.
**07.50 Algjör Sveppi** Kalli og Lóa, Boowa and Kwala, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn og Aðalkötturinn.
**10.25 Honey, I Shrunk the Kids**
**12.00 Nágrannar**
**12.20 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 So You Think You Can Dance**
**15.15 So You Think You Can Dance**
**16.05 Beauty and the Geek** (3:10)
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur** Vinsæl fréttaskýringaþáttaröð þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.02 Veður**
**19.10 Réttur** (2:6) Leikin spennuþáttaröð sem gerist í rammíslensku umhverfi lagaflækna og glæpa.
**19.55 Back To You** (10:17) Kelsey Grammer leikur vinsælan og sjálfumglaðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina.
**20.20 Monk** (8:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála.
**21.05 Numbers** (5:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiséní.
**21.50 Lie to Me** (9:13)
**22.35 The 4400** (2:13)
**23.20 NCIS** (1:19)
**00.05 60 mínútur**
**00.50 Underworld: Evolution**
**02.35 Spin**
**04.20 Devil's Diary**
**05.50 Back To You** (10:17)

## SPORT *besta sætið*

**08.40 Holland - England** Útsending frá vináttuleik Hollands og Englands.
**10.20 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur.
**10.50 PGA Championship 2009** Útsending frá þriðja keppnisdegi PGA Championship-mótsins í golfi.
**15.20 Bardaginn mikli: Mike Tyson - Lennox Lewis**
**16.15 10 Bestu: Rúnar Kristinsson**
**17.05 Augusta Masters Official Film** Vandaðir þættir þar sem rifjaðar eru upp eftirminnilegustu keppnirnar í sögu Masters.
**18.05 Inside the PGA Tour 2009**
**18.30 PGA Championship 2009** Bein útsending frá lokadegi PGA Championship-mótsins í golfi.
**23.00 Athletic Bilbao - Barcelona** Útsending frá leik Athletic Bilbao og Barcelona sem berjast um Supercopa. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.55.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.30 Mörk dagsins**
**09.10 Aston Villa - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**10.50 Premier League World 2009/10**
**11.20 Mörk dagsins**
**12.00 Man. Utd - Birmingham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.30 Tottenham - Liverpool** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.00 Chelsea - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Everton - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Man. Utd - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Tottenham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.40 Blackburn - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## EXTRA

**15.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**16.00 Hollyoaks** (251:260)
**16.25 Hollyoaks** (252:260)
**16.50 Hollyoaks** (253:260)
**17.15 Hollyoaks** (254:260)
**17.40 Hollyoaks** (255:260)
**18.10 Seinfeld** (14:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**18.35 Seinfeld** (15:22)
**19.00 Seinfeld** (17:24)
**19.25 Seinfeld** (18:24)
**19.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.
**20.30 America's Got Talent** (11:20) Leitin að sönnu hæfileikafólki er hafin í þriðja sinn. Sem fyrr eru dómarar þau David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer er kynnir.
**21.50 The O.C. 2** (7:24) Orangesýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.
**22.35 Seinfeld** (14:22)
**23.00 Seinfeld** (15:22)
**23.25 Seinfeld** (17:24)
**23.50 Seinfeld** (18:24)
**00.10 Sjáðu**
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**16.00 Hrafnaþing**
**17.00 Græðlingur**
**17.30 Reykjavík – Vestmannaeyjar**
**18.00 Neytendavaktin**
**18.30 Óli á Hrauni**
**19.00 Reykjavík – Egilsstaðir**
**19.30 Eldum íslenskt**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Í kallfæri**
**21.30 Maturinn og lífið**
**22.00 Hrafnaþing**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.05 World Cup of Pool 2008** (e)
**13.55 Rachael Ray** (e)
**14.40 Rachael Ray** (e)
**15.25 America's Funniest Home Videos** (14:48) (e)
**15.50 What I Like About You** (e)
**16.15 Style Her Famous** (15:20) (e)
**16.45 Design Star** (3:9) (e)
**17.35 Monitor** (8:8) (e)
**18.05 Britain's Next Top Model** (e)
**18.55 Bachelorette** (5:12) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (15:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.10 Robin Hood** (9:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku.
**21.00 Northern Lights** Rómantísk spennumynd byggð á metsölubók eftir Noru Roberts. Nate Burns hættir sem lögreglumaður í Baltimore eftir að hafa misst félaga sinn og tekur við starfi lögreglustjóra í rólegum og afskekktum smábæ í Alaska. Nate er ekki að leita að ástarævintýri en hann fellur fyrir Meg Galligan, ungri og sjálfstæðri flugkonu. Aðalhlutverk: Eddie Cibrian, LeAnn Rimes og Rosanna Arquette.
**22.30 Where the Heart Is** Hjartnæm mynd byggð á metsölubók eftir Billie Letts. Novalee Nation er 17 ára og kasólétt. Hún ætlar með kærastanum til Kaliforníu en hann skilur hana eftir í Wal-Mart búð í smábæ í Oklahoma. Hún hreiðrar um sig í búðinni og býr þar í laumi þar til barnið fæðist. Aðalhlutverk: Natalie Portman, Ashley Judd og Stockard Channing.
**00.30 CSI** (18:24) (e)
**01.10 Murder** (6:10) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Blades of Glory**
**10.00 Nancy Drew**
**12.00 TMNT: Teenage Mutant Ninja Turtles**
**14.00 Blades of Glory**
**16.00 Nancy Drew**
**18.00 Ástríkur og víkingarnir**
**20.00 The Man From Snowy River** Ástrólsk kvikmynd um pilt sem ræðst til starfa á búgarði og hrífst þar af heimasætunni.
**22.00 The Departed** Spennumynd sem fjallar um þá spillingu og hræsni sem grasserar innan lögreglunnar í Boston.
**00.30 Half Nelson**
**02.15 Back in the Day**
**04.00 The Departed**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen **10.25** OBS **10.30** Truslen fra dybet **11.10** Sugar Rush **11.30** Future Man **12.00** DR-Dokumentar - Valomanden **13.00** Den store dag **13.55** Columbo **15.30** Ebb og Flo **15.35** Postmand Per **15.50** Nalle & Pip **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Michael Palin i det nye Europa **18.00** Klodens kræfter - Den enestående jord **19.00** TV Avisen **19.15** SportNyt med SAS liga **19.40** Taggart **21.20** Dodens detektiver **21.45** Jennifers afsloringer **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**11.45** Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand **15.00** VM skyting, skeetfinaler **16.00** H.C. Andersens eventyr **16.30** VM friidrett **17.00** Dagsrevyen **17.30** VM friidrett **20.00** Poirot **21.00** Kveldsnytt **21.20** Poirot **22.00** Nattsosteren **23.00** Vestindia - vårt tapte paradis **23.20** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.00** Jakten på sanningen **12.50** Vem tror du att du är? **13.50** Fever Pitch **15.30** AnneMat **16.00** Rapport **16.15** Hedebyborna **17.15** En dag i Sverige **17.30** Rapport **17.50** På Stockholms slott **18.00** Solens mat **18.30** Sportspegeln **19.00** Puls på Sverige **20.00** I en klass för sig **20.30** Språkresan **21.00** Öringfiske jorden runt **21.30** Hunter **22.30** Packat & klart sommar




Aðeins þessa helgi! Helgartilboð í verslun Tekk Companys




Gerum hús að heimili

TEKK COMPANY

Tekk Company * Holtagörðum og Kringlunni * Sími 564 4400 * www.tekk.is
Opið virka daga kl. 10-18:30, laugardaga 10-17 og sunnudaga 13-17

TEKK COMPANY

# RISA LAGERSÖLUNNI

# Í HOLTAGÖRÐUM 2. HÆÐ

# LÝKUR UM HELGINA

ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

OPIÐ:

LAUGARDAG: 10-17 - SUNNUDAG: 13-17

habitat

NATUZZI
It's how you live

> **Mickey Rourke**

„Ég vissi alltaf að ég myndi gera eitthvað merkilegt á lífsleiðinni - eins og að ræna banka.“

***Rourke fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Sin City sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 22.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ GÆGIST Í GRÍNKISTUR

# Það er eins með húmörinn og blóðmörinn

„Það er eins með húmörinn og blóðmörinn, hann er bestur súr.“ Þessi setning, sem ef mér skjöplast ekki er upprunnin hjá Flosa Ólafssyni, kom upp í huga mér þegar ég las fjölmiðlaumfjöllun um Gay Pride-hátíðina. Þar fór súrt grín kynna hátíðarinnar fyrir brjóstið á ýmsum, meðal annars mátti sjá þess stað á síðum Fréttablaðsins. Þegar kynnar hátíðarinnar báðu unga stúlku sem var týnd að koma baksviðs áminntu þeir hana að tala nú ekki við fullorðna eða útlendinga á leiðinni. Einhverjum pistlahöfundum sveið undan slíku á sjálfri umburðarlyndishátíðinni.

Húmör er merkilegt fyrirbæri og um hann eru til ýmsar kenningar. Þjóðfræðingurinn Alan Dundes er mikill grínfræðingur og fjallar meðal annars um lausnarkenninguna: við gerum grín að því sem okkur þykir óþægilegt, þannig tökumst við betur á við það. Í þann flokk má setja Hugleik Dagsson og grín hans um barnahneigð, einnig grín um útlendingahatur. Einnig brandara sem gyðingar sögðu sín á milli í útrýmingarbúðum nasista, en varla nokkur þorði að segja að stríði loknu: Af hverju sitja Hans og Gréta uppi á þaki? Þau bíða þess að mamma og pabbi komi upp um skorsteininn.



Grín hefur löngum valdið fjaðrafoki og frá því fyrstu skrítlur birtust í blöðum hefur einhver hneykslast. Og nýtt grín vekur upp ný viðbrögð. Þátturinn Limbó var tekinn af dagskrá Ríkisútvarpsins vegna harðra viðbragða og Radíusbræður ýfðu upp í þjóðarsálinni. Það gerði Tvíhöfði líka sem fylgdi í kjölfarið.

Í lesendabréfi frá því seint á síðustu öld má sjá viðbrögð við einum Tvíhöfðaþætti: „Ég veit um ömmu og afa, sem hreiðruðu um sig í stofu með barnabörnunum sínum þetta kvöld og ætluðu að gleðja þau með því að leyfa þeim að horfa á íslenskan skemmtiþátt, en sátu orðlaus og miður sín undir þessum ósköpum. […] Þið föruð yfir strikið. Og það er ekkert spaug.“

Já, grín er ekkert spaug. Haldi maður sig ekki innan samfélagslegra viðurkenndra viðmiða er hætt við að stélfjaðrir einhverra ýfist. En er það fyndið? Má ég þá heldur biðja um súra húmörinn, þó ég fúlsi reyndar við súrum blóðmör.

## LAUGARDAGUR



▶ **16.15** Everton – Arsenal, beint STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **19.35** America's Got Talent STÖÐ 2



▶ **19.35** Fallega fólkið SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** So You Think You Can Dance STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30** She Drives Me Crazy SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Bangsímon og vinir hans, Tóti og Patti, Ólivía, Sögurnar okkar, Elías knái, Fræknir ferðalangar, Skúli skelfir og Hrúturinn Hreinn.
**10.25 Leiðarljós** (e)
**11.05 Leiðarljós** (e)
**11.45 Kastljós** (e)
**12.15 EM stelpurnar okkar** (3:4) (e)
**12.30 EM stelpurnar okkar** (4:4) (e)
**12.45 Helgarsportið** (e)
**13.45 Landsleikur í fótbolta**
**16.15 Sápugerðin** (12:12) (e)
**16.40 Bergmálsströnd** (12:12) (e)
**17.05 Lincolnshæðir** (16:23)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Popppunktur** (Buff - múm) (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.35 Fallega fólkið** (Beautiful People) (3:6) Bresk gamanþáttaröð um pilt sem þráir að komast burt úr heimabæ sínum.
**20.10 Hundakúnstir** (Life Is Ruff) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2005 um 13 ára strák sem tekur að sér erfiðan hund.
**21.35 Wallander - Loftkastalinn** (Wallander: Luftslottet) Sænsk sakamálamynd frá 2006.
**23.10 HM í frjálsum íþróttum**
**00.05 Dalastúlkan** (Down in the Valley) Bandarísk bíómynd frá 2005. (e)
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Employee of the Month**
**10.00 Wendy Wu: Homecoming**
**12.00 Ástríkur og víkingarnir**
**14.00 Employee of the Month**
**16.00 Wendy Wu: Homecoming**
**18.00 Teenage Mutant Ninja Turtles**
**20.00 Addams Family Values**
**22.00 Sin City** Spennumynd eftir Robert Rodriguez og Quentin Tarantino gerð eftir myndasögu.
**00.00 Beerfest**
**02.00 Krámpack**
**04.00 Sympathy For Mr. Vengeance**
**06.05 Man From Snowy River**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli á þakinu, Ruff's Patch, Gulla og grænjaxlarnir, Refurinn Pablo og Sumardalsmyllan.
**07.55 Algjör Sveppi** Boowa and Kwala, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra, Maularinn, Tommi og Jenni, Kalli litli Kanína og vinir, Nornafélagið og Ofuröndin.
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 The Apprentice** (3:14)
**14.35 Supernanny** (2:20)
**15.25 The Big Bang Theory** (8:17)
**15.55 You Are What You Eat** (4:18)
**16.25 Extreme Makeover: Home Edition** (17:25)
**17.10 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Íþróttir**
**18.52 Lottó**
**19.00 Veður**
**19.05 Ísland í dag - helgarúrval** Hröð og skemmtileg samantekt með því helsta sem boðið var uppá í Íslandi í dag í vikunni sem er að líða.
▶**19.35 America's Got Talent** (11:20) Leitin hafin í þriðja sinn að sönnu hæfileikafólki. Dómara eru sem fyrr David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer er kynnir.
**20.55 Ocean's Thirteen**
**22.55 This Girl's Life** Áhrifamikil kvikmynd þar sem dregin er upp einkar áhugaverð og sannfærandi mynd af hinum blómlega klámmyndaiðnaði í Bandaríkjunum í gegnum líf klámmyndastjörnunnar Moon. Myndin skartar m.a. stórleikaranum James Woods í einu af stærstu hlutverkunum.
**00.40 The Upside of Anger**
**02.35 When a Stranger Calls**
**04.00 America's Got Talent** (11:20)
**05.20 The Big Bang Theory** (8:17)
**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 Holland - England** Útsending frá vináttuleik Hollands og Englands.
**09.35 PGA Tour 2009 - Hápunktar**
**10.30 Uppsveitavíkingurinn** Sýnt frá Uppsveitavíkingnum en þar leiddu saman hesta sína margir af sterkustu kraftajötnum landsins.
**11.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar.
**12.00 PGA Championship 2009** Útsending frá öðrum keppnisdegi PGA Championship-mótsins í golfi.
**17.00 Meistaradeildin í golfi 2009**
**17.30 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá Einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki mættu til leiks.
**18.30 PGA Championship 2009** Bein útsending frá þriðja keppnisdegi PGA Championship-mótsins í golfi.
**23.00 Ultimate Fighter - Season 9** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.
**23.45 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**08.20 Liverpool - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni
**10.05 Goals of the Season 2008**
**11.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**11.30 Chelsea - Hull** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**13.45 Blackburn - Man. City** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Aston Villa - Wigan Sport 4. Wolves - West Ham Sport 5. Portsmouth - Fulham Sport 6. Stoke - Burnley
▶**16.15 Everton - Arsenal** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Mörk dagsins**
**19.10 Leikur dagsins**
**20.55 Mörk dagsins**
**21.35 Mörk dagsins**
**22.15 Mörk dagsins**
**22.55 Mörk dagsins**
**23.35 Mörk dagsins**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.10 Rachael Ray** (e)
**14.40 Rachael Ray** (e)
**15.25 All of Us** (18:22) (e)
**15.55 America's Funniest Home Videos** (12:48) (e)
**16.20 America's Funniest Home Videos** (13:48) (e)
**16.45 How to Look Good Naked** (e)
**17.35 Matarklúbburinn** (7:8) (e)
**18.05 Greatest American Dog** (e)
**18.55 Family Guy** (11:18) (e)
**19.20 Everybody Hates Chris** (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (14:48)
**20.10 According to Jim** (4:18) Bandarísk gamansería með Jim Belushi í aðalhlutverki. (e)
**20.40 Flashpoint** (3:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar. (e)
▶**21.30 She Drives Me Crazy** Dramatísk sjónvarpsmynd frá árinu 2007 um tvær ólíkar systur sem halda saman í ferðalag. (e)
**23.00 Dr. Steve-O** (6:7) (e)
**23.30 The Dudesons** (6:8) (e)
**00.00 Battlestar Galactica** (18:20) (e)
**00.50 World Cup of Pool 2008** (e)
**01.40 Murder** (6:10) (e)
**02.30 Monitor** (8:8) (e)
**03.00 Online Nation** (3:4) (e)
**03.30 Penn & Teller: Bullshit** (e)
**04.00 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**17.00 Reykjavík – Egilsstaðir**
**17.30 Eldum íslenskt**
**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Reykjavík – Egilsstaðir**
**19.30 Eldum íslenskt**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Reykjavík – Vestmannaeyjar**
**22.00 Neytendavaktin**
**22.30 Óli á hrauni**
**23.00 Reykjavík – Egilsstaðir**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Nýr matseðill
## á Ruby Tuesday

**17 nýir réttir til að gæða sér á**
**Komdu í heimsókn**



**RubyTuesday**
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

PIPAR • SÍA • 91265

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### Ocean's Thirteen

Þriðja myndin um glæpagengi Dannys Ocean sem ákveður enn og aftur að láta til skarar skríða og fremja stærsta ránið til þessa. Myndin skartar rétt eins og þær fyrri þekktustu leikurum Hollywood, George Clooney, Brad Pitt og Matt Damon, og nú hefur Al Pacino bæst í þennan fríða flokk.



**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

## Ísland - Serbía, beint

**Sjónvarpið kl. 13.45**

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu leikur lokaleik sinn fyrir EM í Finnlandi gegn Serbíu á Laugardalsvellinum í dag. Leikurinn er fyrsti leikur Íslands í undankeppni heimsmeistaramótsins sem fram fer í Þýskalandi árið 2011. Sjónvarpið sýnir beint frá leiknum, sem hefst kl. 14.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ísland og Evrópusambandið
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Með laugardagskaffinu
**15.35** Stiklur úr furðum hversdagsins
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Í boði náttúrunnar
**17.05** Húslestrar á Listahátíð 2009
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Jacqueline du Pré
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Tríó
**21.30** Án ábyrgðar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Gullöld revíunnar
**23.10** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Nágrannar** Lífið í Ramsey-götu gengur sjaldnast sinn vanagang enda eru í búar þar einkar skrautlegir og skemmtilegir.
**16.20 Nágrannar**
**16.40 Nágrannar**
**17.00 Nágrannar**
**17.20 Nágrannar**
**17.40 ER** (2:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.30 Ally McBeal** (13:21) Ally á í vandræðum með ákafan aðdáanda í þættinum í dag og John fær það á tilfinninguna að Nelle sé snobbuð. Það er líka komið að uppgjöri í hjónabandi Georgiu og Billys.
**19.15 X-Files** (24:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
▶ **20.00 So You Think You Can Dance** (16:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Allt byrjaði þetta á prufunum sem fóru fram í fjórum borgum. Að loknum prufunum var skorið niður þangað til eftir voru tíu stelpur og tíu strákar sem komust í sjálfa úrslitakeppnina.
**21.25 So You Think You Can Dance**
**22.10 Stelpurnar** (10:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af íslensku grínþáttunum Stelpurnar sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.
**22.35 ER** (2:22)
**23.20 Ally McBeal** (13:21)
**00.05 X-Files** (24:24)
**00.50 Stelpurnar** (10:20)
**01.15 Sjáðu**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** My Hero **10.50** My Hero **11.20** My Hero **11.50** EastEnders **12.20** EastEnders **12.50** EastEnders **13.20** EastEnders **13.50** Dalziel and Pascoe **14.40** Dalziel and Pascoe **15.30** Doctor Who **16.15** My Hero **16.45** My Hero **17.15** Hotel Babylon **18.10** Judge John Deed **19.00** The Jonathan Ross Show **19.50** Dalziel and Pascoe **20.40** Dalziel and Pascoe **21.30** Waking the Dead **22.20** Hotel Babylon **23.15** Judge John Deed

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Ungdomsredaktionen præsenterer. Roskilde Festival **11.00** Hovdingebold **11.45** En lille reminder **12.00** Talent 09 **13.05** Bridget Jones' dagbog **14.40** Min store drom **15.10** For sondagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Den travle by **16.00** Dronningens elefanter **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Det vilde Kina **18.00** Merlin **18.45** Kriminalkommissær Barnaby **20.20** Man kalder mig MISTER Tibbs! **22.05** Conviction **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**12.45** Verdensserien i sandvolleyball, Kristiansand **13.40** Billedbrev fra Europa **13.50** 4-4-2 **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** Lykke er **16.30** VM friidrett **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** VM friidrett **19.50** 20 sporsmål **20.15** Sjukehuset i Aidensfield **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kaptein Corellis Mandolin **23.20** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**13.10** Packat & klart sommar **13.40** Skenet bedrar **14.10** Berulfsens pengabinge **14.40** Strömsö **15.20** AnneMat **15.50** Helgmålsringning **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.15** Friidrott **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Friidrott **20.00** Kriminaljouren **20.45** Motor **21.30** Pistvakt **22.00** Sjukan **22.30** Waiting for Guffman **23.50** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN



*Davíð Berndsen*

**Aldur:** 24 ára.
**Búseta:** 101 miðbærinn.
**Starf:** Tónlistarmaður og hljóðmaður.
**Stjörnumerki:** Vatnsberi.
**Fjölskylda:** Bróðir minn, Viðar Berndsen, og svo mamma og pabbi.

Davíð Berndsen hefur vakið athygli fyrir myndbandið við lagið Supertime.

# Íslenskir grínarar hrifnir af Jack Bauer

„Þeir eru ekki með sama „skets“ og eru með sinn í allt öðru „konsepti“,“ segir Friðrik Ágústsson, viðskiptastjóri hjá auglýsingastofunni Jónsson & Le‘macks.

Grínatriði sem Steindi Jr. gerði fyrir sjónvarpsþáttinn Monitor á SkjáEinum þykir svipa til nýrrar sjónvarpsauglýsingar sem Jónsson & Le‘macks vann fyrir Stöð 2 þar sem Jack Bauer úr þáttunum 24 kemur við sögu. Í atriðinu hjá Steinda er hann klipptur inn í grimmilega yfirheyrslu þar sem Bauer setur poka yfir hausinn á honum. Bauer er einnig klipptur inn í auglýsingu Stöðvar 2 en Friðrik telur að um hreina tilviljun sé að ræða. „Þetta er hugmynd sem kom frá okkur á vormánuðum og upptökur hjá okkur fóru fram á miðju sumri,“ segir Friðrik og útilokar að hugmyndin hafi verið fengin að láni frá Steinda. Hann bætir við að svipuð herferð í tengslum við enska boltann hafi hafist fyrir þremur vikum, löngu áður en grínatriðið frá Steinda fór í loftið.

Steindi útilokar sjálfur að hafa stolið einu né neinu og telur einnig mögulegt að um tilviljun sé að ræða. „Ég er með nóg í pokahorninu og ég þarf ekkert að vera að stela af neinum,“ segir hann.

Steindi var boðaður á fund hjá Jónsson & Le‘macks í gær þar sem farið var yfir málið og skildu allir sáttir samkvæmt Friðriki. **- fb**



**BAUER VINSÆLL** Steindi Jr. hefur vakið mikla athygli fyrir grínatriði sín í sjónvarpsþáttunum Monitor. Þar er hann yfirheyrður af Jack Bauer. Sama hugmynd mun vera notuð í auglýsingu Stöðvar 2. Þar mun Georg Bjarnfreðarson koma við sögu. Báðir aðilar neita að hafa stolið hugmyndinni.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** endafjöl, **6.** þys, **8.** skáhalli, **9.** varkárni, **11.** samanburðart., **12.** hestur, **14.** ástaratlot, **16.** býli, **17.** sarg, **18.** annríki, **20.** samtök, **21.** land í Asíu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** korntegund, **3.** frá, **4.** brjósthimna, **5.** gæfa, **7.** biðja innilega, **10.** blekking, **13.** spil, **15.** seytlar, **16.** ófarnaður, **19.** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gafl, **6.** ys, **8.** flá, **9.** gát, **11.** en, **12.** gráni, **14.** blíða, **16.** bæ, **17.** urg, **18.** önn, **20.** aa, **21.** laos.

**LÓÐRÉTT: 1.** bygg, **3.** af, **4.** fleiðra, **5.** lán, **7.** sárbæna, **10.** tál, **13.** níu, **15.** agar, **16.** ból, **19.** no.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Um 3.000 manns.
2. Mjóafjarðarbrú.
3. Geirfuglarnir.

MULTILASER
Gæða ljósritunarpappír
Svansmerktur

Gunnar Eggertsson hf.
Sími 525-3800
ge@ge.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**SJÓNVARPSSTJÓRINN OG HELSTU STJÖRNUR STÖÐVARINNAR**
Munu allir koma að hinu risavaxna verkefni sem Stöð 2 nú ræðst í með að fljúga vel rúmu hundraði Íslendinga til Argentínu þar sem tekin verður íslensk útgáfa af hinum vinsælu Wipeout-þáttum.

PÁLMI GUÐMUNDSSON: FLÝGUR MEÐ ÞÁTTTAKENDUR TIL BUENOS AIRES

# Íslenskt Wipeout í Argentínu

„Við munum auglýsa eftir þátttakendum auk þess sem við sérveljum nokkra,“ segir Pálmi Guðmundsson sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

Það stendur mikið til á Stöð 2 sem horfir nú fram á risavaxið verkefni sem ákveðið hefur verið að ráðast í. Tekist hafa samningar við rétthafa hinna vinsælu sjónvarpsþátta „Wipeout“ – sem áhorfendur Stöðvar 2 þekkja svo vel – um gerð íslenskrar útgáfu þessara þátta. Fyrir þá sem ekki þekkja ganga þættirnir út á eins konar vatns-leðju-þrautakóng í nokkrum umferðum og detta keppendur út þar til einn stendur eftir sem vatns-þrautakóngur. Tökur fara fram í byrjun október og verða þættirnir á dagskrá Stöðvar 2 fljótlega eftir áramót. Ekki verður ráðist í að smíða umgjörð eða þrautabraut hér heldur á að fljúga með þátttakendur til Buenos Aires í Argentínu. Þar er að finna heimsins stærstu þrautabraut. Þarna eru bandarísku og bresku þættirnir teknir upp. Og sá íslenski. „Aldrei áður hefur íslensk sjónvarpsstöð fengið að taka upp þáttaröð í erlendri sviðsmynd. Þessir þættir hafa farið sigurgöngu um heiminn þó hugmyndin að þeim sé ekki nema eins og hálfs árs gömul,“ segir Pálmi. Þátttakendur verða hundrað og tuttugu talsins og verður auglýst eftir þeim sérstaklega í lok þessa mánaðar og sitja umsækjendur meðal áskrifenda Stöðvar 2 fyrir. Má búast við því að handagangur verði í öskjunni því þeir fá flug sér að kostnaðarlausu sem og gistingu og uppihald í Buenos Aires. Auk þess verða nokkrir þátttakenda sérvaldir meðal þekktra Íslendinga og Pálmi segir að leitað verði til fólks úr pólitík, skemmtibransanum, íþróttamanna og kynlegra kvista sem og hins almenna borgara.

Spurður um kostnað segir Pálmi hann verulegan, á því sé engin launung, en samt sé það svo að talsvert ódýrara sé að vinna þættina úti í Argentínu og flytja mannskapinn út en smíða leikmyndina hér heima. „Við byggjum loftbrú milli Keflavíkur og Buenos Aires,“ segir Pálmi.

Í þáttunum leika kynnar stórt hlutverk og er ekki búið að ganga frá neinu í þeim efnum. Verið var að ganga frá samningum og nú er verið að skipa í hlutverk. En eftir því sem Fréttablaðið kemst næst stendur valið á milli þeirra tveggja dúetta sem Stöð 2 hefur reitt sig hvað helst á að undanförnu: Sveppa & Audda eða Simma & Jóa.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stöðvar 2 menn gera sér miklar væntingar til þess að þáttaröðin Ástríður, sem senn verður á dagskrá Stöðvar 2, muni hitta í mark meðal sjónvarpsáhorfenda, svo mjög að nú þegar er verið að leggja drög að framhaldi. Og sitja þær nú yfir því vinkonurnar **Ilmur Kristjánsdóttir**, sem er í aðalhlutverki, og leikstjórinn Silja Hauksdóttir. Talsvert er um liðið frá því tökum lauk en eftirvinnslan hefur tekið tímann sinn.



Ókrýnd sultudrottning Íslands, **Dísa Anderiman**, stendur tíunda sinni fyrir sérlegri sultukeppni á hinum ágæta útimarkaði í Mosfellsdal. Fréttablaðið fjallaði um það og hinn heillandi heim sultugerðarinnar í frétt í gær – en svo slysalega vildi til að skilja má á fréttinni að keppnin fari fram í dag en ekki 29. þessa mánaðar sem er raunin. Menn hafa þá borð fyrir báru í sultugerðinni en Dísa hefur uppi stór orð um linku annarra sveitarfélaga og getuleysi karlmanna í tengslum við keppnina – en konur í Mosó hafa einokað hana frá upphafi.

Nú sér fyrir enda á ritun ævisögu **Magnúsar Eiríkssonar** sem einlægur aðdáandi Magnúsar, útgefandinn Tómas Hermannsson, skráir. Verklagið hefur verið að þeir keyra um og segulbandið rúllar meðan Magnús segir frá litríkri ævi sinni. Þeir ætla nú um helgina að keyra 1.500 kílómetra, til Hafnar í Hornafirði þar sem haldnir verða tónleikar og aftur á Hallormsstað næsta dag. Slá má á að þeir félagar hafi keyrt um sjö þúsund kílómetra við ritun bókarinnar, sem er líkt og að fara hringveginn fimm sinnum. **- jbg**



# Friðrik Þór og von Trier í startholunum

Kvikmyndaleikstjórarnir Friðrik Þór Friðriksson og Lars von Trier opna myndlistarsýningu saman í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í byrjun september. Þar verða sýnd málverk sem máluð hafa verið upp úr kvikmyndum þeirra. Sýningin kallast Börn náttúrunnar vs. Antíkristur og vísar nafnið til þekktustu myndar Friðriks og nýjustu myndar von Triers. „Þeir hafa hvor um sig valið sex ramma úr þessum kvikmyndum og þeir voru síðan málaðir í Kína. Listaverkin urðu til hjá handverksmönnum þar, í anda fjöldaframleiðslu eins og bíómyndir eru gerðar,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri hjá Listasafni Reykjavíkur.

Sýningin verður opnuð 3. september og undirbúningur er því á lokastigi. Verkin eru á leið til landsins frá Kína, en verk von Triers koma fyrst við hjá honum í Danmörku. Verkin eru reyndar engin smásmíði, 2,80 metrar sinnum 3,20. Soffía segir að verkin komi ekki fullmótuð frá verktökunum í Kína. Listamennirnir Friðrik og von Trier fái verkin í hendur og setji þá handbragð sitt á þau; einhvers konar fingrafar eða undirskrift. Ari Alexander hefur auk þess tekið saman eins konar sinfóníu úr verkum leikstjóranna beggja og verður því verki varpað á skjái í sýningarsalnum.

Sýningin er haldin á sama tíma og RIFF og Nordisk Panorama og verður sameiginleg dagskrá í Hafnarhúsinu af því tilefni. Hins vegar er ólíklegt að Lars von Trier verði viðstaddur opnunina: „Hann er ferðafælinn mjög. Því miður gerum við ekki ráð fyrir því að hann komi,“ segir Soffía. **- hdm**



**STÓR VERK** Hér er ein mynda Friðriks, fræg sena úr Börnum náttúrunnar. Kínverskir verktakar halda verkinu uppi, en það er 2,80 sinnum 3,20 metrar að stærð.


heima
30%
sófar
sófaborð
borðstofuborð
skápar
skenkar
stólar
bókahillur
mottur
silkiblóm
speglar
ljós
klukkur
gjafavara
ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
30%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Öndvegi
rúm
kommóður
rúmfatnaður
koddar
teppi
púðar
30%
glös
diskar
hnífapör
karöflur
bollar
könnur
servéttur
mood
30%
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Öndvegi
BÚUM BETUR
Opið virka daga 10-18,
laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Leiðin að hjarta ferðamannsins*

Þetta er sumarið sem Íslendingum fannst ekki lengur ákjósanlegt að fara til útlanda og ferðuðust heldur um landið sitt. Um leið varð svo undurhagsælt fyrir útlendinga að koma hingað að sveitirnar fylltust líka af þeim. Þegar sú staðreynd hafði runnið upp fyrir mönnum gátu þeir farið að jagast um hversu gott það væri nú, hvort landið þyldi allan þennan ágang. Líklega þarf lengri tíma til að vita það með vissu en af ferðum mínum í sumar að dæma virðist mér nóg að sjá. Flestir vegir eru með miklum ágætum og svo virðist sem sums staðar hafi göng borað sér í gegnum fjöllin þar sem áður buðust aðeins þverhníptir fjallvegir.

**EITT** af því sem gleður ferðalanga þó jafnan mest er þegar þeim býðst eitthvað gott að borða. Og ekki þarf það að vera flókið. Flatbrauð með hangikjöti og kjötsúpa geta verið svo miklu geðslegri en pulsurnar og hamborgararnir sem flestar vegasjoppurnar selja. Með tímanum er maður farinn að þekkja hvar hægt er að fá sæmilegan mat og hann getur vegið þungt þegar áfangastaðurinn er valinn. Til dæmis togar humarinn á veitingahúsinu Við fjöruborðið mig til Stokkseyrar nokkrum sinnum á ári.

**SÍÐAN** finnst mér líka nauðsynlegt að bregða mér helst árlega á litla kaffihúsið í fjörunni á Hellnum þar sem útsýnið og öldugjálfrið er partur af prógramminu. Sunnudagskvöld nokkurt í júlí snæddi ég þvílíkan herramannsmat á veitingastaðnum Halastjörnunni í Öxnadal að lengi verður í minnum hafður. Í forrétt var svartfugl, lamb í aðalrétt og eftirrétturinn var frumlegur en það var undurgóður hundasúruís. Undir kræsingunum var tónlist Johns heitins Denver leikin af hljómplötum.

**Í SÖMU** ferð bauðst líka dýrindis fiskisúpa í Víðigerði og því engin nauðsyn lengur á að pulsa sig þar upp nema mann einfaldlega langi. Á Höfn í Hornafirði og í Stykkishólmi eru líka afbragðsveitingastaðir, svo ekki sé minnst á Akureyri sem státar af Friðriki V og ekki er svartfuglinn á Bautanum heldur neitt slor. Það er í þágu hvers sveitarfélags að ferðamönnum sé boðið sé upp á sæmilegar veitingar. Því ættu þau að stuðla að því að þar sé rekinn góður veitingastaður þar sem jafnvel er notast við hráefni úr sveitinni. Það má nefnilega leggja á sig kulda, kamra og jafnvel köngulær ef von er á góðri máltíð á áfangastað.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 15. ágúst 2009, 227. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.19 | 13.32 | 21.43 |
| Akureyri | 4.53 | 13.17 | 21.38 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


